



BOLLI DAVÍÐSSON
Gróska hjá íslenskum
frímerkjasöfnurum

Viðtal við hann í virtu bresku frímerkjablaði

FÓLK 34



MUGISON
Semur tónlist fyrir Á
vegum úti

Leikstjórninn Walter Salles hreifst af tónlist hans

FÓLK 34



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

22. janúar 2007 – 21. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Vinnur úr sorginni

Cameron Diaz reynir að jafna sig á skilnaðinum við Justin Timberlake og segir þetta vera gang lífsins. Justin neitar alfarið að tala um skilnaðinn.



FÓLK 24



Ákveðin eldskirn

Fyrsta sólóplata Ólafar Arnalds er farin í framleiðslu.

MENNING 22

Þjóðin og beint lýðræði

Stjórnámenn eiga að beita sér fyrir að beint lýðræði verði tekið upp til að auka áhrif landsmanna í mikilvægustu ákvörðunum þjóðarinnar segir Össur Skarphéðinsson.

Í DAG 16




Jói Kalli til Burnley

Jóhannes Karl Guðjónsson mun í dag ganga til liðs við Burnley á Englandi ef ekkert óvænt kemur upp á.

ÍÞRÓTTIR 57

VEÐRIÐ Í DAG



HLÝNAR - Í dag verða vestan 5-13 m/s, hvassast í kvöld og þá einkum á annesjum norðan til og á Vestfjörðum. Bjart austan til, annars skýjað og úrkomulítið. Hlánar vestan til síðdegis eða í kvöld, annars minnkandi frost.

Hjálmarí hafnað og hættir

„Dreg mig í hlé sáttur,“ segir Hjálmar Árnason sem ætlar að hætta í stjórnárum. Hann sóttist eftir fyrsta sæti í prófkjöri Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi, en endaði í þriðja. Guðni Ágústsson varð í fyrsta sæti.

STJÓRNÁR Hjálmar Árnason, alþingismaður og formaður þingflokks Framsóknarflokksins, hefur ákveðið að hætta í stjórnárum.

Þessa ákvörðun tilkynnti hann í gær eftir að úrslit voru kynnt í prófkjöri framsóknarmanna í Suðurkjördæmi, sem fram fór í fyrradag. Þar varð Hjálmar í þriðja sæti, en sóttist eftir því fyrsta. Hann segist ætla að ljúka núverandi kjörtímabili, en hætta afskiptum af stjórnárum eftir það.

Guðni Ágústsson, landbúnaðar- ráðherra og varaformaður Framsóknarflokksins, hlaut afgerandi

kosningu í fyrsta sæti framboðslistans, en Bjarni Harðarson ritstjóri lenti í öðru sæti. Sem fyrr segir varð Hjálmar í þriðja sæti. Eygló Harðardóttir hlaut fjórða sætið, Elsa Ingjaldsdóttir varð í því fimmta og Lilja Hrund Harðardóttir hreppti sjötta sætið.

Metþátttaka var í prófkjörinu en yfir 3.500 manns kusu. Tólf gáfu kost á sér í sex efstu sæti listans. Lokatölur voru kynntar um klukkan sjö í gærkvöldi.

„Hinum pólitíska kafla í mínu lífi er nú lokið og ég yfirgef hann þakklátur,“ segir Hjálmar. „Ég vil gefa öðrum kost á að styrkja list-

ann enn frekar og dreg mig því í hlé mjög sáttur. Ég óska félögum mínum á listanum alls hins besta.“

Hann segist una vel þeirri lýðræðislegu niðurstöðu sem kom fram í prófkjörinu, og að nýr kafla í ævisögu hans muni hefjast að kjörtímabilinu loknu.

„Ég er hræddur og þakklátur,“ segir Guðni Ágústsson. „Ég held að ég hafi aldrei fundið jafn gríðarlegan stuðning við mig og flokkinn hér í kjördæminu eins og ég hef fundið fyrir seinustu daga.“

Hann segir Hjálmar hafa gert sér grein fyrir áhættunni sem

hann tók með því að keppa við ráðherra og varaformann flokksins um fyrsta sætið. „Það voru heilmikil átök á milli stuðningsmanna okkar beggja og það var mikið líf í kosningabaráttunni. Þetta er hans niðurstaða, ég kveð kærán félaga og mun sakna hans.“

Bjarni Harðarson, sem hlaut annað sætið, segir niðurstöðuna ekki beint hafa komið sér á óvart, en hún sé afar ánægjuleg. „Það á enginn neitt í pólitík, það er sífellt barist um stólana og nýir menn eiga möguleika. Það er bara eðlið í þessu pólitíska lífi,“ segir hann.

- sps



VONBRIGÐIN GRÍÐARLEG Alexander Petersson getur ekki leynt vonbrigðum sínum eftir leik Íslands og Úkraínu í gær. Ísland tapaði, 32-29, og þarf nú að vinna Evrópu meistara Frakka til að komast áfram í milliriðlakeppnina.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Ísland tapaði fyrir Úkraínu: Veik von fyrir strákana okkar

HANDBOLTI Íslenska karlalandsliðið í handknattleik tapaði í gær fyrir Úkraínu, 32-29. Frammi- staða liðsins var ekki góð og nánast allir leikmenn liðsins langt frá sínu besta. Fyrir vikið á Ísland nú veika von um að komast áfram í milliriðlakeppnina. Til þess verður landsliðið að vinna Evrópu- meistara Frakka í dag.

Strákarnir höfðu eins marks forystu í hálfleik en allur botn datt úr leik liðsins í síðari hálfleik, bæði í vörn og sókn. Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari sagði eftir leik að sínir menn hefðu „framið sjálfsmorð“ í leiknum.

Guðjón Valur Sigurðsson tók í svipaðan streng. „Vörnin var léleg, markverðirnir voru lélegir. Sóknin var ömurleg og mér fannst þetta hreint út sagt ömurlegt,“ sagði hann.

Ólafur Stefánsson fyrriliði var ekki til viðtals eftir leik en eins og gefur að skilja átti hann mjög erfitt með að sætta sig við úrslit leiksins.

- esá / sjá síður 58 og 59.

Skoðanakönnun Fréttablaðsins um Ríkisútvarpið á auglýsingamarkaði:

RÚV keppi ekki við einkafyrirtæki

SKOÐANAKÖNNUN Meirihluti, eða 62,1 prósent, vill ekki að Ríkisútvarpið keppi við einkarekin fyrirtæki á auglýsingamarkaði, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 37,9 prósent sögðu hins vegar að Ríkisútvarpið ætti að halda áfram á auglýsingamarkaði.


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segist fagna því að menn tjái sig og hafi skoðun á Ríkisútvarpinu. „Ég hef margoft sagt að menn eigi að ræða frekar

hvernig hlutverk Ríkisútvarpsins eigi að vera á auglýsingamarkaði. Við vorum ekki reiðubúin að taka það skref að sinni, af því að þá hefði þurft að hækka nefskattinn sem því nemur. Einhvers staðar að verða þessar 900 milljónir að koma.“

Þorgerður segir unnið að því að takmarka sókn Ríkisútvarpsins á vefmiðlum og á kostunarmarkaðum um leið og því sé gert kleift að stanfs undir menningarhlutverki sínu.

- ss / sjá síðu 4v

Á RÚV AÐ KEPPA VIÐ EINKAREKIN FYRIRTÆKI Á AUGLÝSINGAMARKAÐI?




SAMKVÆMT KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS 20. JANÚAR 2007

Risaútsala **80%** Ellingsen

Íslenska á vinnustað - já takk

Aðildarfyrirtæki SI eru hvött til að bjóða erlendu starfsfólki kennslu í íslensku. Hægt er að sækja um styrk til þess hjá menntamálaráðuneytinu. Umsóknarfrestur rennur út 2. febrúar nk. Sjá nánar á www.rmm.is

SI Samtök iðnaðarins



Uppbókað fyrir vestan

„Starfsmenn Lýsingar unnu hratt og örugglega úr umsókn okkar um fjármögnun vegna bátaútgerðar til sjóstangaveiða fyrir þýska ferðamenn á Vestfjörðum. Á síðasta ári gerðum við út 11 báta en næsta sumar verða þeir 21 á sjó.“

Finnur Jónsson, Próton ehf



Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

LYSING

LYSING.IS // 540 1500

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	69,43 69,77
Sterlingspund	136,91 137,57
Evra	89,96 90,46
Dönsk króna	12,067 12,137
Norsk króna	10,767 10,831
Sænsk króna	9,872 9,930
Japanskt jen	0,5723 0,5757

SDR	103,62	104,24
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	123,8134	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		



Á KAJAK Í FROSTI OG KULDA Porvaldur Sturluson, til vinstri, og Arnar Már Ottóson bera kajakka sína í snjónum í Nauthólsvík. Bjart og fallett veður var til kajakróðurs. Að sögn Porvalds gera kajakráðarar oft út frá Nauthólsvík og fara jafnvel alla leið út að Álftanesi og Gróttu.

Þorlákshafnarbruni í rannsókn lögreglu á Selfossi:

Einn í gæsluvarðhaldi eftir íkveikju

LÖGREGLUMÁL Maður á þrítugsaldri hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til tveggja vikna í tengslum við bruna sem kom upp í íbúðarhúsi í Þorlákshöfn aðfaranótt laugardags. Maður og kona eru einnig í haldi lögreglu í tengslum við málið. Talið er að kveikt hafi verið í húsinu.


Í húsinu kviknaði um klukkan fjögur aðfaranótt laugardags. Enginn var í íbúðinni sem kveikt var í, en hún brann til kaldra kola. Hinum megin í húsinu var kona með tvö börn, og komust þau

klakkaust út. Maðurinn sem situr í gæsluvarðhaldi var handtekinn á laugardag þar sem hann reyndi að nota greiðslukort sem stolið var úr húsinu í verslun í Reykjavík. Þýfi úr húsinu fannst við húleiti á heimili unnustu hans. Hún er í haldi lögreglu og verður gerð krafa um gæsluvarðhald yfir henni. Þriðji maðurinn er einnig í haldi, grunaður um aðild.

Sautján ára stúlku og tvítugum karlmanni sem einnig voru handtekin vegna málsins, hefur verið sleppt.

FYLGJI STJÓRNMAFLÖKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú?



Leiðrétt tafla í fylgiskönnun:

Vinstri grænn síðastur inn

SKODANAKÖNNUN Rangar tölur birtust með súluritu um fylgi stjórnmálaflokka á forsiðu Fréttablaðsins í gær. Réttar tölur eru; B 7,4%, D 40,2%, F 10,0%, S 21,2%, V 19,4%. Aðrir mældust með 1,7% fylgi. Samanlagður þingmannafjöldi í grafi var 62 þingmenn en ekki 63. Skýring þess er að samkvæmt könnuninni ætti einn þingmaður að falla framboði aldraðra og/eða öryrkja í skaut, ef landið væri eitt kjördæmi.

Miðað við dreifingu fylgisins á kjördæmin myndi það þó ekki duga til að koma manni að í neinu þeirra. Næsti þingmaður inn yrði þingmaður Vinstri grænna, en verulega lítil munur er á 13. þingmanni Vinstri grænna, 27. manni Sjálfstæðisflokks og fimmta manni Framsóknarflokks.

LEIÐRÉTTING

Í frétt um rektorsskipti í Háskólanum í Reykjavík var rangleiga sagt að Guðfinna Bjarnadóttir ætlaði að taka sér leyfi frá störfum vegna framboðs til Alþingis í komandi kosningum. Hið rétta er að hún er hefur látið af störfum sem rektor Háskólans í Reykjavík. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

Vilja auglýsingar burt af RÚV

62 prósent svarenda í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segja að Ríkisútvarpið eigi ekki að keppa við einkarekin fyrirtæki á auglýsingamarkaði. Einungis meirihluti stuðningsfólks Framsóknarflokksins vill að Ríkisútvarpið sé á auglýsingamarkaði. Meirihluti þeirra sem segjast myndu kjósa annan flokk vill það ekki.

SKODANAKÖNNUN Meirihluti svarenda, eða 62,1 prósent, í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segir að Ríkisútvarpið eigi ekki að keppa við einkarekin fyrirtæki á auglýsingamarkaði. 37,9 prósent svara því til að Ríkisútvarpið eigi að vera áfram á auglýsingamarkaði.


Konur eru frekar á því en karlar að Ríkisútvarpið eigi ekki að keppa á auglýsingamarkaði við

einkarekin fyrirtæki. 63,9 prósent kvenna segjast ekki vilja að Ríkisútvarpið sé í þessari samkeppni, en 60,4 prósent karla. Lítil munur er á skoðunum fólks eftir búsetu, 62,5 prósent þeirra íbúa sem búa á höfuðborgarsvæðinu og tóku afstöðu til spurningarinnar sögðust ekki vilja að Ríkisútvarpið væri í samkeppni við einkarekin fyrirtæki um auglýsingar, en 61,6 prósent íbúa utan höfuðborgarsvæðisins.

Ef lítið er til afstöðu fólks eftir því hvaða stjórnmálaflokk það segist myndu kjósa ef boðað væri til kosninga nú, er stuðningur Framsóknarfólks mestur við að Ríkisútvarpið sé á auglýsingamarkaði. Meirihluti stuðningsmanna Framsóknarflokksins, eða 55,9 prósent, vill að Ríkisútvarpið sé á auglýsingamarkaði, en 44,1 prósent vill það ekki.

Stuðningsfólk Frjálslynda flokksins skiptist í tvær jafnar fylkingar í afstöðu sinni til spurningarinnar. 50,0 prósent þess segjast vilja að Ríkisútvarpið sé áfram í samkeppni á auglýsingamarkaði og 50,0 prósent eru því mótfalln.

61,6 prósent stuðningsfólks Sjálfstæðisflokksins vilja ekki að



Ríkisútvarpið sé á auglýsingamarkaði, en 38,4 prósent segjast vilja að Ríkisútvarpið keppi við einkarekin fyrirtæki á auglýsingamarkaði.

Tæplega tveir þriðju þeirra sem segjast myndu kjósa Vinstri græn vilja Ríkisútvarpið af auglýsingamarkaði eða 66,3 prósent. 33,7 prósent stuðningsfólks Vinstri grænna vilja að Ríkisútvarpið sé enn á auglýsingamarkaði.

Minnstur er stuðningur meðal kjósenda Samfylkingar við að Ríkisútvarpið keppi við einkarekin fyrirtæki á auglýsingamarkaði og segjast einungis 22,3 prósent þeirra að svo eigi að vera. 77,7 prósent stuðningsfólks Samfylkingar eru því hins vegar mótfalln.

Þeir sem segjast myndu kjósa eitthvað annað en þá stjórnmála-

flokka sem nú eiga fulltrúa á Alþingi skiptust jafnt á milli þeirra sem vilja að Ríkisútvarpið keppi á auglýsingamarkaði og þeirra sem vilja það ekki. Hafa skal samt í huga að þessi hópur var mjög lítil.

Af þeim sem ekki gáfu upp hvaða stjórnmálaflokk þeir myndu kjósa, segjast 39,5 prósent þeirra að Ríkisútvarpið eigi að keppa á auglýsingamarkaði, en 60,5 prósent eru því mótfalln.


Hringt var í 800 kjósendur laugardaginn 20. janúar og skiptust svarendur jafn milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var; Á Ríkisútvarpið að keppa við einkarekin fyrirtæki á auglýsingamarkaði. 92,1 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

KEMUR MJÖG Á ÓVART



„Í tveimur Gallup-könnunum 2002 og aftur núna 2006 voru yfir áttíu prósent þjóðarinnar hlynnt því að Ríkisútvarpið væri á auglýsingamarkaði,” segir Páll Magnússon útvarpsstjóri. „Þessi niðurstaða í könnun Fréttablaðsins kemur mér því mjög á óvart. Skyldi hún ráðast eitthvað af því hvernig var spurt og hver spurði?”



„Þetta kemur mér ekki á óvart,” segir Ari Edwald, forstjóri 365. „Ég tel að ef Ríkisútvarpið eigi yfirhöfuð að vera á auglýsingamarkaði þurfi að gera ákveðnar ráðstafanir til þess að sú samkeppni sé á eðlilegri grundvelli heldur en nú er. Það sjá það allir í hendi sér að það er óeðlilegt að einn aðili á markaðnum geti notað skattfé til að búa til áhugaverða dagskrá,” segir Ari. „Ég held að ef umræðan upp á síðkastið hafi náð að skýra einhver efnisatriði, sem hér er um að tefla, þá sé það einmitt þetta atriði. Þess vegna þarf þessi niðurstaða ekki að koma á óvart.”

ÞARF EKKI AÐ KOMA Á ÓVART



„Þetta kemur mér ekki á óvart,” segir Ari Edwald, forstjóri 365. „Ég tel að ef Ríkisútvarpið eigi yfirhöfuð að vera á auglýsingamarkaði þurfi að gera ákveðnar ráðstafanir til þess að sú samkeppni sé á eðlilegri grundvelli heldur en nú er. Það sjá það allir í hendi sér að það er óeðlilegt að einn aðili á markaðnum geti notað skattfé til að búa til áhugaverða dagskrá,” segir Ari. „Ég held að ef umræðan upp á síðkastið hafi náð að skýra einhver efnisatriði, sem hér er um að tefla, þá sé það einmitt þetta atriði. Þess vegna þarf þessi niðurstaða ekki að koma á óvart.”

WINDMILL™ HEALTH PRODUCTS

20% afsláttur af öllum Windmill vítamínum*

Windmill HS Ginkgo Biloba örvar blóðstreymið
Windmill HS Milk Thistle er hreinsandi
Windmill HS Cranberry vörn gegn blóðrúðbólgu

Apótekarinn
-lyf á lægra verði!
Noátúni 17 • Smiðjuvegi • Akureyri • Mjódd

VEÐURSPÁ

um hádegi »

um hádegi »

á morgun

miðvikudagur

Stað	3°C skúrir	London 7°C skúrir	Alicante 18°C hálfskýjað
Kaupmannahöfn	3°C skúrir	London 7°C skúrir	Alicante 18°C hálfskýjað
Þórshöfn	2°C snjóél	Paris 7°C hálfskýjað	Mallorca 15°C hálfskýjað
Oslo	-9°C hálfskýjað	Frankfurt 7°C hálfskýjað	Algarve 16°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-3°C snjóél	Friedrichshafen 1°C skúrir	Krit 18°C hálfskýjað
Gautaborg	1°C léttskýjað	Berlin 6°C hálfskýjað	Las Palmas 21°C heiðskirt

Spennandi salatbar

Veldu úr yfir 40 spennandi tegundum
og settu saman þína máltíð á aðeins

399 kr

til dæmis...



Nacho salat

Nachos, guacamole, veislusalat og tómatsalsa



Tófusalat

Tófú marinerað í ananas og karrísósu, risotto og veislusalat



Krabbasalat

Surami, sýrður rjómi, ferskar kryddjurtir og veislusalat



Núðlusalat

Eggjanúðlur, mini maís, kjúklingur, paprika og salat



Grískt fetasalat

Klettsalat, fetaostur, sólburrkaðir tómatar og olía



Spínatsalat

Spínat, tortellini með engiferfyllingu, maís, hummus og paprika



Speltpasta salat

Speltpasta, romain salat, fetaostur, paprika og túnfiskur



Franskt pastasalat

Hvítlauspasta, kús kús, veislusalat og salami



Mexíkanskt baunasalat

Nýrnabaunir, fetaostur, kjúklingabaunir, salami, veislusalat og kjúklingabollur



Heilsusalat

Klettsalat, kjúklingur, kotasæla og maís



Salamisalat

Salami, hvítlaukur, kús kús, brauðteningar og spínat



Skinkusalat

Skinka, fetaostur, romain salat, hnetur og rúsínur



Agúrkusalat

Agúrkur, ætíþistlar, kotasæla, kjúklingur og melónur



Sesar salat

Kjúklingur, parmesan, romain salat brauðteningar og paprika



Ítalskt salat

Tagliatelle, ætíþistlar, skinka, kjúklingabollur og veislusalat



Ávaxtasalat

Melónur, rúsínur, hnetur og klettsalat

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN



Drekkur þú kaffi?

Já	72%
Nei	28%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefurðu séð kynlífsmyndbandið með Guðmundi í Byrginu?

Segðu skoðun þína á visir.isÁ hraðferð í draumalandið:
Lifði af að falla niður 17 hæðir

BANDARÍKIN Bandaríkjamadurinn Joshua Hanson lifði á ótrúlegan hátt af þegar hann féll út um hótélglugga á 17. hæð að því er kemur fram á heimasíðu BBC.

Hanson hafði verið að skemmta sér við drykkju um kvöldið og var á leið á hótélherbergið sitt. Eitthvað lá honum á draumalandið því þegar lyftan stoppaði á 17. hæð tók hann á harðspreti út ganginn þar sem hann missti síðan jafnvægið með þeim afleiðingum að hann féll út um gluggann sem náði frá lofti til gólfs.

Hanson fannst á stéttinni fyrir framan hótelið vafinn inn í skyggnið yfir anddyrinu sem hafði dregið úr fallinu. Var hann með innvortis meiðsl og mörg beinbrot en búist var við því að hann næði sér að fullu.

-sdg

Ungur ökuþór í Reykjavík:
Tók fjölskyldubílinn án leyfis

LÖGREGLUMÁL Lögregla stöðvaði fimmtán ára ökuþór á Kringlumýrarbraut í Reykjavík um klukkan sjö í gærmorgun. Honum var skilað heim til sín við lítinn fögnuð foreldra að sögn varðstjóra. Drengurinn hafði tekið fjölskyldubílinn í leyfisleysi.

Aðfaranótt laugardags var nokkuð erilsöm hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og nokkuð um slagsmál í miðbænum. Þó leið nóttin án þess að nokkur slasaðist alvarlega.

-sps

LÖGREGLUFRETTIR

Milli gáms og skips

Maður um tvítugt slasaðist illa á hendi þegar hann klemmdist á milli gáms og skips við Vesturvör í Kópavogi í gær. Maðurinn var fluttur handarbrotinn á slysaðeild.

ARCTIC WEAR
Vinnuföt - HlífðarfötSamfestingur
stærðir
46-70Regnsett
stærðir
XS-4XL

Góður vinnufélagi

Reykjavík: Hilti, Ísafjörður: Núpur Byggingarvörverslun, Eskifjörður: Hamar

Vesturvör 7 • 200 Kópavogur • Sími: 534-2900

Opið mánud.-föstud. 8-18, laugard. 10-16 og sunnud. 12-16

Risaútsala

AFSLÁTTUR ALLT AÐ

80%

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Þingmaður segir gjöld vegna Ríkisútvarpsins á mannmörg heimili geta stórukist með tilkomu nýrra laga:

Nefskattur bitnar á stórum heimilum

STJÓRNMÁL Nefskattur verður 14.580 krónur á ári á hvern einstakling taki frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið ohf. gildi. Fimm manna fjölskylda á aldrinum 16 til 70 ára gæti þurft að borga nefskatt upp á rúmlega tvöfalda þá upphæð sem hún borgar nú í afnotagjöld.

„Svona gjaldtaka bitnar á mannmörgum heimilum,“ segir Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar.

Nefskattur tengist ekki við-tækjaeign eins og afnotagjaldið og leggst því á alla einstaklinga yfir 16 ára aldri sem greiða tekjuskatt, hafi þeir yfir 850.000 krónur í árs-

tekjur. Fyrirtæki munu aðeins greiða eitt gjald óháð stærð þeirra, að sögn Kristjáns.

Um 2200 einstaklingar á landinu greiddu aðeins fjármagnstekjuskatt á nýliðnu ári, en engan tekjuskatt. Þeir þurfa ekki að greiða nefskattinn.

„Á að setja fyrst einhver vitlaus lög og laga þau seinna meir?“ spyr Kristján.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir fáar fjölskyldur falla í þann flokk sem Kristján ræðir um. „Þetta fer allt eftir tekjunum og meginþorri hinna dæmigerðu fjölskyldna mun hafa léttari greiðslubyrði en áður.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR



KRISTJÁN MÖLLER

Þeir sem ekki hafa yfir 850.000 krónur í árstekjur þurfa ekki að borga nefskattinn,“ segir Þorgerður Katrín.

„Það þýðir ekki að fara að

breyta skattkerfinu í kringum frumvarp um Ríkisútvarpið. Nefskattur miðast einungis við þá sem borga tekjuskatt,“ segir Þorgerður.

-sgj

Tilraunalyf gæti forðað barni frá blindu

Íslensk stúlka er fyrsta barnið og ein örfárra einstaklinga sem hafa fengið lyfið Avastin í Bretlandi. Bresk heilbrigðisyfirvöld gáfu leyfi fyrir því hálf tíma fyrir geislameðferð. Hefði leyfi ekki fengist hefði hún orðið blind innan hálfes árs.

HEILBRIGDISMÁL Tíu ára Grindvíkingur, Guðlaug Erla Björgvinsdóttir, er fyrsta barnið og ein af örfáum einstaklingum í Bretlandi sem hefur fengið leyfi til að fá tilraunalyfið Avastin inn í hægri auga til að reyna að stöðva blæðingu í auganu.

Guðlaug Erla fæddist með æxli í báðum augum og voru æxlin fjarlægð þegar hún var eins og hálfes árs auk þess sem hægri augað var tekið. Hún gekkst undir átta lyfjameðferðir, geislameðferð og þrýsti-meðferð. Í fyrrahaust hófst blæðing við örið í vinstra auga og var hún þá send aftur til Bretlands.

„Það sem er sérstakt í hennar sögu er að nú sjö árum seinna fer sjónin í hennar eina auga að gefa sig. Við vorum hræddust við að aftur hefði myndast æxli og sendum hana þess vegna til augnkrabbameinslæknis sem meðhöndlaði hana í Bretlandi. Hann taldi að svo væri ekki,“ segir Haraldur Sigurðsson augnlæknir.

Haraldur segir að æðagull hafi myndast út frá örinu í hægri auga. Æðar vaxi og leki inn í augað. Guðlaug Erla sé því í geislameðferð til að brenna burt þær æðar sem hafi myndast auk þess sem hún fái lyf til að draga úr myndun æða. Þessa meðferð þurfi hún að fá endurtekið en ekki sé vitað hversu oft eða lengi.

Sigrún Gunnarsdóttir, móðir Guðlaugar Erlu, segir að þegar Guðlaug Erla hafi verið lítil hafi hún verið hætt að fara út og forðast birtu. Það hafi lagast. Í haust hafi augasteinninn hins vegar verið orðinn öðruvísi en venjulega og þess vegna hafi hún leitað til læknis. Hún hafi verið send strax til Bretlands og gengist undir aðgerð 21. desember.

Guðlaug Erla þurfti að fá sérstakt leyfi heilbrigðisyfirvalda í Bretlandi til að fá lyfið og fékkst það hálf tíma fyrir aðgerð. Ef það hefði ekki fengist hefðu læknarnir aðeins beitt geislameðferð og þá hefði hún misst sjónina innan hálfes árs. Guðlaug Erla fær lyf og geislameðferð á sex vikna fresti næstu árin. Ekki skýrist strax hvort meðferðin beri tilætlaðan árangur.

„Hún kvartar ekkert og hefur ekki fundið fyrir neinum neikvæðum áhrifum. Hún hefur bara sagt að verði hún blind þá megi ég ekki finna fót fyrir hana. Þá vill hún fá vinkonu sína í heimsókn áður en hún fer í skólann,“ segir Sigrún.



PURFTI SÉRSTAKT LEYFI Guðlaug Erla þarf að fara á sex vikna fresti í meðferð til Bretlands næstu árin og fær þá meðal annars lyf sem börnum hefur ekki verið gefið áður. Hún þurfti sérstakt leyfi til að fá það. Hér er sú yngsta, Elsy María, í fangi Sigrúnar þá Kolfinna Marta og fremst Guðlaug Erla.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Styrktarrekningur Guðlaugar Erlu er númer 1193-26-1996 og kennitalan er 051278-5509. ghs@frettabladid.is

Hlutfall Íslendinga sem skráðir eru í þjóðkirkjuna hefur lækkað í 82 prósent:

Fjölgar mikið í Ásatrúarfélaginu

TRÚMÁL Fjöldi Íslendinga sem skráðir eru í þjóðkirkjuna hefur haldist nokkuð jafn undanfarið fimm ár, á sama tíma og landsmönnum hefur fjölgað verulega.

Í dag eru um 82 prósent Íslendinga skráð í þjóðkirkjuna, en voru tæp 87 prósent árið 2002, samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands.

Á sama tíma og þessi þróun á sér stað hefur þeim sem skráðir eru í Ásatrúarfélagið fjölgað talsvert.

Félagar voru í desember 2006 orðnir 1.039 talsins, samanborið við 628 fimm árum áður.

Eru þeir nú um 0,34 prósent af landsmönnum öllum, samanborið við 0,22 prósent árið 2002.

Einnig er lítilleg aukning í Fríkirkjusöfnunum þremur, sem



ÁSATRÚARFÉLAGIÐ Meðlimir í Ásatrúarfélaginu eru nú orðnir fleiri en eitt þúsund talsins.


FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

telja nú samanlagt tæplega tuttugasta hvern landsmann.

Þeim sem standa utan trúfélaga hefur fjölgað nokkuð, en eru svipað hlutfall af heildarfjölda Íslendinga. Í lok árs 2006 voru 2,6 prósent utan trúfélaga, og hefur

hlutfallið þokast hægt upp á við frá árinu 2002, þegar 2,33 prósent voru utan trúfélaga.

Fjöldi þeirra sem skráðir eru í önnur trúfélög hefur ýmist haldist svipaður eða minnkað lítillega sem hlutfall af fjölda Íslendinga. -bj



Hæstu yfirdráttarvextir
banka og sparisjóða

Algengir yfirdráttarvextir
banka og sparisjóða

S24

Þú getur **SPARAÐ**
57.000 kr. á ári
með því að vera með yfirdráttinn hjá S24*

Hvernig væri nú að láta peningana fara að vinna fyrir þig?

Sæktu um núna!

www.s24.is



533 2424 – Sætún 1

*M.v. 1 milljón króna yfirdrátt á ári og 18,25% vexti hjá S24 og 23,95% vexti hjá ónefndum fjármálafyrirtækjum
*M.v. að umsækjandi uppfylli skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar



- 1 Fyrir hvað hafði Hrant Dink, tyrkneski ritstjórninn sem var myrtur á föstudag, hlotið dóm?
- 2 Í hvaða veislu skemmti stjórnan Elton John á laugardagskvöld?
- 3 160 ára ártíðar hvaða tónskálds er minnst um þessar mundir?

Bandaríkjastjórn skiptir um skoðun varðandi heimildir til hlerana:

Eftirlitsdómstóll fylgist með

WASHINGTON, AP Ári eftir að upp komst um símhleranir og tölvupóstsniðsnið, sem Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna hefur stundað, hafa bandarísk stjórnvöld nú ákveðið að sérstakur eftirlitsdómstóll, sem þó mun starfa með leynd, hafi eftirlit með hlerunum.

Hingað til hefur George W. Bush jafnan haldið því fram, að hann hafi í krafti embættis síns fulla heimild til að láta fylgjast með bæði símtölum til útlanda og tölvupóstsendingum einstaklinga, sem grunaðir eru um tengsl við hryðjuverkastarfsemi.

Skömmu eftir árástirnar á Bandaríkin haustið 2001 gaf hann með leynd Þjóðaröryggisstofnuninni heimild til þess að stunda slíkar niðsnið. Nú hefur hins vegar Alberto Gonzales dómismálaráðherra tilkynnt að nýi eftirlitsdómstóllinn, sem sjálfur mun starfa með leynd, þurfi að veita stofnuninni heimild til slíkra niðsniða.

Bandarísku mannréttindasamtökin ACLU hafa



ALBERTO GONZALES Dómismálaráðherra segir að leyndlegur dómstóll fái eftirlitshlutverk með umdeildri hleranastarfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

harðlega gagnrýnt þessa niðsniðastarfsemi og segja að tilkynning dómismálaráðherra sé ekkert annað en yfirklor.

„Þjóðaröryggisstofnunin gerði þetta ólöglega og þetta útspil á síðustu stundu er greinilega tilraun til að forðast eftirlit dómstóla og þings,“ segir í tilkynningu frá ACLU.

-gb

Sprengjuárásirnar í Taílandi: Fimmtán handteknir í Bangkok

TÆLAND, AP Lögregla í Taílandi hefur tilkynnt að fimmtán manns séu í haldi vegna sprengjuárása sem felldu þrjá og særðu tugi í Bangkok á gamlárskvöld. Meðal handtekinna eru yfirmenn úr hernum.

Hátt í hundrað lögreglumenn og hermenn leituðu manna á átján stöðum í borginni á laugardag. Ekki hafa enn verið gefnar út ákætur.

Her Taílands hafði lýst því yfir í kjölfar árásanna að stjórnvaldamenn og herforingjar hliðhollir Thaksin Shinawatra, fyrrverandi forsætisráðherra, stæðu á bak við árástirnar.

-sgj

Sókn fyrir Island allt




Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar og frambjóðendur flokksins bjóða til opinna funda um **jöfn tækifæri allra landsmanna**

- ✓ Akureyri • 10. janúar kl. 20 • Hótel KEA
- ✓ Húsavík • 11. janúar kl. 20 • Veitingahúsið Salka
- ✓ Borgarnes • 16. janúar kl. 20 • Hótel Borgarnes
- ✓ Selfoss • 17. janúar kl. 20 • Hótel Selfoss
- ✓ Ísafjörður • 18. janúar kl. 20 • Edinborgarhúsið



- Reykjanesbær • 22. janúar kl. 20 • Víkin
- Sauðárkrókur • 23. janúar kl. 20 • Kaffi Krókur
- Vestmannaeyjar • 25. janúar kl. 20 • Alþýðuhúsið
- Egilsstaðir • 29. janúar kl. 20 • Hótel Hérað

Allir velkomnir



Samfylkingin

www.samfylkingin.is



TAKTSKIPTI HJÁ VALDIMAR Valdimar Leó var í óða önn að æfa sig á trommurnar þegar ljósmyndara bar að garði. Hann segir Frjálslynda flokkinn á góðri siglingu og líklegan til að fella ríkisstjórnina í næstu kosningum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Gengur til liðs við frjálslynda

Valdimar Leó Friðriksson segir Frjálslynda flokkinn koma til með að fella ríkisstjórnina. Hann hefur ekki ákveðið hvar né hvort hann bjóði sig fram.

STJÓRN MÁL Valdimar Leó Friðriksson, fyrrverandi þingmaður Samfylkingarinnar, tilkynnti í Silfri Egils í gær að hann hefði ákveðið að ganga til liðs við Frjálslynda flokkinn. Verða þá fjórir þingmenn í þingflokki á ný, en þar fækkaði um einn þegar Gunnar Örlygsson gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn á kjörtímabilinu.

„Ég er búinn að vera að velja þessu fyrir mér í töluverðan tíma og kíkjá á stefnumálin,“ segir Valdimar, sem er sannfærður um að það verði Frjálslyndi flokkurinn sem náði að fella ríkisstjórnina. Flokkurinn sé á flýgfiferð. „Ég er örugglega ekki eini krattinn sem er að fara yfir í Frjálslynda flokkinn.“

Enn er óráðið í hvaða kjördæmi Valdimar bjóði sig fram fyrir kosningarnar eða hvort hann geri það yfirleitt. Hann segist allt eins geta hugsað sér að láta af þingmennsku og nýta krafta sína til að vinna í nýju félagi frjálslyndra í Mosfellsbæ. „Þetta hefur ekkert verið rætt, enda veit ég ekki við hvern ég ætti að ræða. Það ræðst líklega á landsþinginu. Ég er alveg slakur.“

Valdimar óttast ekki klofning innan flokksins og segist hafa gengið til liðs við flokkinn einmitt fyrir landsþingið til að geta haft áhrif á stefnumótun hans, frekar en að bíða og sjá hvað verði. Hann vill enga afstöðu taka í deilumálum Margrétar Sverrisdóttur og þingflokksins.

Undirbúningur fyrir landsþing Frjálslynda flokksins um næstu helgi gengur vel, að sögn Magnús-



MAGNÚS REYNIR GUÐMUNDSSON Segir fjölmarga hafa gengið til liðs við flokkinn síðustu mánuði.

FRÉTTABLAÐIÐ/WALLI

ar Reynis Guðmundssonar, sem er framkvæmdastjóri flokksins meðan Margrét Sverrisdóttir er í leyfi. Enn sé óvissa um framboð hennar, en Magnús tekur ekki undir vangaveltur um hugsanlegan klofning. „Nei, ég get ómögulega séð að stefni í klofning, ég hef ekki þá tilfinningu. Ég vona að sjálfsgöngu að Margrét verði áfram í flokki, því hún er einn af mættarstólpm hans.“

Annars er Frjálslyndi flokkurinn að eflast mjög, segir Magnús. Allt að fimm hundruð manns hafi gengið í hann á síðustu tveimur mánuðum. Magnús kannast þó ekki við neina sérstaka smölun nýrra flokksmanna, en á landsþinginu komandi hafa nýju félagarnir kosningarétt, sem aðrir félagar. „Þeir sem eru sannarlega skráðir í flokkinn og hafa greitt árgjaldið geta kosið,“ segir Magnús.

klemens@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



OG NÚ ER FJÖR

rýmum fyrir nýjum vörum

Spring Air Never Turn

Dýna botn og lappir
Queen kr. 109.900,-
King kr. 139.900,-



Sængurver

15-30% afsláttur



Hægindastólar

25-30% afsláttur



Gaflar og náttborð

15-50% afsláttur

Svefnsófar

15-30% afsláttur



Gravity Zero

Stillanleg rúm á
ótrúlegu tilboði



Tempur Premium

Örfá eintök af þessu
frábæra stillanlega rúmi
á kr. 360.000,-



Crown heilsurúm

160x200 með botni
og löppum á aðeins
kr. 84.900,-

Lítið útlitsgölluð rúm

á ótrúlegum afslætti - takmarkað magn



Faxafeni 5
Reykjavík
Sími 588 8477
www.betrabak.is

Vörubær
Tryggvabraut 24
Akureyri
Sími 462 1410

Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



HÁSKALEGT ÚTSÝNI Skíðaþjálfarar tylltu sér á trjágreinar til að fylgjast með keppendum æfa sig fyrir skíðamót í Ólupunum frónsku.

NORDICPHOTOS/AFP

Stækkanir Alcan í Straumsvík: Of mikill koltvísýringur losaður

STJÓRNMÁL „Þegar lagðar eru saman tölur um losun koltvísýringa frá verksmiðjunum tveimur



MÖRÐUR ÁRNASON

á Grundartanga, nýja álverinu á Reyðarfirði og Straumsvíkurverinu stækkuðu kemur í ljós að losun verksmiðjanna er umfram „íslenska“ stóriðjuákvæðið sem kveður á um í Kyotosamningunum.“ Þetta segir Mörður Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, en hann hefur lagt fram fyrirspurn til umhverfisráðherra. Í henni spyr hann hvernig eigi að bregðast við því að útreikningar hans sýni að verði Alcan stækkað verði losun verksmiðjanna um 1.642 þúsund tonn á ári en það er 42 þúsund tonn um meira en stóriðjuákvæðið leyfir.

Mörður segir að miðað við þessar tölur sé ekki rúm fyrir stækkinguna í Straumsvík. - kdt

NORÐURLÖND

Ánægja með varnarsamstarf

Finnar og Svíar hafa engar áætlanir um samstarf í vörnum þjóðanna en víðræður þeirra þar að lútandi halda samt áfram. Eftir fund utanríkis- og varnarmálaráðherra þjóðanna lýstu ráðherrarnir yfir ánægju með núverandi samstarf. Þetta kom fram í Helsingin Sanomat.

Heiðar Guðnason hjá Samhjálp segir yfirlækni SÁÁ fara með fleipur:

Samhjálp ekki ofsatrúarsamtök

MEÐFERÐARSAMTÖK Heiðar Guðnason, forstöðumaður meðferðarstofnunarinnar Samhjálp, segir vera óánægður með orð Þórarins Tyrfingssonar, yfirlækni SÁÁ, þess efnis að stofnunin sé ofsatrúarsamtök.

„Þórarinn var með ýmsar fullyrðingar gagnvart okkar starfsemi sem eru beinlínis rangar. Menn hafa svo verið að endurtaka þær rangfærslur í fjölmiðlum,“ segir Heiðar.

Hvítasunnukirkjan stofnaði Samhjálp árið 1973 og sama stjórn er yfir hvoru tveggja. „Þar er þessi tengsl að finna, en starfsemi er aðskilin,“ segir Heiðar. „Við

höfum farið í guðsþjónustur í Fíladelfíu á páskunum og í félagsmiðstöðina okkar koma menn frá samtökunum, en einnig prestar þjóðkirkjunnar. Starfsmenn Samhjálp koma einnig úr fjölmörgum trúfélögum eða standa fyrir utan þau.“

Heiðar segir það virðingarleysi að kalla Hvítasunnukirkjuna ofsatrúarsamtök og bera vott um vanþekkingu. Hún sé kristin fríkirkja, ekki ofsatrúarsamtök.

„Ég er mjög sammála því að meðferðarþjónusta þurfi að vera í höndum fagmanna,“ segir Heiðar. „Hins vegar hefur verið látið að því liggja að Samhjálp vinni ekki



HEIÐAR GUÐNASON Forstöðumaður Samhjálp segir samtökin bjóða upp á fagleg meðferðarúræði.

faglega. Það er arangt. Við vinnum faglega á öllum sviðum sjúkdómsins, þeim andlega, þeim líkamlega og þeim félagslega.“ - sgi

Tölvuhakkarar gera óskunda:

Saka Gorbatsjoff um kúgun

RÚSSLAND, AP Tölvuhakkarar réðust inn á heimasíðu Gorbatsjoff-sjóðsins og sókuðu þar stofnanda hans, fyrrum Sovétleiðtogann Mikhail Gorbatsjoff, um fólkskulega kúgun á lýðræðissinnuðum mótmælendum í Aserbaidsjan árið 1990.

Þúsundur komu saman í Bakú, höfuðborg Aserbaidsjans, í janúar 1990 og kröfðust sjálfstæðis og útleðar til handa sovétum embættismönnum. Herinn braut mótmælin á bak aftur og fórust 130 manns í átökunum. Aserbaidsjan hlaut sjálfstæði ári seinna þegar Sovétríkin liðuðust í sundur. - sgi

Mona Sahlin komin aftur í framvarðasveit

Pólítísk upprisa Monu Sahlin virðist orðin að veruleika því hún verður formannsefni Jafnaðarmannaflokksins í Svíþjóð á flokksþingi í mars. Sahlin sagði af sér sem ráðherra 1995 en hún keypti bleiur og Toblerone á kostnað ríkisins.

SVÍÞJÓÐ Mona Sahlin verður að öllum líkindum næsti formaður Jafnaðarmannaflokksins í Svíþjóð og fyrsta konan til að gegna formennsku í flokknum. Hún var á fimmtudaginn tilnefnd sem eini frambjóðandinn til formanns flokksins á flokksþinginu um miðjan mars. Talið er aðeins formsatriði að ganga frá kjöri hennar.

Mona Sahlin á litríkan feril að baki. Hún byrjaði ung í ungliðahreyfingu flokksins og var yngst allra kjörin á þing 1982, 25 ára gömul. Árið 1990 varð hún vinnu- markaðsráðherra í ríkisstjórn Ingvars Carlsson. Þegar hún svaraði „ég veit ekki“ í sjónvarpsviðtali varð hún stjarna á einni nóttu og varð helsta fyrirseta flokksins á kosningaplakötum.

Mona varð varaforsætisráðherra og almennt álitin næsta forsætisráðherraefni flokksins á eftir Ingvari Carlsson þegar hún varð uppvís að því að hafa notað kreditkort ríkisins í ellefu mánuði í einkaneyslu. Mona hafði tekið út peninga og greitt fyrir bleiur og Toblerone-súkkulaði og fleiri vörur fyrir rúmar 53 þúsund sænskar krónur eða um hálf milljón íslenskra.

Hún sagðist hafa litið á þetta sem fyrirframgreiðslu launa, var ekki ákærð en sagði af sér í nóv-



FORMANNSEFNI MEÐ NÍU LÍF Í PÓLÍTÍK Ákveðið hefur verið að Mona Sahlin verði formannsefni sænskra jafnaðarmanna á flokksþingi í mars. Ef Sahlin nær kjöri, sem þykir öruggt, tekur hún við flokknum af Göran Persson.

ember 1995. „Þetta var ekki versta áfallið í lífi mínu. Það var miklu verra þegar ég missti barnið mitt,“ sagði fjögurra barna móðirin.

Mona Sahlin var talin tilheyra liðinni tíð í sænskri pólítík. Svo reyndist þó aldeilis ekki. Þremur árum síðar var hún komin aftur í ríkisstjórn og nú tæpum tólf árum eftir hneyksli málið er hún komin á toppinn á ný.

„Fyrir rúmum ellefu árum var Mona Ingeborg Sahlin, 49 ára, pólítískt látin,“ sagði Expressen á fimmtudaginn. „Nú verður hún, ef allt gengur eftir, formaður stærsta stjórnmálaflokksins á þinginu. Og

getur orðið næsti forsætisráðherra ef flokkurinn sigrar árið 2010. Þessi sögulega upprisa er einstök í sænskri stjórnmála-sögu.“

Monu Sahlin var líkt við kött með níu líf í sænskum fjölmiðlum á fimmtudag. Hún á mikið af andstæðingum í flokknum, sérstaklega meðal eldri karlkyns þingmanna og sveitarstjórnarmanna auk flokksmanna sem telja hana langt til hægri í flokknum. Vonbrigða gætir meðal kvenna. Mona Sahlin hefur látið lítið fyrir sér fara síðustu ár en þykir vinsæll töffari. ghs@frettabladid.is

Fasteignaverð lækkar:

Spá rólegum markaði í ár

VIÐSKIPTI Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu lækkaði um 0,7 prósent í desember frá nóvember samkvæmt tölum frá Fasteignamat ríkisins. Tölf mánaða hækkun íbúðaverðs mælist um fimm prósent, samanborðið við 35 prósent hækkun árið 2005.

Greiningardeild Kaupþings segir að töluvert hafi dregið úr hækkun íbúðaverðs að undanförunum sem skýrist af hækkanum fjármagnskostnaði og verðbóluskoti á síðasta ári.

Kaupþing spáir að áfram dragi úr verðhækkunum þar sem íbúðalánaveitir muni ekki lækka og reiknar með eins prósent meðalhækkun milli ára. Hins vegar sér bankinn fram á átta prósent meðalhækkun fasteignaverðs árið 2008. - eþa

Breyting á rekstrarformi RÚV: Segja yfirlýsingu engu bæta við

KJARAMÁL BHM og BSRB hafa sent frá sér sameiginlega yfirlýsingu vegna þeirrar yfirlýsingar sem Páll Magnússon útvarpsstjóri sendi starfsmönnum RÚV í nóvember síðastliðnum þar sem hann lýsti yfir að öll kjör starfsmanna myndu halda óbreytt við breytingu á rekstrarformi Ríkisútvarpsins.

Á vef BSRB segir að samtökin séu sammála um að yfirlýsing Páls bæti engu við það sem fram kemur í sjálfu frumvarpinu þrátt fyrir ítrekaðar óskir samtakanna um breytingar. - iáh

LEGACY
SUBARU

„Hey, þetta er Ísland“

www.subaru.is

„Norðurmýrin leynir á sér yfir veturinn. Það munar miklu að drífa almennilega í þessum litlu hallandi götum.“ Subaru eigendur vita að hann er allt öðruvísi en aðrir bílar. „Hann er bara svo öruggur, t.d. þegar maður fer upp í bústað. Krafturinn í honum skemmir samt ekkert fyrir.“ Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að koma fyrst og reynsluaka Subaru.

Sedan verð frá **2.490.000,-** Wagon verð frá **2.640.000,-** Cross Wagon verð frá **2.760.000,-** SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



Subaru er á sérlega góðu verði þessa dagana og að sjálfsgödufylgja frí vetrardekk með.

Spá um efnahagsmál: Hröð hjöðnun verðbólgunnar

VIÐSKIPTI Verðbólga á Íslandi mælist 5,9 prósent á Íslandi samkvæmt samræmri vísitölu neysluberðs í EES-ríkjunum sem Hagstofan birti fyrir helgi. Lækkar hún úr 6,1 prósent í nóvember.

Greining Glitnis telur að verðbólgan muni hjaðna hratt á næstunni. Það komi til vegna lækkunar opinberra áлага á matvæli, samhliða því að nú hægi á vexti hagkerfisins, olíuverð fari lækkandi og áhrifin af gengis-lækkun krónunnar á vísitölu neysluberðs séu að fjara út.

Verðbólgan mælist einungis hærri en hér í Lettlandi, 6,8 prósent, og í Ungverjalandi, 6,6 prósent. Að meðaltali er verðbólgan á evrusvæðinu 1,9 prósent og 2,1 prósent á EES-svæðinu.

- hhs



HERJÓLFUR Ferjugjöld í Herjólf hækka um 11,5 prósent að meðaltali í febrúar.

Milli lands og Eyja: Ferjugjöldin hækka

HERJÓLFUR Ferjugjöld í Herjólf hækka frá mánaðamótum um að meðaltali 11,5 prósent. Guðmundur Petersen, rekstrarstjóri hjá Eimskip, segir að hækkunin sé í samræmi við samning Eimskips við Vegagerðina.

Farið til Vestmannaeyja kostar 2.000 krónur fyrir fullorðinn frá 1. febrúar en kostaði 1.800 krónur áður. Ef notað er afsláttarkort þarf að kaupa 40 einingar. Þrjár einingar duga í eina ferð og kostar ferðin þá 1.215 krónur. Áður kostaði hún 1.080 krónur. Ókeypís er fyrir börn upp að tólf ára aldri. Börn 12-15 ára greiða eina einingu eða 405 krónur fyrir aðra leiðina. Ellilífeyrisþegar sömuleiðis. Einingin kostaði áður 360 krónur.

- ghs



KARL BRETAPRINS Losar af mikið af gróðurhúsalofttegundum að sögn umhverfissinna.

Karl Bretaprins: Skíðaferð aflýst vegna mótmæla

ENGLAND, AP Karl Bretaprins hefur hætt við að fara í hefðbundna skíðaferð til Sviss til þess að vinna gegn losun gróðurhúsalofttegunda. Sífellt fleiri í Bretlandi eru meðvitaðir um neikvæð umhverfisáhrif flugferða og vill Karl fækka þeim skiptum sem hann stígur upp í flugvél.

Ráðherrar og umhverfissinnar gagnrýndu prinsinn fyrir að fljúga til Bandaríkjanna til að taka þátt í verðlaunaathöfn, í stað þess að nýta sér myndsíma. Í bígerð er að birta hversu mikinn koltvísýring ferðir Karls hafa losað út í andrúmsloftið.

- sgi

Varaformaður Læknaráðs gagnrýnir frumvarp heilbrigðisráðherra:

Segir frumvarp Sivjar bastarð

HEILBRIGÐISMÁL Læknafélag Reykjavíkur hvetur heilbrigðisnefnd Alþingis til að skoða vandlega þau til-mæli sem fram koma í nefndaráli Læknafélags Íslands um frumvarp til laga um heilbrigðisþjónustu. Læknafélagið hefur varað við því mikla valdi sem það telur frumvarpið veita heilbrigðisráðherra við skipan og framkvæmd heilbrigðisþjónustunnar. Einnig er gagnrýnt að forstöðumönnum á sjúkrahúsinu sé veitt mikið vald og ábyrgð án þess að nokkrar hæfniskröfur séu gerðar til þeirra. Þetta er meðal þess sem nefnd Læknafélagsins telur mjög gagnrýnisvert við frumvarpið.

Páll Torfi Öundurson, varaformaður Læknaráðs Íslands, segir að gangi lagafrumvarpið í gegn sé það ógn við velferð sjúklinga. „Ef fólk leggst inn á spítala á það að geta treyst því að sá hæfasti sem finnst sé ráðinn við stjórn. Sú krafa er ekki fyrir hendi í frumvarpi heilbrigðisráðherra. Þetta frumvarp er bastarður sem gengur út á að auka völd ráðherra,“ segir Páll.



LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR vill að miklar úrbætur verði gerðar á lagafrumvarpi heilbrigðisráðherra.

Þessu samsinnir Læknafélag Reykjavíkur og segir hagsmunum stofnana ríkisins og forráðamanna þeirra setta í öndvegi á kostnað sjúklinga. Með frumvarpinu sé dregið úr faglegri ábyrgð heilbrigðisstétta.

Leggja stjórnendur Læknafélags Reykjavíkur og Læknaráðs Íslands til að afgangi frumvarpsins verði frestað til að unnt verði að vinna það betur. Ekki náðist í Siv Friðleifsdóttur heilbrigðisráðherra. - kdk

Fuglaflensan skæð í Asíu:

Slátra tæplega 300.000 fuglum

INDÓNÉSÍA, AP Heilbrigðisyfirvöld í Suður-Kóreu hafa fyrirskipað slátrun á 273.000 hænsnfuglum eftir að H5N1-afbrigði fuglaflensunnar kom í ljós á kjúklingabúi.

Enn á eftir að taka ákvörðun um örlög 386.000 annarra hænsnfugla í nágrenninu sem gæti þurft að farga.

Í Indónesíu lést stúlka á föstudaginn af völdum fuglaflensu. Stúlkan, sem var 19 ára gömul, hafði komist í tæri við dauða hænsnfugla og smitast af sjúkdómnum.

Fimm manns hafa látist af völdum flensunnar í Indónesíu það sem af er ári.

- sgi

SKOÐAÐU, VELDU, PANTAÐU! Aldrei fljótlegra að kaupa prentverk

Skýr yfirsýn, aukin verðvitund.

Einfalt að finna þína vöru.

Þú velur þann vinnsluhraða sem þér hentar.

Verð á yfir 1000 prentlausnum.



PRENTLAUSNIR 2007

Pantaðu fleiri eintök á www.odd.is

Prentsmiðjan Oddi ehf. • Höfðabakka 3-7 • 110 Reykjavík • Sími 515 5000 • www.odd.is

„ORÐRÉTT“

Úr takt við tímann?

„Við hjá KSÍ höfum kannski ekki alltaf gert okkur nægilega grein fyrir tíðarandanum og það á við um þetta dagpeningamál. Hér er ekki um meðvitaða mismun að ræða, miklu frekar gáleysi.“

EGGERT MAGNÚSSON, FORMADUR KSÍ, SEGIR MISMUN Á DAGPENINGAGREIÐSLUM TIL KARLA- OG KVENNALANDSLÍÐSINS KOMA TIL AF GÁLEYSI.

Morgunblaðið, 21. janúar.

Með hjartað í réttri bók

„Það er skilyrði í þessu starfi að hjarta og höfuð fylgist að.“

STEINUNN SIGURDARDÓTTIR RITHÖFUNDUR LÆTUR HJARTAÐ EKKI FARA FRAM ÚR HÖFÐINU Í SKRIFUM.

Fréttablaðið 21. janúar.

HVAD ER AÐ FRÉTTA? GUÐRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR SAFNSTJÓRI MINJASAFNSINS Á AKUREYRI

Vill aðstoð við að bera kennsl á fólk

„Þessa daga erum við að taka á móti skólabörnum,“ segir Guðrún María Kristinsdóttir, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, og bætir við að auk þess séu starfsmenn safnsins að undirbúa opnun nýrrar heimasíðu. „Einnig erum við að undirbúa það sem verður í boði í sumar. Við verðum með grunnsýningarnar okkar sem fjalla um sögu Eyjafjarðar og Akureyrar en svo opnar fyrsta sérsýningin um miðjan febrúar sem er sýning á gömlum ljósmyndum, sem eru þó ekkert svo voðalega gamlar,“ segir Guðrún María og bætir við að hún óski eftir að fólk komi og hjálpi við að bera kennsl á fólk á myndunum.

„Einnig erum við að undirbúa messu sem haldin verður í gömlum stíl í Minjasafnskirkjunni þar sem stuðst verður við gamla messuhandbók og söngbók. Þetta verður í fyrsta skipti sem svona messa er haldin en líklega ekki það síðasta.“

Minjasafnið á Akureyri er opið á laugardögum milli 14 og 16 og svo eftir samkomulagi. Guðrún María segir

nemendur á öllum skólastigum duglega að heimsækja safnið og að þeir hafi gaman af. „Börnin láta snjóinn ekki stoppa sig í að heimsækja okkur og þau eru fjölmennasti hópurinn í janúar og febrúar en svo koma flestir gestir á sumrin. Þessi tími fer því í að taka á móti nemendum og svo undirbúa og skipuleggja. Það er nóg að gera og aldrei dauður tími. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og eftirspurnin eftir þjónustu Minjasafnsins er alltaf að aukast sem er ánægjulegt.“



nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL

LÍKNARDRÁP



UNNUR PÁLMAÐÓTTIR
Líkamsræktarþjálfari

Óhugnanlegt og viðkvæmt mál

„Hver og einn á rétt á því að gera það sem hann vill, sama hvort það er að lífa eða deyja,“ segir Unnur Pálmadóttir líkamsræktarþjálfari. „En á móti kemur að það er alltaf óeðlilegt að taka líf annarrar manneskju, jafnvel þótt hún óski þess sjálf. Persónulega er ég á móti líknardrápi en skil að vissu leyti að manneskja sem upplifir sársauka og vanlíðan á hverjum degi vilji enda líf sitt. Ef um væri að ræða einhvern nálægt mér vildi ég að sá einstaklingur fengi að ráða gangi mála sjálfur en held að það væri mjög erfitt fyrir þann sem yrði að framfylgja málinu. Það eru því bæði rök með og á móti líknardrápi. Ef einstaklingur vill deyja finnst mér við verða að hlýta ósk viðkomandi sem gæti verið mjög erfitt ef fjölskylda hans er ósammála og í rauninni þarf að skoða hvert dæmi fyrir sig. Þetta er hálf óhugnanlegt mál og mjög viðkvæmt.“

Ef ég kem að gagni er ég ánægður

Ísak Sigurgeirsson verslunarmaður í Ásbyrgi er þekktur fyrir þjónustulund og hefur ekki vílað fyrir sér að opna verslunina fyrir sveitunga sína þegar vantað hefur nauðsynjar í búíð. Verslunin Ásbyrgi í Kelduhverfi verður lokuð í vetur alla daga nema föstudaga. Eigandinn Ísak ætlar í vetrarfrí og stefnir á heimsókn til fjölskyldu konunnar í Asíu.

„Ég auglýsti framan á hurðinni í október í fyrra að ég myndi loka versluninni yfir vetrartímann alla daga nema föstudaga,“ segir Ísak Sigurgeirsson, verslunarmaður í versluninni Ásbyrgi í Kelduhverfi, sem auglýst hefur nýjan opnunartíma á heimasíðunni kelduhverfi.is. Framvegis mun verða lokað í versluninni nema á föstudögum.

Ísak og eiginkona hans eru á leiðinni í vetrarfrí til Asíu og Ísak hefur engar áhyggjur af að viðskiptavinirnir lagi sig ekki að breyttum aðstæðum. „Nú verða viðskiptavinirnir að koma einu sinni í viku til að sækja mjólkurskammtinn sinn. Þetta kostar skipulag en það er betra að viðskiptavinirnir áætli magnið frekar en ég svo þeir sitji ekki uppi með of miklar birgðir,“ segir Ísak og bætir við að það sé lítið að gera í versluninni yfir vetrartímann enda íbúar Kelduhverfis ekki nema um hundrað talsins auk þess sem stutt sé í verslanir á Húsavík. Hins vegar sé nóg að gera yfir sumartímann enda Ásbyrgi einn af vinsælustu áfangastöðum landsins. „Sveiflurnar verða alltaf meiri og meiri á hverju ári og þótt það hafi verið metsala í sumar minnkar þetta með hverju árinu,“ segir Ísak og bætir við að 75 prósent gesta Ásbyrgis séu



ÍSAK SIGURGEIRSSON, VERSLUNARMAÐUR Í ÁSBYRGI Á aðra fjölskyldu í Asíu sem hann hefur ekki heimsótt síðan 2003, en ætlar nú út í vetrarfrí.

FRÉTTABLAÐIÐ / SIGURÐUR BOGI SÆVARSSON

útlendingar. „Íslendingar fara meira eftir veðrinu og eins og heyrst í útvarpinu er ýmist hlýjast hjá okkur eða kaldast svo það eru sveiflur í því líka.“

Ísak er þekktur í sveitinni fyrir liðleika sinn og þjónustulund. Þrátt fyrir takmarkaðan opnunartíma hafa sveitungar getað stólað á hjálpssemi hans þegar nauðsynjar vanta í búíð. „Ég kann best við þegar fólk hringir á undan sér. Það er ekki hægt að ganga að mér

vísam því ég er ekki alltaf heima. En ef fólk vantar eitthvað finnst mér sjálfsagt að afgreiða. Ef ég kem að gagni er ég ánægður.“

Eins og áður sagði er Ísak á faraldsfæti og mun því ekki afgreiða viðskiptavinina sína tíma. „Ég á aðra fjölskyldu í Asíu og hef ekki heimsótt hana síðan árið 2003. Það mun einhver vakta verslunina fyrir mig en útköllum vegna sigarettupakka verður ekki lengur sinnt. Á heimasíðunni setti


ég inn leiðbeiningar um bensín-sjálfsalann því hann á til að standa á sér vegna ísingar en ég veit að fólk mun bjarga sér,“ segir Ísak og bætir við að hann sé ávallt sáttur við lífið og tilveruna. „Ég er vanur að laga mig að breyttum aðstæðum og það eru engin sárindi þótt tímarnir breytist. Það er samt ýmislegt sem mætti betur fara í pólitíkinni en ég vona að við ráðum við það.“

indiana@frettabladid.is

„Allt annað líf“

Ung stúlka í Reykjavík segir líf sitt hafa breyst eftir að hún fékk sér SKO.

„Ég get til dæmis farið oftast á kaffihús og í bíó. Ég get einfaldlega leyft mér svo miklu meira,“ segir hún. Alls hafa um 5.000 Íslendingar skráð sig í þjónustu SKO síðan í apríl á síðasta ári og ekkert lát virðist vera á æðinu.



„Ég er alsæl,“ segir ung námsmár í Reykjavík.

Slóvenar krýndir sigurvegarar Eurovision 2007

Mikil fagnaðarlæti brutust út í Austur-Evrópu þegar tilkynnt var að samningar hefði náðst um úrslit í Eurovision næstu árin. Samningaviðræður milli austantjaldsþjóðanna hafa staðið í nokkur ár og var aðalþrætufnið hvaða land ætti að vinna fyrst. Loksins var ákveðið að draga og kom nafn Slóveníu fyrst upp úr hattinum. Því næst var varpað hlutkesti til að skera úr um hvort ætti að fara rang- eða réttisels hringinn um Austur-Evrópu og varð réttisels ofan á. Þau tíðindi glöddu Króata sem munu fagna sigri í Eurovision 2008 en Ungverjar sitja eftir með sárt ennið. Þeir munu ekki vinna fyrir en árið 2298, síðastir Austur-Evrópuþjóða.





Í **SIÖUNDA HIMNI** Spænski tennisleikarinn Rafael Nadal hoppar nánast hæð sína í loft þegar hann fagnar stigi á opna ástralska meistaramótinu í tennis.

NORDICPHOTOS/AFP



ÁSA BJÖRK ÓLAFSDÓTTIR FRÍKIRKJU-PRESTUR Segir alla velkomna á 12-spora fundi í Fríkirkjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vikulegir fundir í Fríkirkjunni: Tólf spora kerfi handa öllum

Fríkirkjan í Reykjavík býður upp á 12-spora námskeið í vetur og segir séra Ása Björk Ólafsdóttir að námskeiðið sé ekki endilega hugsað fyrir fíkla eða aðstandendur þeirra, heldur fyrir „venjulegt fólk, alla þá sem vilja ná framförum í lífinu“.

12-sporin voru upphaflega hugsuð fyrir áfengissjúklinga og er rætt um „vanmátt gegn áfengi“ í þeim. Ása segir að nú til dags sé kerfið eitt stærsta kristniboð í heimi og ekki bara fyrir fíkla. Á fundunum verði rætt um „vanmátt okkar vegna aðskilnaðar frá guði“ en ekki áfengi.

Allir sem eru átján ára og eldri eru velkomnir á kynningarfund klukkan sex annað kvöld í Fríkirkjunni í Reykjavík.

- kóp



NÁTTÚRULEG HÆFNI TIL AÐ KOMA Á RÉTTUM TÍMA Í KVÖLDMATINN

Af hverju að sætta sig við það næstbesta þegar þú getur fengið það besta? **Nissan Pathfinder** er rjóminn í 4x4, alvöru jeppi og leiðandi bíll á öllum sviðum, bæði hvað varðar styrk, tækni og fjölhæfni. Pathfinderinn er líkt og skapaður fyrir íslenskar aðstæður og býður upp á frábæra akstursupplifun, hvort sem er á þjóðvegnum, upp til fjalla eða í borginni.

Komdu og reynsluaktu og kynntu þér verðið!

NISSAN PATHFINDER



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akranesi 431 1376

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njarðvík 421 6808

Reykjavík 474 1455

Tala meira. Borga minna.

0,00 kr./mín.
Hringt í SKO GSM-síma

14,90 kr./mín.
Hringt í aðra GSM- og heimasíma

SMS 4,90 kr.
í alla GSM-síma á Íslandi


www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM-þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM-símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO
ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ

Svona erum við

> Fjöldi nemenda í grunnskólum Íslands sem hafa pólsku að móðurmáli



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: KUMBH-HÁTÍÐ HINDÚA Á INDLANDI

Fjölmenasta trúarhátíð heims

Tugmilljónir trúðra hindúa streyma nú að bökkum Ganges-fljóts á Indlandi til að fagna svonefndri Kumbh-hátíð. Stærstu slíku hátíðirnar fara fram á tólf ára fresti.

Hverju er verið að fagna?

Samkvæmt goðafræði hindúa háðu guðir og djöflar orrustu í háloftunum um könnu – eða „kumbh“ eins og það heitir á hindi – fyllta guðlegum safu. Á meðan á orrustunni stóð féllu fjórir dropar af leginum helga til jarðar, einn á hverja af kumbh-hátíðarborgunum fjórum, Nasik, Allahabad, Ujjain og Haridwar, sem allar liggja við hin helgu fljót Ganges og Yamuna. Orrust-

an stóð í tólf guðlega daga, sem samsvarar tólf jarðneskum árum.

Trúaðir hindúar trúa því að með því að laugast í hinu helga vatni hreinsast sálin af drýgðum syndum. Auk þess að hreinsa sjálfa sig með þessum hætti geta pílagrímar tekið „helga dýfingu“ („pavitra dubki“) fyrir hönd vina og vandananna sem ekki áttu þess kost að komast sjálfir á hátíðina.

Hvar fer hátíðin fram í ár?

Í ár fer Kumbh-hátíðin fram í Allahabad, en hún er eins konar „hálf-leikshátíð“ þar sem sex ár eru í næstu stórhátíð

sem fram fer á tólf ára fresti. Reiknað er með að um 60 milljónir pílagríma leggi leið sína í borgina af þessu tilefni þar sex vikur sem hátíðin stendur yfir. Pílagrímar laugast þar sem hin helgu fljót Ganges og Yamuna renna saman, en þar heitir Sangam. Hindúar trúa því að á þessum stað renni líka saman við vatn Ganges og Yamuna goðsagnaáin Saraswati, sem sögð er renna meðanjarðar.

Þótt allir hinir trúðu vilji helst laugast nákvæmlega þar sem fljótin sameinast gerir mannmergöin það að verkom að fólk laugast alls staðar á bökkum fljótanna næst Sangam.

Síðustu „stóru“ Kumbh-hátíðina árið 2001 sóttu um 30 milljónir hindúa. Mergö pílagríma, flestir íklæddir appelsínugulum hempum, sást vel utan úr geimnum.



SPURT & SVARAD

MÁLEFNI VÍMUEFNANEYTANDA OG DRYKKJUSJÚKRA

Parf félagslega endurhæfingu

Þóririnn Tyrfringsson, yfirlæknir á Vogu, segir stjórnvöld skilningslaus á vandamálum áfengissjúklinga og eituryjaneytenda. Hann minnr fólk á að fíkn sé ekki synd heldur sjúkdómur.

ÞÓRIRINN TYRFRINGSSON
Yfirlæknir SÁÁ

Hvað er alkóhólismi?
Það er sjúkdómur, við höfum litið svo á í langan tíma. Stjórnvöld og lög landsins eru miðuð við þá skilgreiningu.

Hver er lækningin?

Það fer eftir því á hvaða stigi áfengissýkin eða fíknin er. Það þarf geðræna og félagslega endurhæfingu hjá bæði drykkjusjúkum og vímuefnaneytendum þegar þeir hafa komist yfir fyrstu fráhrarfs-einkenni og erfiðleikana sem eru fyrstu þrjá mánuðina. Smám saman eignast einstaklingar hæfileika til að fara aftur út í samfélagið eða á viðeigandi stofnun.

Hvað er brynast?

Að menn dragi nú andann og reyni að nálgast vandamálið faglega með samvinnu heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytis sem og sveitarfélaga.

Ungar hestakonur slasast oftast

Langflest hestaslys verða í apríl og maí, og flestir hestamenn slasast um helgi. Þetta kemur fram í nýjum tölum sem Brynjólfur Mogensen, sviðsstjóri lækninga á slysa- og bráðasviði hjá Landspítala-háskólasjúkrahúsi hefur tekið saman.

Í flestum slysum sem koma til kasta slysaðildir eru karlar í meirihluta en í nýjum tölum sem Brynjólfur Mogensen, sviðsstjóri lækninga á slysa- og bráðasviði hjá Landspítala-háskólasjúkrahúsi, hefur tekið saman um slys tengd hestum frá janúar 1999 til júlí 2007 kemur í ljós að þessu er öðruvísi farið í hestaslysum.

Á þessu tímabili eru skráð 1.764 tilvik þar sem áverkar hlutast af völdum hesta. Af þeim voru konur 1.008, eða tæp sextíu prósent, og karlar 756 talsins. Þegar litið er til aldursskiptingar sést að konum er hættara við að slasast á yngri árum. Langflest slysin hjá konum urðu á aldrinum 10 til 34 ára, um sextíu prósent. Körlum virðist hættara við að slasast á miðjum aldri en algengust voru slys hjá körlum 35 til 54 ára.

Einnig kemur fram í tölum Brynjólfs að flest slys verða í apríl og maí. Þarf það ekki að koma á


óvart þar sem hestavertíðin stendur þá sem hæst, flestir hestamenn enn með hesta á húsi og veðrið hentar til útreiða. Þó má telja athyglisvert að hestaslysum virðist ekkert fjölga að hausti þegar bændur og búalið grípa nesti og nýja skó og fara á fjöll að smala kindum og hestum. Þó má slá hér einn varnagla því þessar tölur ná ekki yfir þau tilvik þar sem fólk leitar hjálpar á heilsugæslustöðvum en þar er skráningu mjög ábótavant. Þessar tölur eru því að öllum líkindum aðeins toppurinn á ísjakanum.

Í haust vöknudó spurningar í kjölfar tveggja banaslysa um hvort alvarlegum hestaslysum væri að fjölga. Þetta virðist þó ekki vera raunin ef horft er til skráðra slysa hjá slysaðild. Árið 1999 voru slysin 186 en árið 2005 voru þau 205. Hestaslysum hefur í raun ekki fjölgað mikið á þessum tíma, sérstaklega í ljósi þess að skráðum félögum í Landssambandi hestamanna fjölgaði talsvert á sama tímabili. Á þessum sjö árum fjölgaði slysum smám saman en töluvert dró úr þeim árið 2005. Flest urðu þau árið 2004 en þá voru þau 292.

Algengasta orsök áverka var högg vegna falls af hesti. Slíkt fall getur leitt til alvarlegra áverka þar sem knapi situr hátt og hesturinn er kraftmikil skepna sem getur hlaupið á allt að 50 km hraða á klukkustund. Áverkar á mjöðm og læri voru algengust en þar næst komu áverkar á höfði.

Ekki var mögulegt að fá vitneskju um hlutfall þeirra sem voru með hjálm þegar slysið varð. Ef litið er til erlendra rannsókna er þó hægt að verða nokkurs vísari. Þórir B. Kolbeinsson, yfirlæknir á heilsugæslustöðinni á Hellu, tók saman nokkrar erlendar rannsóknir um hestaslys á nýlegu málþingi um öryggi hestamanna á Selfossi. Í einni rannsókninni kom fram að höfuðáverkar vegna falls af hestbaki eru algengasta dánarorsök tengd hestaslysum. Þá hafi margir af þeim knöpum sem létust af völdum höfuðáverka ekki notað reiðhjálma eða hann losnað af við fallið.

Athyglisvert er að skoða í þessu samhengi tölur um hestaslys í bandarískri rannsókn. Þegar borin voru saman hestaslys árið 1971 og tuttugu árum síðar hafði innlögnunum fækkað um 46 prósent. Á sama tíma voru höfuðáverkar fimm sinnum færri og skýringin á fækkun



slysa að öllum líkindum almennari notkun hjálma.

Árið 1997-1998 var lagt fram frumvarp til laga um hjálmanotkun hestamanna á Alþingi en hún var felld. Samstaða virðist ekki hafa náðst hjá félögum hestamanna eins og Landssambandi hestamanna en tillögur um notkun hjálma hafa verið felldar á landsfundum þeirra. Þetta skýtur nokkuð skökku við ef horft er til þess að Sniglarnir, hagsmunafélag bifhjólanna, stendur fyrir áróðri um að lög verði sett um hlífðarfátnað bifhjólanna.



Í HÆTTU Hestaslysin gera ekki boð á undan sér, en ekki hjálpar til að hafa stórvirkar vinnuvélar á ferð í kringum hestamenn eins og raunin er við Heimsenda í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÚTSALA VALHÚSGÖGN

SÓFAR - SÓFASETT - HORNSÓFAR - TUNGUSÓFAR - SVEFNÓFAR - HVÍLDASTÓLAR - BORDSTOFUHÚSGÖGN - SKAPAR...

www.valhusgogn.is
Rötu um verslunina okkar í röðgeihleim á netinu með nýja 360° síngarferinu okkar. Þetta verður þú að prófa!

Valhúsgögn
Armúla 8 - 108 Reykjavík
Sími 581-2275 ■ 568-5375

Opið: Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16
Sunnudaga 13-16

FRÉTTASKÝRING
SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR
solveig@frettabladid.is

Hafa skal það sem sannara reynist um Glaðheima

UMRÆÐA

Skipulagsmál

Í fjölmiðlum um helgina var fjallað um nýtt skipulag á Glaðheimalandinu í Kópavogi og vinnubrögð í tengslum við þá afgreiðslu.

Breytt aðal- og svæðisskipulag var afgreitt af hálfu Kópavogsbæjar í bæjarstjórn þann 14. nóvember. Fulltrúar Samfylkingarinnar vissu af athugasemdum sem höfðu borist frá Garðabæ í lok október og höfðu verið lagðar fram í skipulagsnefnd. Þar er



GUÐRÚN ARNAR-DÓTTIR

vísad í greinargerð og álitgerð sem bæjarstjórn Garðabæjar hafði látið vinna. Þar er bent á ákveðna annmarka á svo miklu byggingarmagni og komu þá fram efasemdir af hálfu Garðabæinga varðandi umferðarskópun samfara þetta mikilli uppbyggingu. Samkvæmt upplýsingum sem fulltrúar Samfylkingarinnar fengu í skipulagsnefnd bærast

athugasemdirnar of seint og voru byggðar á röngum forsendum. Fulltrúar Samfylkingarinnar óskuðu eftir álitgerðinni sem Garðabæingar byggðu athugasemdir

sínar á en var tjáð að þau gögn væru ekki okkur aðgengileg enda plagg sem Garðabær hefði látið vinna fyrir sig. Ég tók málið upp í bæjarstjórn í desember og ítrekaði þá ósk mína að fá að sjá umrædda álitgerð enda eðlilegt, ef bæjaryfirvöld í Garðabæ gera alvarlegar athugasemdir við skipulagið í Glaðheimum byggða á tilteknum gögnum, að við fáum að sjá þau gögn. Fyrir viku barst mér svo þessi álitgerð og hef ég nú fengið staðfest frá skipulagsstjóra Garðabæjar að álitgerðin ásamt minnisblaði var send með athugasemdunum þann 24. október. Athugasemdirnar skiluðu sér sem sagt til skipulagsnefndar en ekki fylgigögnin, þ.e. álitgerðin ásamt

minnisblaði. Hvers vegna fékk ég ekki umrædda álitgerð eftir að hafa óskað ítrekað eftir henni? Það er auðvitað ámælisvert því athugasemdir Garðabæinga byggja á þessum gögnum.

Það er einnig ámælisvert að bæjaryfirvöld í Kópavogi skyldu ekki hafa upplýst skipulagsstofnun um athugasemdir Garðabæjar þegar þær augljóslega lágu fyrir. Auk þess liggur fyrir í nýlegum kaupsamningi á Glaðheimalandinu, að kaupendur hyggjast byggja þar allt að 180.000 fm í stað 150.000 fm eða um 20% meira byggingarmagn en hingað til hefur verið gert ráð fyrir í skipulagstillögum.

Bæjarstjóri vænir mig um að draga taum Garðabæinga en það

má öllum vera ljóst að skipulagsbreytingar sveitarfélaga eru ekki þeirra einkamál og verða þau að vera samstíga hvað varðar framtíðarskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Í stóru samhengi má lýsa vinnubrögðunum varðandi Glaðheima, bæði uppkaupin sl. vor, skipulagssvæðisins ásamt þeim ruðningsáhrifum sem það hefur á vatnsvernd, vatnsveitu og eignarnám á Vatnsenda, við hraðskák – þar sem leikirnir eru ekki hugsaðir fram í tíman vonandi að við lendum ekki í pattstöðu!

Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn Kópavogs

BRÉF TIL BLAÐSINS

Þingmanni svarað

Guðmundur Ármannsson á Vaði í Skriðdal svarar Jóni Kristjánssyni fyrir hönd Félags um verndun hálendis Austurlands.

Kæri Jón.

Hingað í sveitina fyrir austan berast fréttir stundum seint og síðar og meir og við sveitungar þínir erum ekki alltaf með á nótunum þegar okkar berast kveðjur að sunnan. Jafnvel þó þær séu skrifaðar í Fréttablaðið. Við urðum því ekki vör við að þú hefðir með grein í Fréttablaðinu þann 3. janúar sl. „kvittað“ fyrir meinta móttöku jóla- og nýárskveðju frá Félagi um verndun hálendis Austurlands.

Þar segir þú eftirfarandi: „Eitt kort skar sig nokkuð frá hinum, í fyrsta lagi fylgdi ekki hver væri sendandinn og í öðru lagi var sú kveðja skráð á kortið að ég ásamt tveimur þriðju af þingheimi hefði framið mesta glæp Íslandssögunnar og skömm okkar yrði uppi meðan land byggðist. Minna mátti nú ekki gagn gera.“

Nú er það vissulega svo, kæri Jón, að okkur þykir undirbúningur að og ákvörðun um framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun þeim þingmönnum sem að stóðu til mikils vansa. Um þá afstöðu okkar ætti þér að vera vel kunnugt. Á hinn bóginn erum við vön að skrifa undir okkar ályktanir með nafni og okkur þykir undarlegt að þú skulir væna okkur um að senda nafnlausar kveðjur og „kvitta fyrir“ með því að skrifa í Fréttablaðið.

Enn undarlegri er þessi kvittun þín fyrir þá sök að þú kallar okkur „sveitungar mínir og kunningjar, dagfarsprútt fólk, sem sumt hefur kvartað undan óvæginni umræðu fyrir austan um virkjanamál“. Og þú spyrð: „Getur verið að samtök þessa fólks hafi gengist fyrir því að senda mér þá kveðju um jólin að ég og vinnufélagar mínir í þinginu sem samþykktu Kárahnjúkavirkjun séu mestu glæpamenn Íslandssögunnar, án nokkurra fyrirvara þar um?“

Að lokum klykkir þú út, kæri Jón, með að segja að þú vonist til að „umræðan um virkjunarmálin verði nú svolítið hófstiltari en verið hefur“.

Félag um verndun hálendis Austurlands hefur ekki sent þér eða öðrum þingmönnum nafnlausar kveðju. Kannski er samviska þín að plaga þig því ella hlytir þú að hafa látið svo lítið að hringja í sveitunga þína og kunningja, okkur dagfarsprúða fólkið, í stað þess að væna okkur um nafnlausar sendingar á opinberum vettvangi. Slík vinnubrögð, kæri Jón, eru þér ekki til sóma.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

NÝTT, FERSKAST OG FLOTTAST

Umbúðir aðskilja hráefni

Loftskiptar umbúðir tryggja ferskleika

Gaffall fylgir

Sósa og brauðteningar fylgja



KOMIÐ Í VERSLANIR

HAGKAUP

BONUS

1011
...alltaf opið!

Ferskt

ARSENE WENGER ER
58 ÁRA Í DAG

„Sigur er ekki það mikilvægasta þegar þú ert ungur. Það mikilvægasta er að hlúa að hæfileikaríkum leikmönnum og veita þeim gott sjálfstraust.

Knattspyrnustjórinn franskí hjá Arsenal fæddist þennan dag árið 1949.



PETTA GERÐIST: 22. JANÚAR ÁRIÐ 1973

Fóstureyðingar leyfðar

Á þessum degi fyrir 34 árum voru fóstureyðingar lög-leiddar í Bandaríkjunum. Fjölmargar konur í landinu höfðu lengi krafist þess að fá sjálfar að ráða yfir líkama sínum og fannst hið aldarlanga bann ekki vera í takt við tímann.

Dómurinn var mjög umdeildur og allar götur síðan hafa Bandaríkjamenn deilt hart um það hvort siðlegt sé að leyfa fóstureyðingar eður ei. Repúblíkanarnir og Bandaríkjaforset-



BILL CLINTON Demókratinn Bill Clinton aflétti hömlum sem George Bush eldri hafði sett á varðandi starfsemi fóstureyðingastöðva.

arnir fyrrverandi Ronald Reagan og George Bush eldri settu báðir hömlur á frjálsan rekstur fóstureyðingastöðva í sinni forsetatíð en árið 1992, þegar demókratinn Bill Clinton tók við embætti, aflétti hann þeim hömlum.

Á undanföllum áratug hafa andstæðingar fóstureyðinga gerst sífellt ágengari til að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa oft á tíðum beitt ofbeldi.

MERKISATBURÐIR

- 1901 Viktoría Bretadrottning deyr 82 ára að aldri.
- 1918 Mesta frost hér á landi. -37° C, mælist á Grímsstöðum á Fjöllum.
- 1922 Benedikt XV páfi fellur frá og Pius XI tekur við í kjölfarið.
- 1970 Boeing 747 jumbóþotan er í fyrsta sinn notuð í almennu farþegaflugi.
- 1983 Fjórir látast þegar snjóflóð fellur á hús á Patreksfirði.
- 1988 Paul Watson, leiðtoga Sea Shepherd, er vísað úr landi.
- 1990 Námsmaðurinn Robert T. Morris er dæmdur fyrir að hafa sleppt lausum illskæðum tölvuormi.
- 1999 Jóhannes Páll páfi kemur í sína fyrstu heimsókn til Mexíkó í 20 ár.

tímamót

timamot@frettabladid.is

AFMÆLI



Erla Þorsteinsdóttir söngkona er 74 ára.



Sigurður Oddsson, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, er 67 ára.



María Ellingsen leikkona er 43 ára.



Sigurður Flosason tónlistarmaður er 43 ára.



Guðmundur Hrafnkelsson handbolta-kempa er 42 ára.



Hlynur Birgisson knattspyrnumaður er 39 ára.



Margrét Kristín Blöndal tónlistarkona er 39 ára.



GUÐMUNDUR ODDSSON Segir samkeppnina harða meðal lögfræðinga í Bretlandi og engan hæðarleik að gera sig gildandi.

GUÐMUNDUR ODDSSON: Á LISTA YFIR 40 ATKVÆÐAMESTU ERLENDA LÖGMENN Í BRETLANDI

Kom ánægjulega á óvart

„Ég átti svo sem ekki von á þessu þannig að þetta kom þægilega á óvart,“ segir Guðmundur Oddsson, en breska tímaritið The Laywer valdi hann einn af þeim 40 erlendu lögmönnum í Bretlandi sem mest kvað að í fyrra. The Laywer er mest lesna fagrit lögmanna í Bretlandi og gefið út um allan heim. Blaðið segir að Guðmundur hafi vakið mikla athygli síðastliðið vor þegar hann kom á fót skrifstofu fyrir Logos í London. „Svo vel hefur gengið hjá

Guðmundi að Logos hefur nú sent annan lögfræðing til Lundúna og stefnir enn fremur að því að ráða reynda breska lögmenn til starfa.“

„Dótt lögmenn megi telja í þúsundum hér úti er þetta lítill heimur, menn vita hver af öðrum og það er greinilega tekið eftir Íslendingum í dag,“ segir Guðmundur. Hann þakkar þessa vegsemd verkefnum og samningum sem hann hefur tekið þátt í að ljúka. „Vonandi hefur maður eitthvað fram að færa í þessum

efnum. Samkeppnin hérna úti er hörð og fyrir litla ráðgjafa af Íslandi er enginn hæðarleikur að gera sig gildandi, en þetta hefst allt saman ef maður hefur gott fólk á bak við sig. „Ég geri bara svo og svo mikið sjálfur en hef bakland í kollegum mínum heima, sem bera hitann og þungann af þessum verkefnum líka.“

Guðmundur segist ekki fyrr en eftir á hafa gert sér grein fyrir að það þætti merkilegt að komast á þennan lista tímaritsins. „Mér hafa

borist bréf, símtöl og tölvupóstur frá kollegum mínum sem vilja óska mér til hamingju, bæði fólk sem ég hef unnið með og sem ég þekki ekki og er afar ánægjulegt.“

Hann kveðst þó ekki ætla að halda sérstaklega upp á þetta. „Það er margt í pípunum og það þarf að halda boltanum rúllandi á mörgum vígstöðvum. Annars er svo gaman að vera til að maður þarf ekkert að gera sér glaðan dag út af þessu sérstaklega.“

bergsteinn@frettabladid.is



70 ára

í dag, 22. janúar er
Páll Jóhann Einarsson

(Palli flug) sjötugur. Í tilefni þessara tímamóta tekur Páll á móti fjölskyldu, vinum og velunnurum í safnaðarheimili Bústaðakirkju laugardaginn 27. janúar kl. 15-19.

Viðurkenningar Félags kvenna í atvinnurekstri afhentar:

Halla fékk aðalverðlaunin

„Ég er stolt og þakklát fyrir viðurkenninguna og heiti því að leggja áfram mitt af mörkum til að auka áhrif kvenna í atvinnulífinu vegna þess að ég tel að það sé atvinnulífinu til góðs,“ segir Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sem fékk aðalverðlaun Félags kvenna í atvinnurekstri þegar þau voru afhent fyrir helgi.

„Kannski finnst mér skemmtilegast að hvatningarverðlaunin fari til Guðbjargar Glóðar Logadóttur, stofnanda og eins eigenda Fylgífiska, því að hún tók þátt í fyrsta verkefninu Auður í krafti kvenna. Ég sá þá strax í augunum á henni að hún ætti eftir að gera góða hluti,“ segir Halla.

Ný verðlaun, Gæfuspor, komu í hlut fyrirtækis sem hefur verið óhrætt við að ráða konur í stjórnunarstöður og

voru þau afhent Atorku en fjórir af sex æstu stjórnendum innan Atorku eru konur, eins og Linda Björk Gunnlaugsdóttir, framkvæmdastjóri A. Karlsson, Ragnhildur Geirsdóttir, framkvæmdastjóri Promens, Margrét Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Icepharma og Guðný Rósa Þorvarðardóttir, framkvæmdastjóri Parlogis.

Þorsteinn Vilhelmsson, stjórnarformaður Atorku, tók á móti viðurkenningunni. Hann segir það ánægju og heiður að taka á móti þessari viðurkenningu. „Þessi félög eiga öll sammærkt að nýir forstjórar eða framkvæmdastjórar eru konur. Við gefum konum ekki síður tækifæri en körlum og þær hafa að okkar mati reynst hæfari.“ Guðrún Erlendsdóttir, fyrrverandi forseti Hæstaréttar Íslands, fékk þakkarviðurkenningu FKA.



FENGU VIÐURKENNINGAR FKA Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, sem fékk aðalverðlaun FKA og Guðbjörg Glóð Logadóttir, eigandi Fylgífiska, sem fékk hvatningarverðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

VOPN Í VETRARRÍKINU

Snjómokstursverkfæri sem vinna á hálfu og snjósköflum

HÚS 2



allt fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR? MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

FASTEIGNASÖLUR

Árborgir	21
Ás	8
Dómus	13
Draumahús	16
Eignamiðlun Suðurn.	20
Eignastýring	21
Fast.- og fyrirt.salan	6
Lundur	14
Lyngvík	19
Lögmenn Suðurl.	6
Nýtt	12
Sea Breeze Villas	7
Smárinn	11



Ný aðstaða frjálsíþróttafólks í viðbyggingu Laugardalshallar hefur gjörbylt allri aðstöðu til frjálsíþróttaiðkunar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Þar sem Svía-grýlan er grafin

Laugardalshöllin er vettvangur okkar helstu sigra á sviði íþróttar og einn af helstu tónleikastöðum landsins.

Laugardalshöll var vígð 6. desember árið 1965. Arkitekt hennar er Gísli Halldórsson en hann teiknaði höllina árið 1959. Reykjavíkurborg og Íþróttabandalag Reykjavíkur eiga heiðurinn að byggingu hennar en fjölmargir komu að framkvæmdinni og fjármögnun hennar. Til að mynda lánaði TBR 200.000 krónur til framkvæmdanna.

Í Laugardalshöll hafa unnist margir sætir sigrar um árin og margir hafa sömuleiðis farið svektir heim. Fyrsti opinberi leikurinn sem fram fór á parketinu í höllinni var handboltaleikur úrvalsliðs Reykjavíkur og landsliðs þáverandi Tékkóslóvakíu. Sá leikur fór fram 4. desember vígsluárið 1965, tveimur dögum áður en höllin var vígð.

Laugardalshöllin er um 6.500 fermetrar að viðbætti 9.500 fermetra stálgrindarviðbyggingu sem sérhönnuð er fyrir frjálsar íþróttir.

Ýmsir stórviðburðir hafa farið fram undir þaki Laugardalshallarinnar. Tónleikar Led Zeppelin árið 1970, heimsmeistaramótið í handknattleik árið 1995 (þó við viljum gleyma árangri íslenska landsliðsins á því móti sem fyrst), skákeinvígi aldarinnar milli Fishers og Spasskís árið 1972, og nú síðast þegar kveikt var í Svía-grýlunni, hún bútuð sundur og gefin landvættunum.

tryggvi@rettabladid.is

GÓÐAN DAG!

Í dag er mánudagurinn
22. janúar, 22. dagur
ársins 2007.



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
Reykjavík 10.38 13.39 16.42
Akureyri 10.39 13.24 16.09

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað
smáauglýsingar á visir.is

Eftirlit hert

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ UNDIRBYR FRUMVARP AÐ NÝJUM MANNVIRKJALÖGUM SEM ER ÆTLAÐ AÐ SAMHÆFA OPINBERT EFTIRLIT MEÐ BYGGINGUM.

Í frumvarpi að nýjum lögum sem líkur eru til að Jónína Bjartmars umhverfissráðherra leggi fram á næstu dögum er áformað að samræma opinbert eftirlit með byggingu mannvirkja. Eins og þeim málum er háttað í dag er það á höndum margra og ekki undir markvissri stjórn eins aðila.



Ef mannvirkjalög komast á verður sett á virkara eftirlit með öllum nýbyggingum en nú er.

Í frumvarpinu verður einnig lagt til að komið verði á fót Byggingarstofnun sem hafi yfirumsjón með stjórnslu mannvirkjamála. Meðal þess sem þar yrði sameinað eru byggingamál, brunamál og eftirlit með byggingavörum á markaði. Kvörtunum til Húseigendafélags Reykjavíkur vegna galla í byggingum hefur fjölgað undanfarin misseri.

Heimild/Mbl.

FASTEIGNALÁN Í MYNTKÖRFU

Lánstími
allt að
40 ár

Nánari upplýsingar hjá lánafulltrúum Frjálsa og á www.frjalsi.is, þar sem einnig er hægt að reikna greiðslubyrði.

VEXTIR FRÁ
AÐEINS

3,4%

Miðað við myntkörfu 3, Libor vextir 21.09.2006

FRJÁLSI

FRJÁLSI

Fuglarnir þurfa eitthvað gott í gogginn í kuldanum. Það er gaman fyrir fullorðna og börn að fóðra fuglana reglulega og fylgjast með þeim út um gluggann. Dýfið brauðinu sem þið ætlið fuglunum í olíu, þá fá þeir enn meiri orku úr matnum.



Gæða hús handa þér



Bjálkahús ehf

Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.

Hús okkar eru byggð til að endast.

Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús

www.husogheimili.is

Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar
HÚSogheimili - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818



BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

FÍLSAR ALLT AÐ

70%
afsláttur

Egill Arnason hf



STÓRÚTSALA

Egill Arnason hf. Ármúla 8 108 Reykjavík Sími: 595 0500



Kuldaúlpa fyrir dömur frá Ellingsen.

Devoid Active peysa frá Ellingsen.

Devoid Active buxur frá Ellingsen.

Kuldaúlpa fyrir herra frá Ellingsen.

Kuldaskór fyrir dömur frá Ellingsen.

Kuldaskór fyrir herra frá Ellingsen.

Vopn í vetraríkinu

Snjómoksturverkfæri sem vinna á hálfu og snjósköflum.

Óhætt er að segja snjó hafi kyngt niður að undanförunu og hafa margir haft orð á því að nú sé jólaveðrið langþráða loks komið. Að vísu nokkuð seint ber flestum saman um.

Vegagerðin hefur í nógu að snúast við að halda helstu leiðum þéttbýliskjarnanna opnum í þessu fallega ríki Veturs konungs og ekki eru húseigendur minna uppteknir við að auðvelda aðgengi í kringum híbýli sín.

Salt, sandur og snjómoksturverkfæri gagnast vel á hálkubletti og snjóskafli og draga úr slysaþættu. Þá getur borgað sig að eiga góðan klæðnað, þykka, hlýja úlpu, hlý nærföt og sterka skó til að halda kuldabola og félögum hans í skefjum.

Hér eru nokkrar góðar hugmyndir að útivistarfatnaði og snjómoksturverkfærum sem ættu að koma flestum að góðum notum. -rve



Strákústur frá Byko.

Snjóskafta frá Húsasmiðjunni.

Snjómokstur-skófla frá Húsasmiðjunni.

Snjóblásturstæki frá Byko. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Snjómokstursskófla frá Húsasmiðjunni.

Snjómokstursskófla frá Byko.

pgv

GLUGGI TIL FRAMTÍÐAR ...

- ENGIN MÁLNINGAVINNA
- HVORKI FÚI NÉ RYÐ
- FRÁBÆR HITA OG HLJÓÐEINANGRUN
- FALLEGT ÚTLIT
- MARGIR OPNUNARMÖGULEIKAR
- ÖRUGG VIND- OG VATNSPÉTTING

PGV ehf. sérhæfir sig í smíði glugga, hurða, sólstofa og svalalokanna úr PVC-u

Öllum framleiðsluvörum PGV fylgir 10 ára ábyrgð

Gluggarnir eru viðhaldsfrír og á sambærilegum verðum og gluggar sem stöðugt þarfnast viðhalds



Guðmundur Óli Scheving
SKRIFAR UM MEINDÝR OG MEINDÝRAVARNIR

Mosadreki (*Neobisium carcinoides*)

Drekar eru ekki skordýr, heldur áttfætlur (Arachnida). Áttfætlur hér á landi tilheyra fjórum ættbálkum: Ættbálki köngulóa (Araneae), langfætlna (Opiliones), áttfætlumaura (Acari) og dreka (Pseudoscorpiones). Vistfræðilegur sess þeirra er mjög mismunandi milli hópa og tegunda en þær hafa lagað sig að margvíslegum búsvæðum.



Mosadreki kys að vera í graslendi syðst á landinu, í Mýrdalnum, undir Eyjafjöllum og í Vestmannaeyjum svo eitthvað sé nefnt.

Drekar líkjast helst sporðrekum að því leyti að þreifarnir hafa ummyndast í öflugar griptangir. Það er líklega ástæða þess að á ensku eru þeir nefndir gervisporðrekar (pseudoscorpion).

Talið er að mosadrekin verpi eggjum að hausti og að lífur hans liggi í dvala á einhverju stigi yfir veturinn. Líklega kemur hann aðeins upp einni kynslóð á ári þó þær geti verið fleiri við hlýrri skilyrði en eru til staðar hér á landi. Ekki hafa farið fram neinar rannsóknir á drekum hér á landi sem pistlahöfundur er kunnugt um.

Margt í atferli mosadrekans hefur vakið athygli líffræðinga. Þegar karldýrið er orðið rúmur millimetrí á lengd gerir það sér óðal. Það nuddar þá kvíðnum við jörðina einhvers staðar á miðju óðalinu og er sennilega að merkja með lyktarefni (feromóni). Þegar kvendýr rambar inn á svæðið þá upphæfur karldýrið einhvers konar

biðilsdans sem felst í því að hrista skrokkinn og veifa griptöngunum sitt á hvað. Því næst losar dýrið sæðispoka á jörðina, bakkar yfir hann og reynir að leiða kvendýrið yfir pokann. Hugmyndin er sú að kvendýrið taki upp pokann og noti hann seinna til að frjóvga egg sín. Helsta fæða mosadrekans eru áttfætlumaurar og stökkmor. Ekki er nein ástæða til aðgerða gegn mosadreka og er umfjöllun hér aðeins fróðleikur um hann.

Varnaðarorð

Þegar fólk þarf að fá til sín meindýraeyði eða garðúðara þá skal alltaf óska eftir að fá að sjá starfskírteini útgefið af Umhverfisstofnun og eiturefnaleyfi gefið út af lögreglustjóra/sýslumanni og það mikilvægasta er að viðkomandi hafi starfsleyfi frá viðkomandi sveitafélagi. Ein og sér hafa starfsréttindi meindýraeyða og garðúðara ekkert gildi. Athugaðu hvort öll skírteini séu í gildi. Félagar í Félagi meindýraeyða eru með félagsskírteini á sér. Fáðu alltaf nótu vegna viðskiptanna.

Réttindi meindýraeyða og garðúðara frá erlendum ríkjum og félagasamtökum gilda ekki á Íslandi.

Heimildir:
Upplýsingar og fróðleikur um Meindýr og varnir 2004, Guðmundur Óli Scheving
Meindýr í húsum og gróðri 1944, Geir Gísla
Pöddur - rit Landverndar nr.9 198

Lesendum Fréttablaðsins er velkomið að senda fyrirspurn á netfangið: gudmunduroli@simnet.is

1.000 kr. 1.500 kr. 500 kr. 2.000 kr. 1.500 kr. 500 kr. 1.000 kr. 1.500 kr. 2.000 kr.

Alvöru kuldagalli

Verð áður kr. 12.326,-
TILBOÐSVERÐ kr. 8.998,-

WE 81500174245

LAGER SALA!

Takmarkað magn

Komdu með 500 kallana og kauptu upp lagerinn. Ótrúleg tilboð, alvöru gæði.

Öryggisskór, stígvél, buxur, bolir, kuldagallar, barnakuldagallar, flíspeysur, jakkar og fleira á frábæru verði.

DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Skeifan 3 108 Reykjavík Sími 588 5080 www.dynjandi.is

Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt, að leitun er að öðru eins

ELBA Eldavélar, Uppvottavélar, Ofnar, Snaigé, Kæli- og frystiskápar, Helluborð, Viftur & háfar, Westinghouse

nettoline AUÐVELT · FLJÓTLEGT · ÓDÝRT

Glæsilegar danskar innréttingar í öll herbergi heimilisins.

Eldhúsinréttingar · Baðinnréttingar · Þvottahúsinréttingar · Fataskápar með venjulegum- og rennihurðum

Þú er valið!
Þú velur um að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsgöðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska - fullkomin þjónusta, eigið verkstæði

Við hönnum og teiknum fyrir þig!
Komdu með málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherbergjunum - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki.

20% afsláttur af tækjum!
Auk innréttinganna bjóðum við fullkomið úrval vandaðra raftækja, ELBA eldunartæki og Snaigé og Westinghouse kæli- og frystiskápa. Við veitum a.m.k. 20% afslátt af raftækjum, þegar þau eru keypt með innréttingu.

Virka daga kl. 9-18
Laugard. kl. 10-15

Friiform
Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

TILBOÐSDAGAR

10-50%
AFSLÁTTUR



Brautir - Glerveggir -
Glerhurðir - Hert Gler

Hawa
GEZE

JARNGLER
Járn og gler ehf - Skútuvogur 1h
Barkarvogsmegin - S: 58 58 900
www.jarngler.is

Pólyhúðun



Pólyhúðun allt frá hillum upp í
utanhússklæðningar. Pólyhúðun er
sterk, hagkvæm og umhverfsvæn.

Pólyhúðun
Powder coating

Smíðjuvegi 1 • s. 544-5700 • www.polyhudun.is

allt matur

Alla föstudaga



Einingunum frá Modulhúsum er hægt að raða upp hvernig sem er því ekki er um nein stöðluð hús að ræða.

Hver og einn byggir sitt draumahús úr einingum

Modulhús ehf. er nýtt fyrirtæki á Hvammstanga. Það flytur inn staðlaðar timburhúsaeyningar frá Svíþjóð sem hægt er að raða saman á marga vegu.

„Þetta gengur þannig fyrir sig að viðskiptavinurinn kemur með teikningu að húsi sem hann vill reisa. Einingunum er hægt að raða upp hvernig sem er því það er ekki um nein stöðluð hús að ræða. Þetta er eins og legókubbar. Þú bara raðar upp draumahúsinu,“ segir Guðmundur Helgason, framkvæmdastjóri Modulhúsa, þegar forvitnast er um starfsemina. Hann segir einingarnar úr sænskri furu og koma í þremur breiddum, 30, 60 og 120 sm. „Hagræðing í framleiðslunni er mikil sem aftur skilar sér í góðu verði,“ segir hann.

Verksmiðjan sem framleiðir einingarnar heitir Tomoku Hus AB og er í Dölnum í Svíþjóð. Hún eru í eigu Japana og þeir sjá um stjórnunina. Guðmundur segir einingarnar þó settar saman af Svíum. „Þar kemur sænsk reynsla og sænskt hugvit að góðum notum en verksmiðjan er líka mjög tæknivædd og þar er mikil sjálfvirkni á ferðinni. Allt hjálpast að við að halda niðri verðinu,“ segir hann.

Framleiðslan hefur hingað til aðallega farið á Japansmarkað að sögn Guðmundar en er nú að dreifast um Evrópu líka. „Það er gaman



Timburhús fara vel í íslenskrí náttúru.



Tomoku-húsin virðast þola íslenska veðráttu.

að segja frá því að fyrsta svona húsið sem reis í Evrópu var á Hallormsstað,“ segir hann og bætir við að átta hús séu komin upp hér á landi og hafi reynst vel. „Eitt Tomokuhús er nýrrið hér á Hvammstanga, það er 250 fermetrar að stærð og uppsetning eininganna tók tvo daga. Meistararnum list afspyrnuvel á húsið og sagðist myndu leika sér að því að setja upp minna hús á einum degi.

Gluggar eru búinir til af verksmiðjunum, einangrunin er inn-

byggð í einingarnar og burðarvirkið í þakið fylgir með. Síðan þarf að klæða húsin innan og utan og þá er auðvelt að bæta við einangrun ef vilji er til. Klæðningin fylgir hins vegar ekki með. „Það eru alls konar klæðningarefni á markaðnum og þar velur hver og einn,“ bendir Guðmundur á.

Frá staðfestingu pöntunar þar til gámunum með húsinu getur verið kominn á byggingarstað líða um það bil átta vikur að sögn Guðmundar. Hann telur Tomoku-einingarnar ekki einungis henta í íbúðarhús heldur bæði skemmur og gripahús. „Það voru flugmenn í Svíþjóð sem byggðu lítið hús yfir vélina sína. Ég sé alveg fyrir mér hesthús og hvað sem fólkí dettur í hug,“ segir hann að lokum og bendir þeim sem vilja fræðast nánar um húsin á heimasíðu fyrirtækisins, www.modulhus.is.

gun@frettabladid.is

Tiltekt á 5 mínútum

ÖRPRIFARÁÐ ÁÐUR EN GESTIR KNÝJA DYRA.

Við könnumst flest við það að lenda í tímaþröng. Dæmi um slíka tímaþröng er að eiga von á gestum á föstudagskvöldi eftir langan vinnudag. Hér á eftir koma nokkur góð ráð sem gagnast þeim er hafa aðeins fimm mínútur til að gera hýbílín vistlegri áður en gestir ganga í bæinn:

1. Tæmdu eldhúsvaskinn. Best er að gera það með því að vaska upp en ef enginn tími gefst til þess, þá máttu fela óhreina leirtauið inni í bakaraofni og ganga svo frá því þegar gestirnir fara. Strjúktu óhreinindi úr vaskinum með glerúða og tusku. Hreinn vaskur er góður vaskur.

2. Hirtu öll blöð, bækur og tímarit og settu á sinn stað, eða staflaðu þessu upp þar sem lítið fer fyrir því. Það sama á við um reikningaum-

slög og annað þessu líkt sem liggur á við og dreif um heimilið.

3. Þrifðu klósettið að innan með klósettburstanum. Það tekur ekki nema 30 sekúndur. Notaðu svamp á baðvaskinn og baðborðið við sömu aðgerðir og ljúktu svo verkinu með því að þurrka yfir vask og borð með notuðum handklæðum og setja ný í staðinn.

4. Búðu um rúmið og settu öll fót sem liggja á við og dreif í íbúðinni í snyrtilega hrúgu við enda þess, eða á nærliggjandi stól. Það á það sama við um fötin og bæurnar og blöðin -þetta virkar örliðið betur þegar það er allt á einum stað.

5. Ilmkerti. Ef þú átt ekki slíka mun-aðarvöru þá máttu nota reykelsi eða annað sem gefur góða lykt. Góður



Fæst okkar eru húsmæðraskólagengin en það breytir því ekki að flestir vilja hafa fint heima hjá sér þegar von er á gestum í bæinn.

ilmur og falleg lýsing geta gert gæfumuninn áður en gestirnir stíga inn. Góða skemmtun.



Roomba er lág og kemst undir flesta skápa og rúm.

Ryksuga með sjálfstæða hugsun

Það hljómar sem nokkuð fjarlæg framtíðarsýn að vera með vélmanni á heimilinu sem hjálpar til við þríf. En þetta er þó alls ekki fjarri lagi.

iRobot ryksugan Roomba er sérstök fyrir þær sakir að hún ryksugar meðan heimilisfólkið er að heiman. Hún er kringlótt og lág og kemst alls staðar að. Getur ryksugað í öll horn hvort sem er á parketti, dúk eða teppi. Þá eru snúrur og lágir þröskuldar engin fyrirstaða því mótörinn sem knýr hana er það öflugur. Það er því engin hætt á að hún festist á einhverjum stað og komist ekki burt. Þá er hún það lág að hún kemst undir flesta sófa og rúm. Roomba ryksugan fer yfir svæðið mörgum sinnum í hvert skipti eða þangað til það er orðið hreint.

Gæludýraeigendur eiga oft í vandræðum með hárflygsur sem feykjast um gólf. Talsmenn iRobot telja ryksuguna henta einstaklega vel fyrir þá.

Ryksugan er með tölvuheila sem getur lært. Í fyrsta sinn sem henni er hleypt á nýjan flöt kannar hún umhverfi sitt og skráir í minni hluti sem hún þarf að forðast. Hún veit því næst hversu stórt svæðið er sem þarf að þrifa, hvar helstu fyrirstöðurnar eru og því um líkt. Þá forðast hún stiga og því engin hætt á að hún hrapi niður og eyðileggist.

Hægt er að forrita ryksuguna til að þrifa á ákveðnum tímum. Til dæmis er mjög hentugur tími meðan fólk er í vinnunni enda hlýst þá minnst ónæði af henni.



Ryksugan er hönnuð til að þrifa allar gerðir gólfplata, allt frá teppum til gólfduka.



iRobot Roomba kannar umhverfi sitt og skráir í tölvuheila.



Roomba er kringlótt og lág.

Ryksugan er knúin af endurhlaðanlegri rafhlöðu og nemur sjálf þegar hún er að verða ramagnslaus. Þá heldur hún aftur í móðurstöðina þar sem hún hleðst þangað til hún getur aftur farið af stað til að klára verkeið sem henni var ætlað.

Hægt er að nota ryksuguna eins oft og maður vill, enda ekki amalegt að koma heim á hverjum degi í nýryksugað heimili.

Nánari upplýsingar um ryksuguna Roomba frá iRobot má fá í síma 848-7632

- sgi

Herrabúningurinn kynntur

Heimilisiðnaðarfélag Íslands kynnr íslenskan herrabúning frá um 1800.

Á síðustu árum hefur áhugi aukist á eldri gerðum íslensku þjóðbúninganna, faldbúningnum, skautbúningnum, kyrtlinum, 19. aldar upphlutnum og nú íslenska herrabúningnum. Í nokkur ár hefur verið boðið upp á námskeiðaröð í því að sauma þessa búninga og er Heimilisiðnaðarfélag Íslands eini aðilinn sem veitir þessa þjónustu.

Heimilisiðnaðarfélagið mun kynna íslenskan herrabúning frá um 1800, miðvikudaginn 24. janúar



klukkan 20.00 í húsnæði félagsins við Laufásveg 2. Þar verður kynning á búningnum, veittar upplýsingar um hvernig skal klæðast honum og upplýsingar um námskeið í að sauma íslenskan herrabúning sem hefst í febrúar.

Búningurinn er dæmigerður fyrir klæðnað íslenskra karla um 1800. Það sem einkennir búninginn eru; treyja tvíhneppt og innanundir tvíhneppt vesti. Buxur eru svokallaðar lokubuxur hnésíðar eða síðar.

Námskeið í að sauma íslenskan herrabúning hefst í febrúar hjá Heimilisiðnaðarfélaginu.



Þegar mest á reynir...

Hünnebeck steypumót eru sterk og áreiðanleg mót frá einum fremsta framleiðanda steypumóta í heimi.

Aseta selur bæði og leigir út steypumót, undirsláttarefni og byggingarkrana.

HÜNNEBECK

– þegar mest á reynir

ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is

Heimilislán SPK

– þú færð betri kjör hjá okkur

Hagstæð lán sem þú getur notað til að kaupa eða endurnýja allt sem tengist heimilinu, s.s. sófasett, þvottavél, sjónvarp, parket, ísskáp o.fl.

- lægri vextir
- afsláttur af lántökugjaldi
- til allt að 5 ára
- allt að 800.000 kr.
- enginn auka kostnaður við uppgreiðslu
- ekki skilyrði að vera viðskiptavinur SPK

Sparisjóður Kópavogs • Hlíðasmára 19, Digranesvegi 10
Sími: 515 1950 • Fax: 515 1909 • www.spk.is • spk@spk.is





Álfartarimi 1 íbúð 201 Selfossi

104,4 m² íbúð ásamt 5,6 m² geymslu og 25,3 m² bílskúr. Íbúðin er í fjölbýlishúsi byggðu 1982 og er öll hin snyrtilegasta. Eignin telur flísalagða forstofu m/skáp, parketlagðan gang/hol, þrjú plastparketlögð svefnherbergi m/skápum, flísalagð baðherbergi m/eikarinnréttingu og baðkari, parketlagða stofu m/hurð út á svalir og parketlagð eldhús m/pokkalegri eikarinnréttingu. Eikarparket á stofu og eldhúsi. Tengi f. þvottavél á baði. **Verð 19,5 m.**



Ástjörn 5 íb. 101, Selfossi

Í einkasölu 80,4 fm íbúð á fyrstu hæð í fjölbýli. Sérinnangangur er í hverja íbúð. Eignin telur flísalagða forstofu m/skáp, plastparketlagða stofu og flísalagð eldhús m/mahogany innréttingu, flísalagð baðherbergi m/baðkari og hvítri innréttingu, tvö ágæt plastparketlögð svefnherbergi m/ skápum og þvottahús og geymsla m/flísalögðu gólf. Hurð er úr stofu út á sólpall. Innihurðir eru úr yfirfellar í maghonylit. Gert er ráð fyrir sturtu á baði. Síma og sjónvarpstenglar eru í herbergjunum. **Verð 15,9 m.**



Dverghólar 14, Selfossi

Snyrtilegt 118,6 fm steníklætt parhús ásamt 28 fm. bílskúr byggt árið 2001. Eignin telur flísalagða forstofu m/skápum, parketlagð forstofuherbergi, stofa og eldhús opið í eitt, náttúruflísar á gólf, svalahurð úr stofu, upptekið loft, halogen ljós, útbyggður gluggi, IKEA birkiinnrétting í eldhúsi, flísar á milli borðs og skápa, keramik helluborð, háfur, burstað stál, flísalagð baðherbergi m/innréttingu, handklæðaofn, sturtuklefi, gert ráð fyrir hornbaðkari, tvö parketlögð svefnherbergi m/skápum, tölvu og símatenglar í herbergjum, flísalagð þvottahús. **Verð 29,2 m.**



Grænamörk 2a, íbúð 104, Selfossi

Um er að ræða glæsilega 81,5 fm. endalíbúð í nýju raðhúsi fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin telur flísalagða forstofu, flísalagð þvottahús, flísalagð baðherbergi m/eikarinnréttingu, handklæðaofn og upphengdu salerni, eitt rúmgott svefnherbergi með stórum skápum og svalahurð. Eldhúsinnrétting er eikarinnrétting m/keramikhelluborði, Siemens tæki. Stofan er parketlögð. Yfirfellar eikarinnihurðir. Malbikað bílplan og hellulagðar stéttar við húsið og timbursólpallur framan við húsið. **Verð 21,9 m.**



Engjavegur 8, Selfossi

Um er að ræða 113,0 m² einbýlishús ásamt 38,3 m² bílskúr. Eignin telur m.a. stofu m/hurð út í garð, eldhús m/hvít/beyki innréttingu, þvottahús, þrjú svefnherbergi og baðherbergi sem er flísalagð í hól og gólf og er þar baðkar. **Verð 22,7 m.**



Hólavangur 12, Hella

Um er að ræða 73,2 m² einbýlishús og 12,1 m² geymsluskúr. Húsið er byggt úr timbri árið 1944 og er klætt að utan með máluðu bárujárn. Nýlegt bárujárn er á þakinu. Eignin telur m.a. parketlagða forstofu með rúmgóðum fataskáp, parketlagð forstofuherbergi, parketlagða stofu, dúklagð baðherbergi með baðkari og sturtu, dúklagð svefnherbergi með stórum fataskáp og flísalagð eldhús. **Verð 11,9 m.**

FYRIRTÆKI

Nudd og Grenningarstofa

Til sölu glæsilegt heilsustúdíó með góðan tækjakost. Þekkt stofa í flottu húsnæði. Fyrirtækið er með glæsilega heimasíðu yfir sína þjónustu. Frábært tækifæri.

Heildverslun - matavara.

Til sölu skemmtileg heildverslun á matvörumarkaði. Góð viðskiptasambönd. Upplýsingar eingöngu veittar á skrifstofu okkar.

Í hverfi 101 - Grill-söluturn-heitur matur

Til sölu mjög góður rekstur, með gríðar mikla möguleika. Tilvalið fyrir kokka og framreiðslufólk. Góð staðsetning. Rúmgott húsnæði. Upplýsingar á skrifstofu.

Söluturn í Vesturbæ.

Til sölu, af sérstökum ástæðum, er góður söluturn, vel staðsettur með góða veltu. Kjörið tækifæri fyrir 2 samhenta aðila. Mikil ísala. Pizzu-öfn. Gott verð.

Heildverslun með sérvöru.

Til sölu heildverslun í hótél og veitingahúsgreiranum. Ört vaxandi fyrirtæki með mikla vaxtarmöguleika. Einstakt tækifæri. Upplýsingar eingöngu á skrifstofu okkar.

Ís-matur-videó, Hverfissöluturn

Glæsilega innréttað hverfisverslun með góða vaxandi veltu. Frábært fjölskyldu fyrirtæki.

Bílaverkstæði á Höfðanum

Bílaverkstæði í góðu húsnæði, 2 lyftur og góð lofthæð. Allur búnaður sem fylgir í bílavíðgerðum. Ákveðin sala. Verð aðeins 1,5-1,6 millj.

Hársnyrtistofa í góðu hverfi.

5 vinnustöðvar og 2 vaskstólar. Í góðu húsnæði og vel búin tækjum. Til sölu af sérstökum ástæðum. Til afhendingar starx ef óskað er. Frábært verð.

Héðinsgata 250 fm.



Til leigu gott þjónustuhúsnæði sem áður hýsti flugfragt Flugleiða. Tveir innangangar, vinnusalur kaffiástaða og skrifstofur, kerfisloft og lagnir í stokkum. Hentugt t.d. fyrir heildverslun eða auglýsingastofu. Hagstæð leiga. Laust nú þegar.

Óseyrarbraut - innkeyrslubil.



Til leigu eru við höfnina í Hfj. um 360 fm innkeyrslubil með góðri lofthæð og tveimur innkeyrsluhurðum. LAUST.

Lyngháls 200 fm.



Til leigu um 200 fm verslunar- eða þjónustuhúsnæði á jarðhæð í nýju glæsilegu húsi á Lynghálsinum. Laust nú þegar.

Glæsilegt 242 fm skrifstofuhúsnæði.



Til leigu í miðbæ Hafnarfjarðar glæsilega innréttað skrifstofuhúsnæði á 5. hæð með frábæru útsýni. Einstaklega vandað og allt til alls þ.m.t. tölvulagnir í stokkum, kerfisloft og vandað tréverk. Láttu þetta ekki sleppa frá þér.

Dverghöfði 640 fm.



Til leigu á mjög áberandi stað, á horni Dverghöfða og Höfðabakka, um 640 fm atvinnuhúsnæði, innkeyrsluhurð, verslun og skrifstofur. Hægt er að nýta allt að 500 fm undir lager/verslun. LAUST

Allt að 3000 fm Lagerhúsnæði.



Til leigu vel staðsett miðsvæðis í Reykjavík við Héðinsgötu og Köllunarklettsveg, allt að 3.000 fm. húsnæði sem hentar frábæra undir lager eða léttinað. Möguleiki á 1000-3000 fm. Leigist til 2ja ára í senn. LAUST!

Hólmaslóð 182 fm.



Til leigu þjónusturými á jarðhæð við Hólmaslóð (Granda) um 182 fm að stærð. Húsnæðið hentar vel undir hverskyns þjónustustarfsemi eða sérverslun.

Kynning!



á fasteignum og lúxusvillum á Spáni og Ítalíu Hótel Loftleiðum

laugardaginn 27. og sunnudaginn 28. janúar kl: 13 - 19



Við frumsýnum í fyrsta sinn á sýningunni **FASTEIGNIR Í FJARLÆGUM LÖNDUM**

Takmarkið er að veita öllum kaupendum, fjárfestum, athafnamönnum eða þeim sem hyggjast setjast í helgan stein allar nauðsynlegar upplýsingar sem gera þeim kleyft að flytjast eða fjárfesta á Spáni eða Ítalíu á sem auðveldastan máta.

Lækkum allar eignir á Spáni um €3000 ef komið er milliliðalaust!



Við kynnum með stolti 15 glæsiíbúðir við Sala Bianca Complex og 19 íbúðir við Sea Breeze Manila Complex staðsettar á Ítalíu við Miðjarðarhafið með stórglæsilegu sjávarútsýni.

Verð frá €105.000



Skrifstofa okkar á Spáni
er í
San Pedro del Pinatar

Komið og fáid glæsilega bæklinga með nánari upplýsingum

Frekari upplýsingar: Barry, sími 00 34 699 682 026 og Sandra, sími 00 35 4822 2289

Heimsækið vefsíðu okkar: www.seabreezevillas.com



DVERGHOLT - Góð 100 fm íbúð á jarðhæð. 2 sv.herb. Stutt í skóla og leikskóla. Verð 19,9 millj. 10060



ÁLFASKEIÐ - FLOTT EIGN Falleg og mikið endurnýjuð 90 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð. 2 sv.herb. Verð 18,7 millj. 6066



EYRARHOLT - ÚTSÝNI Falleg 91,1 fm íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýli. 2 sv.herb. Afgirt verönd. Verð 18,7 millj. 2527



ÖLDUGATA - NEÐRI SÉR-HÆÐ Falleg sjarmerandi NEÐRI HÆÐ í reisulegu tvíbýli á flottum stað við Hamarinn. Verð 14,5 millj. 4823



ESKIVELLIR - SÉRINN-GANGUR Ný 76 fm íbúð á jarðhæð með sérinngangi. Glæsilegar innréttingar og flott gólfefni. Afhending í jan-feb. Verð 17,9 millj. 6071



MIÐVANGUR - LYFTA 67,3 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi í Norður-bænum. Frábært útsýni. 9932



VESTURHOLT - Falleg 80 fm neðri hæð í tvíbýli. 2 sv.herb. Sérinngangur og verönd. Verð 21,9 millj. 6148



ÁSTÚN - KÓPAVOGUR 80 fm íbúð á efstu hæð í góðu fjölbýli. 2 sv.herb. Hús málað að utan í sum-ar. Verð 18,5 millj. 6065



DAGGARVELLIR - NÝ OG FALLEG 96,8 fm íbúð á 4. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bíla-geymslu. 2 sv.herb. Verð 21,9 millj. 4374



LANGAMÝRI - GBÆR Falleg 62,4 fm íbúð á jarðhæð á vinsælum stað. Sérinngangur. Parket og flisar. Verð 17,5 millj. 6154



SUÐURGATA - STÚDÍÓ Góð 25 fm stúdíó/einstaklingsíbúð á jarðhæð í miðbæ Hafnarfjarðar. Verð 8,5 millj. 10053



SMÁRABARÐ - SÉRINN-GANGUR Falleg 59 fm íbúð á 1. hæð í nýlega litlu fjölbýli. Verönd. Verð 15,9 millj. 2520



GRÆNAKINN - Falleg 72 fm íbúð í þrívíbýli á góðum stað. 2 sv.herb. Stutt í skóla og þjónustu. Verð 16,9 millj. 6120



SVÖLUÁS - SÉRINNGANGUR Björt og falleg 84 fm íbúð á 3. hæð. 2 sv.herb. Sérinngangur. Gott útsýni. Verð 19,9 millj. 4014



KARLAGATA - RVÍK Björt og góð 57 fm íbúð á 1. hæð á frábærum stað. 2 sv.herb. Verð 16,5 millj. 9641



SELVOGSGATA - Falleg talsvert endurnýjuð 58 fm 2-3ja herb. íbúð á 2. hæð í tví-/fjörbýli. Verð 14,6 millj. 6122



ESKIVELLIR - GLÆSILEG Sérlega falleg, vönduð og fullbúin íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Sólríkar flisalagðar svalir. Verð 18,5 millj. 10032



RAUÐHELLA - HAFNARFJ. 275 fm atvinnuhúsnæði á góðum stað. Mjög stór malbikuð lóð, gott útipláss/gámapláss. Verð 41,5 millj. 10021



Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING Síðustu sýningar	Fim 25/1 kl. 20 Fim 8/2 kl. 20 AUKASÝNING Fös 16/2 kl. 20 AUKASÝNING Síðustu sýningar
EILÍF HAMINGJA	KARÍUS OG BAKTUS
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús	Forsala miða hefst á miðvikudag.
Sun 28/1 kl. 20 Frumsýning UPPSELT Fös 2/2 kl. 20 Sun 4/2 kl. 20	Sun 4. feb kl. 13 Sun 4. feb kl. 14 Sun 4 feb kl. 15 Sun 11. feb kl. 13 Sun 11. feb kl. 14 Sun 11. feb kl. 15
Miðasala 568 8000 www.borgarleikhus.is	BORGARLEIKHÚSIÐ Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Stóra sviðið kl. 20:00

STÓRFENGLI! eftir Peter Quilter.
Lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2. Fáar sýningar eftir.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrínu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökullson.
Lau. 27/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 4/2 kl. 14:00, sun. 11/2 kl. 14:00.

BAKKYNJUR eftir Evripides.
Fös. 26/1, lau. 3/2.
Hlin Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19:00 fyrir sýningarnar. Enginn aðgangseyrir.
Aðeins tvær sýningar eftir!

Smíðaverkstæðið kl. 20:00

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker.
Mið. 24/1 kl. 14:30 **uppsett**, lau 27/1, mið. 7/2 örfá sæti laus, fös. 2/2, mið. 7/2 örfá sæti laus, lau. 10/2, lau. 17/2 kl. 16:00 nokkur sæti laus, mið. 21/2 **uppsett**.
Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvisun skólaskirteinis.

Kassinn kl. 20:00 forsala hafin

SÆLUEYJAN eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Fös. 26/1, lau. 27/1, örfá sæti laus, fös. 2/2.

Kúlan

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 27/1 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 **uppsett** og kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 28/1 kl. 11:00, kl. 12:15, kl. 14:00 **uppsett** og kl. 16:00 **uppsett**, lau. 3/2 kl. 11:00, 12:15 og kl. 14:00, sun. 4/2 kl. 11:00, kl. 12:15 og kl. 14:00. **Síðustu sýningar.**

PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðsýning Bernds Ogrödniks eftir verki Prokofjevs
Frumsyning lau. 17/2 kl. 13:30 uppsett og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13:30 og kl. 15:00

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00.
Leikhúskjallarin er opin fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.
Upplýsingar í miðasölusíma.

menning

menning@frettabladid.is



STÆRSTI LÆRDÓMURINN ER EINFALDLEGA AÐ ÞORA Sólóplata Ólafar Arnalds er persónuleg, fingerð og farin í framleiðslu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ákveðin eldskírn

Margir bíða spenntir eftir fyrstu sólóplötu Ólafar Arnalds og nú gerir Fréttablaðið það heyrinkunnugt að frumburðurinn, „Við og við“, er væntanlegur um miðjan febrúar.

„Það er mjög erfitt að lýsa eigin tónlist – það er erfiðasta spurningin sem maður getur fengið,“ segir Ólöf. „Yrkisefnin eru öll um ákveðnar manneskjur í mínu lífi, þau fjalla mikið til um fjölskylduna mína og þá allra nánustu.“ Ólöf semur lög og texta plötunnar auk þess að syngja og leika undir á gítar.

„Þegar ég var að semja löginn fannst mér þau ósköp skrýtin en um leið og ég spilaði þau fyrir vini mína sögðu þau mér að þau væru mjög „Ólafar-leg,“ segir hún og kímur. „Ég held að þetta sé mjög áhlyðileg og indæl músík. Sumt er mögulega runnið undan rifium

einhverrar söngvaskáldahefðar en svo er líka fullt af öðru nýju sem kemur beint frá mér.“

Ólöf segist hlusta töluvert á tónlist söngvaskálda en segir að áhrifin komi alls staðar að. „Það er svo margt sem síast inn, úr öllum áttum og heimsálfum, en svo er líka mikill kraftur í tungumálinu,“ útskýrir hún. „Textarnir eru allir á íslensku og það er kannski eitt hvað úr íslensku þjóðlagaminni sem ratar inn í músíkina – ég veit það ekki.“ Ólöf kveðst nýbyrjuð að fást við textagerðina. „Ég hef fengið við skriftir og orð en ekki verið að gera texta og ég var ekki heldur að fást við sönglög. Þetta byrjaði þegar ég gerði texta við löginn hans Skúla Sverrissonar – þá kom ég út úr skápnunum sem textahöfundur,“ segir hún spök. Fyrirgreind plata Skúla, Sería, var ein af umtöluðustu plötum síðasta árs en Ólöf syngur einnig þrjú lög á plötunni.

Ólöf útskrifaðist af nýmiðlabraut Listaháskóla Íslands í vor.



VERKIÐ „EINS OG SAGT ER“ Útskriftarverkefni Ólafar Arnalds úr LHÍ vakti mikla athygli. Verkið byggir á heimsókn hennar og viðtölum við íbúa í New York sem tala ólík tungumál og hafa mismunandi sýn á tónlist.

> Ekki missa af...

Í Auga fyrir auga á Hverfisgötu 35 sýnir David McMillan ljósmyndir sínar frá Chernobíli. Myndir sínar tók hann á tíu ára skeiði eftir slysið 1986. Sýningin stendur til 28. janúar og er opin frá 15-19 miðvikudag og föstudag og laugardag og sunnudag kl. 14-17.

Sundance í fullum gangi

Sundance-hátíðin hófst á fimmtudagskvöldið með frumsýningu á heimildarmynd: Chicago 10 eftir Brett Morgen sem lýsir málaferlunum sem fylgdu í kjölfar flokksþings demókrata í Chicago 1968. Galaopnunin var lögð undir alls ólíka mynd: kanadíski leikstjórinn Sarah Polley frumsýndi verk sitt Away from Her á bandarískri fold: í aðalhlutverkum eru Gordon Pinsent og Julie Christie.

Eins og venjulega gekk Robert Redford fram fyrir skjöldu við upphaf hátíðarinnar og kynnti sig með nafni. Hann er orðinn 70 ára gamall og þetta árið segist hann viðurkenna að hert sé á vali mynda fyrir hátíðina. Fram til þessa hefur hin dæmigerða Sundance-mynd verið þroskasaga. Aðeins einu sinni fyrr hefur heimildarmynd verið opunarmynd, sörf-lýsingin Riding Giants. Reford ítrekaði enn að hátíðin er ekki markaður fyrir nýja vöru heldur hátíð listrænna kvikmynda. Ekki veitir af. Sundance hefur æ meir verið að taka á sig verslunarsvipinn. Hátíðin er gagnrýnd fyrir að sinna vinstrisinnuðum sjónarmiðum: „Hver sómakar maður með skynsemi er settur á bás til vinstri af öfgasinnuðum hægri mönnum.“

Félagarnir tíu sem mynduðu upphaflega hópinn sem kærður var fyrir mótmælin í Chicago var einmitt í brennipunkti fjölmiðla þegar Redford gekk í gegnum kynningu á Butch Cassidy and the Sundance Kid, sem á sinn hátt var upphafið að Sundance. Leikstjóri myndarinnar um tímninganna fæddist mánuði eftir öll lætin. Hann verður því ekki sakaður um að vera með nostalgiu, eftirsjá, eins og margir sem kenndir eru við „Babyboom“-kynslóðina. Fólkið sem sprengdi skólakerfin á Vesturlöndum og hleypti öllu úr báli og brand. Hann segist vilja sýna ungu fólki nú á tímum hvað menn voru tilbúnir að leggja mikið í sölnar fyrir málfrelsi og fundafrelsi. „Hvar eru þeir nú sem væru tilbúnir til hins sama,“ spyr hann.

Engar tókuvélur voru leyfðar í réttarsalnum. Morgan heldur sig frá aðalmerkjum heimildarmyndarinnar, sögumaður og talandi hausar eru ekki í þessari mynd hans. Sagan þýtur milli mótmælanna sem stóðu í þrjá daga og réttarhaldanna nær tveimur árum síðar. Þekktir leikarar fara með hlutverk hinna ákærðu: Nick Nolte, Hank Azaria og Roy Scheider þeirra á meðal.

Þótt hinir ákærðu væru bornir sökum sem gátu



ROBERT REDFORD Sjötugur, rifur kjáft og leikstýrir.

komið þeim í tíu ára fangelsi létu þeir illa í réttinum, hæddu dómáran sem einu sinni lét binda fyrir munn Bobbys Seale, varaformanns Svörtu hlébarðanna, í réttarsalnum. Chicago 10 vísar til þeirra átta sem ákærðir voru og lögfræðinga þeirra. Morgen tók að vinna við myndina fyrir fimm árum.

Að vanda var Redford aðeins til viðtals fyrsta daginn: Hann vinnur nú að kvikmyndinni Lions for Lambs. Í henni eru raktar þrjár tengdar sögur sem allar snerta stríðið í Afganistan. Tom Cruise leikur þingmann, Meryl Streep rannsóknablaðamann. Verkefnið er hið fyrsta undir merkjum United Artists, sem Cruise og Paula Wagner vilja vekja úr dvala.

- pbb



JOSÉ SARAMAGO METTI Á BÓKMENNTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK Bók hans Blinda er tilnefnd til þýðendaverðlauna Independent.

Verðlauna þýdd verk

Nú er ljóst hvaða erlendu verk þýdd eru tilnefnd til bókmenntaverðlauna í Bretlandi sem kennd eru við Independent. Í ljósi þess að breskar þýðingar eru algengur lykll að fjarlægum tungumálum og skáldum sem á þeim skrifa er tilhlýðilegt að birta listann. Þar eru bæði langar skáldsögur og smásagnasöfn og er listinn forvitnilegt þversnið af því sem ratar í enskum þýðingum. Við fyrstu sýn virðist aðeins ein af þessum bókum hafa birst á íslensku, Blinda eftir Saramago. Verðlaununum er skipt milli þýðanda og höfundar. Síðasta ár unnu verðlaunin þau Per Petterson og Anne Born fyrir fimmtu skáldsögu hans, sem hét Out Stealing Horses í enski þýðingu. En tilnefnd verk eru þessi:

My Father's Notebook eftir Kader Abdolah, The Book of Chameleons eftir José Eduardo Agualusa, Steal You Away eftir

Niccolò Ammaniti, The Speed of Light eftir Javier Cercas, The Moldavian Pimp eftir Edgardo Cozarinsky, The Story of Blanche and Marie eftir Per Olov Enquist, The Old Child eftir Jenny Erpenbeck, Just Like Tomorrow eftir Faïza Guène, Four Walls eftir Vangelis Hatzilyannidis, The Successor eftir Ismail Kadare, Stick Out Your Tongue eftir Ma Jian, Your Face Tomorrow 2: Dance and Dream eftir Javier Marías, Vienna eftir Eva Menasse, Wizard of the Crow eftir Ngugi wa Thiong'o, Havana Black eftir Leonardo Padura, A Thousand Rooms of Dream and Fear eftir Atiq Rahimi, Seeing eftir José Saramago, The Gaze eftir Elif Shafak, Shyness and Dignity eftir Dag Solstad, og Grace eftir Linn Ullmann.

Hér eru aðeins þrjú norræn rit á blaði og ekkert þeirra íslenskt.

- pbb

Írská forneskjan

Nýtt leikrit eftir eitt helsta leikskáld Íra um þessar mundir, Frank McGuinness, ber heitið There Came a Gypsy Riding og var frumsýnt í liðinni viku í Almeida-leikhúsinu í London þar sem það verður á fjölunum til 3. mars. Hætt er við að erfitt verði að ná sér í miða, bæði er Almeida virt leikhús, sætin þar ekki mörg, og í sýningunni leika þær Imelda Staunton og Eileen Atkins og þegar þeim bregður fyrir á sviði er aðsókn jafnan mikil. Michael Billington segir í Guardian á föstudag að leikur Atkins sé „breath-taking“.

Þetta er uppgjörleikrit og hlaðið írskum anda: Fjölskylda



FRANK MCGUINNESS Byltingarseggur og samkynhneigður baráttumaður.

kemur saman í Galway tveimur árum eftir að 19 ára piltur gekk í sjóinn, foreldrar, frænka og systkin halda upp á 21 árs afmælisdag hins látna. Ungi maðurinn vakir yfir öllu sem á sviðinu gerist, svipur hins látna vakir yfir öllu. Bæði foreldrar og systkini hafa sökkt sér í vinnu til að komast hjá sorg sinni, en þegar frænkan dregur upp bréf fer allt af stað.

Billington segir verkið, líkt og mörg ný og gömul írsk verk, nærast á hinu forna í írsku þjóðlífi, dulmagninu og hjátrúnni. McGuinness kom fyrst fram fyrir aldarfjórðung og á að baki tólf frumsamin verk, ellefu leikgerðir/þýðingar á sigildum verkum, þrjár ljóðabækur og að auki samdi hann kvikmyndahandritið að Dansinum í Lugnasa eftir Brian Friel sem er heldur ekki laust við forneskju-taut. Ekkert verka hans hefur verið flutt hér en þau hafa komið út flest í safni Methuen og eru til á íslenskum söfnum.

- pbb

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

19 20 21 22 23 24 25

Mánudagur

TÓNLEIKAR

20.00 Þjóðlagahljómsveitin Lava leikur í **Norræna húsinu**. Hljómsveitin er skipuð íslenskum, dönskum og norskum leiklistarnemum og flytja þau endurtúlkningar á íslenskum þjóðlögum í poppuðum stíl auk frumsaminnna laga. Sveitina skipa söngkonan **Hanna Margrét Snorradóttir**, gítarleikarinn **Martin Spens** og trommuleikarinn **Julie Adele Stang**.

SÝNINGAR

11.00 Sýningin **Frelsun lítarins/Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk fráfrönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. **Dr. Ólafur Kvaran** safnstjóri leiðir gesti um sýningu **Jóns Stefánssonar** listmálara sem var nemandi **Matisse** en verk hans er einnig að finna í safninu um þessar mundir.

- 11.00 Færeysku listmálarnir **Edward Fugle, Astrí Luihn, Sigrun Gunnarsdóttir, Torbjörn Olsen, Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Listamennirnir á sýningunni Einsýna List eru að mörgu leyti ólíkir en þau eiga það sameiginlegt að vera óhrædd við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Sýningin stendur til 4. febrúar.
- 13.00 **Melkorka Huldudóttir** sýnir á **Vesturvegg** menningarmiðstöðvarinnar **Skaffells** á **Seyðisfirði**. Sýningin **Beinin mín brotin** verður opin um helgar út janúar mánuð milli kl. 13-18.
- 15.00 **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Bateman ber heitið **Tyrfingar**. Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga en frítt er inn á fimmtudögum
- 17.00 **Bryndís Brynjarsdóttir** sýnir í **Listasal Mosfellsbæjar**. Sýningin ber yfirskriftina **Hið óendanlega rými og form** og stendur til 17. febrúar.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á hvar@frettabladid.is ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

GRALLARARNIR GERÐU ALLT VITLAUST Á AKUREYRI NÚ LOKSINS Í REYKJAVÍK! – ÖRFÁAR SÝNINGAR

KARIUS OG BAKTUS

Forsala hefst á miðvikudag!

Miðasalan opnar kl. 13.00 – fyrstir koma fyrstir fá!

Sun. 4. feb.	kl. 13
Sun. 4. feb.	kl. 14
Sun. 4. feb.	kl. 15
Sun. 11. feb.	kl. 13
Sun. 11. feb.	kl. 14
Sun. 11. feb.	kl. 15
Sun. 18. feb.	kl. 13

Næstu sýningar: 25. feb. og 4. mars.

Einstakt forsölutilboð:
Peir fyrstu 1.000 sem kaupa miða og lofa að bursta tennurnar með Colgate fá miðann á aðeins 1.000 kr!

Sýnt í Borgarleikhúsinu. Miðasala í síma 568 8000 og á netinu, www.borgarleikhus.is

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Sýningin tekur 25 mínútur í flutningi. Miðaverð 1.450 kr.

Samstarfsaðili: **BORGARLEIKHÚSIÐ**

Nú er tónlistin úr leikritinu komin út á geisladisk.

Diaz og Timberlake vinna úr sorginni

Cameron Diaz hefur lýst því yfir að hún vinni nú úr sorginni eftir skilnað sinn við söngvarann Justin Timberlake í byrjun ársins. Cameron segir að skilnaðir séu einfaldlega hluti af lífinu og hún neiti að láta það eftir sér að gráta sig í svefn.

„Maður verða bara að taka því að sambönd gangi ekki upp. Það er alls ekki gaman en maður verður að horfast í augu við það einhvern tímann og reyna að vinna sig úr sorginni. Ég er mjög ánægð með líf mitt núna. Líf mitt er ferðalag eins og hjá öðrum,“ segir Cameron.

„Suma daga finnst mér eins og ég sé með allt á hreinu en aðra daga veit ég hvorki í þennan heim né annan. Þannig er þetta þó bara, svona er þetta hjá öllum.“

Justin Timberlake hefur ekki verið eins fús til að tjá sig um sambandsslitin og Diaz. Hann hefur ákveðið að sökkva sér í vinnu og vonast til þess að sársaukinn hverfi þannig. Justin er lagður í langt tónleikaferðalag til að kynna nýju plötuna sína og hefur ekki fengist til að úttala sig um skilnaðinn. „Ástin er ekki alltaf einföld,“ sagði

hann í nýlegu viðtali. Þá viðurkendi hann að það hjálpaði sér mikið að geta sökkst sér í vinnu á þessum erfiðu tímum. „Það er alveg frábært,“ sagði Justin. Þau Cameron og Justin höfðu verið saman í fjögur ár þegar þau ákváðu að binda enda á sambandið.

SÖKKVIR SÉR Í VINNU Justin Timberlake vill fátt segja opinberlega um skilnaðinn en reynir að gleyma með því að vinna eins og vitlaus maður.

ÁNÆGD Cameron Diaz reynir að horfast í augu við að fjögurra ára samband hennar og Justin Timberlake er á enda.



BRITNEY SPEARS Tekur upp nýja plötu..

Plata í vinnslu

Popprinsessan Britney Spears var önnur kafin í hljóðveri alla síðustu viku eftir að hafa eytt helginni á fyrreri í Las Vegas með kærasta sínum Issac Cohen.

Britney er að taka upp lög í Hollywood fyrir sína næstu plötu og er hún víst hálfnuð með plötuna. Hún er sögð vera mjög spennu fyrir útkomunni og getur ekki beðið eftir því að sanna sig á nýjan leik í tónlistarbransanum.



TIL HAMINGJU, ELTON! Robbie Williams ætlar að stripa fyrir Elton John.

Strippar fyrir Elton

Robbie Williams þykir greinlega vænt um vin sinn Elton John. Elton verður sextugur 25. mars í ár og áformar að halda upp á áfangann með stórtónleikum í Madison Square Garden í New York. Elton ku hafa beðið stórsöngvarann Robbie Williams að koma fram á tónleikunum, sem Williams tók að sjálfsgöðu ekki illa í. Hann ætlar þó að gera gott betur en að þenja raddböndin, hann áformar að tina af sér spjarirnar fyrir framan áhorfendur við lagið You Can Leave Your Hat On.

Mikil stemning hjá Íslendingum á HM

HM í handknattleik hófst í Þýskalandi um helgina. Íslenskir stuðningsmenn voru í miklu stuði þegar þeir hituðu sig upp fyrir fyrsta leikinn á laugardag.

Fjöldi Íslendinga er mættur til Þýskalands til að fylgjast með handboltalandsliðinu sem hóf mótið með stórsigrinum á Áströllum á laugardag. Stuðningsmennirnir hituðu sig upp fyrir fyrsta leikinn á Hótel Ratswaage í Magdeburg og var mikil stemning í hópnum.



SPENNT Guðbjörg Jónsdóttir, Kjartan Már Hallkellsson, kaupfélagstjóri í stuðningsmannaversluninni, og Árni Þór Árnason eiginmaður Guðbjargar studdu sína menn.



ANDLITSMÁLUN Ólafur Lúðvíksson, hóteldstjóri á Hótel Eldborg á Snæfellsnesi, málaði íslenska fánann á andlit eigin konu sinnar, Gunnhildar Viðarsdóttur.



MÁGKONUR Þær Jóna Halldóra Tryggvadóttir frá Hvammstanga, til vinstri, og Inga Margrét Skúladóttir frá Borgarnesi voru heldur betur klárar í slaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



FEDGAR Á FERÐ Gústaf Björnsson, fyrrverandi handboltakempan og þjálfari, var mættur til Magdeburgar með Ragnari syni sínum.



ALLT AÐ VERÐA KLÁRT Matthildur Ósk Jóhannsdóttir var einbeitt á svip þegar hún málaði andlit Kára Þorleifssonar.



BROSMILD Guðrún Ína Einarsdóttir, Atli Hilmarsson handboltakempan og Ingvár á Salatbarnum brostu sínu breiðasta.

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

HEFST Í KVÖLD!



VINSÆLASTI SJÓNVARPSPÁTTUR Í HEIMI

American Idol, í kvöld kl. 20:55





AL PACINO Pacino mun leika Salvador Dalí í nýrri kvikmynd.

Al Pacino leikur Dalí

Leikarinn Al Pacino hefur tekið að sér hlutverk listamannsins Salvadors Dalí í nýrri kvikmynd sem nefnist Dalí & I: The Surreal Story.

Myndin fjallar um síðari ár Dalís, þar á meðal samband hans við listaverkasalann Stan Laurysens. Myndin verður byggð á skáldsögu eftir Laurysens. Annar handritshöfundur verður Andrew Niccol, sem leikstýrði Pacino í myndinni Simone. Hann hefur einnig leikstýrt Gattaca og gerði handritið að The Truman Show.



JULIA ROBERTS Leikkonan heimsfræga á von á sínu þriðja barni.

Drengur í sumar

Leikkonan Julia Roberts á von á sínu þriðja barni 22. júní. Fyrir á hún tvíburana Hazel og Phinnaeus með myndatökumanninum Danny Moder. Julia á von á dreng og er víst hæstánægð með framvindu mála.

Julia, sem sló í gegn í myndinni Pretty Woman, hefur marggöft lýst því yfir að hún vilji eignast stóra fjölskyldu. Áður en hún eignaðist tvíburana hafði hún lengi reynt að verða ófrísk en án árangurs.



ÓPEKKT ANDLIT? Öryggisverðir á Golden Globe hátíðinni ætluðu ekki að hleypa Hilary Swank að rauða dreglinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

Meinaður aðgangur

Leikkonunni Hilary Swank var meinaður aðgangur að Golden Globe verðlaunahátíðinni sem fram fór í Hollywood síðastliðinn mánudag. Samkvæmt heimildum New York Post stakk Swank höfðinu út um gluggann á glæsikerru sinni svo að öryggisverðir áttuðu sig á því hver hún væri. Það hafði þó lítið upp á sig því verðirnir báru ekki kennsl á Óskarsverðlaunahafann Swank. Leikkonan og kærasti hennar, John Campsi, þurftu því að húkka sér far með annarri glæsikerru sem var leyft að aka upp að rauða dreglinum. Swank var ekki þar hrifin af vandræðagangi öryggisvarðanna, og ku hafa sýnt þeim fingurinn áður en hún rólti inn á dreglinn.

Jenna vill Scarlett

Leikkonan Scarlett Johansson mun hugsanlega leika klámmynda-stjörnunna Jennu Jameson í nýrri kvikmynd um ævi hennar.

Jameson hefur óskað eftir því að Johansson fari með aðalhlutverkið. Á hún í viðræðum við framleiðendur í Hollywood og vonast til að tókur á myndinni hefjist á næsta ári. Verður hún byggð á bók hennar, How to Make Love Like a Porn Star: A Cautionary Tale.

Scarlett hefur sjálf lýst því yfir að hún sé tilbúin til að fækka fötum fyrir framan myndavélina ef rétta hlutverkið reki á fjörur hennar. Ætti hún að fá fjölmörg slík tækifæri í þessari mynd, enda hefur Jameson leikið í yfir hundr-



SCARLETT JOHANSSON Scarlett mun hugsanlega leika klámmyndaleikkonuna Jennu Jameson í nýrri kvikmynd.

að klámmyndum og er ein launa-hæsta klámmyndaleikkona heims.

Bönnuð í Kína

Kínverska kvikmyndaeftirlitið hefur bannað sýningar á mynd Martins Scorsese, The Departed. Ástæðan er sú að í myndinni er fjallað um vilja Kínverja til vopna-kaupa.

Scorsese fékk nýlega Golden Globe-verðlaunin sem besti leikstjórinn fyrir myndina og telja margir að hann eigi líka eftir að fá Óskarinn. „Það er ekki möguleiki á að The Departed verði



THE DEPARTED Jack Nicholson, Matt Damon og Leonardo DiCaprio fara með aðalhlutverk-in í The Departed.

sýnd vegna þess að Bandaríkjamenn neituðu að breyta atriði þar sem menn frá Peking vildu kaupa tölvuforrit sem átti að nota til hernáðar,“ sagði kínverskur heimildar-maður.

Ekki er talið að bannið muni aftra Kínverjum frá því að sjá myndina því hægt er að kaupa afrit af henni á DVD-mynddiski á götunum í Kína.

SIMPLY CLEVER



Škoda Roomster

Snarpur, klókur og kemur á óvart!

KOMA SVO STRÁKAR, ÁFRAM!



RÚM FYRIR MEIRA!

Það skiptir ekki mestu máli að vera stærstur heldur hvernig þú nýtir það sem þú hefur. Með því að vera snarpur, klókur og útsjónarsamur getur þú komið andstæðingnum á óvart og haft betur. Škoda Roomster er gott dæmi um þetta. Notagildið, rýmið, flott hönnunin, aðgengið og frábært útsýnið er í heimsklassa.

Škoda Roomster mun koma íslensku þjóðinni skemmtilega á óvart.



LANGAR ÞIG Á HM Í HANDBOLTA?

Komdu þá og reynsluaktu Škoda og þú gætir unnið miða fyrir tvo á úrslitaleikinn á HM í handbolta í Þýskalandi 4. febrúar, flug með Ícelandair og gistingu á glæsihótel.

HEKLA er stuðningsaðili HSI – ÁFRAM ÍSLANDI!



Nýtt í bíó

FYRSTA STÖRMYND ÁRSINS!
3 VIKUR Á TOPPNUM Í USA!

FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
MEÐ BEN STILLER OG ROBIN WILLIAMS

NIGHT AT THE MUSEUM

Coca-Cola L LUXUS

MEISTARAVEKUR EFTIR
MEL GIBSON
APOCALYPTO

★★★★★
D.Ö.J. Kvikmyndir.com
V/V TOPPS.IS
Gagnrými, baggjalur.is

KÖLD SLÓÐ

★★★★★
Ég var misg ástæða með þessu mynd, þetta er einfaldlega góð spennusaga, handritið er gott, þétt fljótt með óvenntum snúningum. Blanda af spennu romantík og rómantik. Ekki missa af þenni. Rokkland á rás 2

★★★★★
SIGVALDI SVALLI - KALDALÓNS
DAGSKRÁRSTJÓRI
FM957/MORGUNPÁTTURINN ZÜBER

ENGIN FÁR FLUÐI ÖRLOG SIN

★★★★★
ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON -
FRÉTTABLAÐIÐ

16

KAUPPING
FRÉTTABLAÐIÐ

20% afsláttur fyrir alla viðskiptavini Kaupþings ef greitt er með korti frá Kaupþingi

LITTLE MISS SUNSHINE

★★★★★
H.J. - MBL
Topp5.is

FRÉTTABLAÐIÐ 7 græna ljósið

Ath: Ekkiert hlé á myndum Græna ljósið.

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20
SÝND Í LUXUS	kl. 3.20, 5.40, 8 og 10.20
APOCALYPTO	kl. 5, 8 og 10.55 B.I. 16 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE	kl. 5.50 B.I. 7 ÁRA
KÖLD SLÓÐ	kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA
ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ISL. TAL	kl. 3.40
ERAGON	kl. 3.40 B.I. 10 ÁRA
CASINO ROYALE	kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA
MÝRIN	kl. 8 B.I. 12 ÁRA

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 6, 8.20 og 10.40
APOCALYPTO	kl. 6 og 9 B.I. 16 ÁRA
KÖLD SLÓÐ	kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA
LITTLE MISS SUNSHINE	kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA
CASINO ROYALE	kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBÖGINN Á **midi.is**

450 kr. í bíó! (það er sátt spjald)

Borgarbíó SÍMI 462 3500

NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 5.50, 8 og 10.10
APOCALYPTO	kl. 8 B.I. 16 ÁRA
KÖLD SLÓÐ	kl. 6 B.I. 12 ÁRA

LAUGARAS BÍÓ bara lúxus

Sími 553 2075

FYRSTA STÖRMYND ÁRSINS
Ótrúleg ævintýramynd sem var 3 vikur á toppnum í USA!

BEN STILLER
NIGHT AT THE MUSEUM

Frábær gamanmynd með Ben Stiller og Robin Williams í aðalhlutverkum

Sýnd kl. 5.45, 8 og 10.15

JOSH HARTNETT SCARLETT JOHANSSON
ARRON ECKHART og HILARY SWANK

Employee of the Month

Sýnd kl. 6 og 8

the Black Dahlia

Sýnd kl. 8 og 10.15 b.i. 16

BEGGJUD TÓNLIST

Sýnd kl. 6 ISL TAL Sýnd kl. 10.15 b.i. 12

www.laugarasbio.is MIDASALA OPNAR KL. 5:30

Ekki meiri Rocky

Leikarinn Sylvester Stallone hefur heitið því að sjötta og nýjasta myndin um hnefaleikakappann Rocky Balboa verði sú allra síðasta.

Stallone, sem er sextugur, segir að hann hafi enga þörf lengur fyrir að kvikmynda ævintýri Rockys. „Ég trúir því að í lífinu getum við ekki náð langt á öllum sviðum. Oftast töpum við en í þau fáu skipti sem við vinnum verðum við að tryggja að það hafi verið mikilvægir bardagar. Það er allt í lagi að tapa þessum litlu bardögum en bardagarinn sem eru persónulegir og snúast um ást og sambönd þurfa að vinnast,“ sagði Stallone. „Ég vil að Rocky verði minnst fyrir arfleidd sína, að hlaupa upp þrepin og fyrir tónlistina. Fólk hlýpur í raun og veru upp þessi þrep til að fá innblástur.“



SYLVESTER STALLONE
Stallone hefur heitið því að sjötta og nýjasta Rocky-myndin verði sú síðasta.

Graffararnir bíða vorsins

Graffítillistamenn eða graffarar eiga ekki sjö dagana sæla um þessar mundir. Ekki aðeins hafa borgaryfirvöld skorið upp herör gegn þess háttar skreytilist heldur viðrar ekki beinlínis til útiveru með úðabrúsa sem flestir eru gerðir með suðrænna loftslag í huga. Sköpunarþörfin er rík en menn vilja ekki að þá kali á höndunum svo flestir bíða vorsins.

„Þeir hjá borginni fá þetta allt í bakið,“ segir listamaðurinn Nomed – sem vill ekki fram undir nafni á opinberum vettvangi – en hann er ásamt félögum sínum ýmsum hnútum kunnugur þegar kemur að graffítí. Aðgerðir borgarinnar gegn graffi hafa að mestu falist í því að mála fljótt yfir þau verk sem skjóta upp kollinum en einnig er fylgst betur með þeim sem stunda þessa iðju.

„Ég hef fengið þrusuhár sektir,“ segir Nomed og útskýrir ástríðu sína fyrir þessu listformi, „mér er sama þó ég yrði handtekinn,“ segir hann. „Það er meiri hætta á að maður sé böstaður ef maður er kærulaus og fullur,“ bætir félagi hans við. „Eftir því sem fólk eldist eykst skynsemin,“ segir Nomed íbygginn og segir að margir hætti að graffa þegar þeir komast á þrítugsaldurinn en það sé tvíþent því vitanlega séu þeir bestir sem hafa verið lengst að. „Það er auðvitað erfðara að hætta ef maður er orðinn góður,“ segir hann.

Nomed segir ómögulegt að áætla hversu stór hópur stundi þessa list, sífellt séu nýir lista-



GRAFF Í HELLINUM, TÓNLISTARÞRÓUNARMIÐSTÖÐINNI VIÐ HÓLMASLÓÐ Listamennirnir Nomed, Fresh og Noak tóku sér kúnstpásu þegar ljósmyndarinn leit inn.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

menn að bætast við og aðrir að hætta. Hann er hins vegar nokkuð viss um að aðeins þrjár stelpur stundi graffið af einhverri alvöru. Listafólkið lærir hvert af öðru auk þess sem nú er hægt að nálgast leiðbeiningar og upplýsingar um graff á netinu. Margir líta graffið hornauga en eins og með aðra list er smekkur manna misjafn. Nomed bendir á að mikilvægt sé að gera greinarmun á list og skemmdarverkum og það geti alvöru graffarar gert - hins vegar sé alltaf til graffarar sem skemma fyrir öðrum.

„Þetta er ekki lífshættulegt sport,“ segir hann að lokum og bendir á að sífellt fleiri noti nú sérstakar öndunargrímur við iðju sína. „Þetta eru náttúrulega ekki hollustu efni í heimi sem við erum að vinna með en það eru mest þeir eldri sem nota þær.“

Hann segist ekki búast við að hætta að sinna þessari ástríðu sinni í bráð.

„Etlí maður deyi ekki með brúsanum í höndunum – kannski út af gufunum, kannski út af einhverju allt öðru.“

krístrun@frettabladid.is

ÞAÐ IÐAR ALLT AF LÍFI!

FYRSTA STÖRMYND ÁRSINS!
3 VIKUR Á TOPPNUM Í USA!

FRUMSÝND 19. JANÚAR

NIGHT AT THE MUSEUM

9 HVER VINNUR

SENDU SMS JA NMF Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO!
VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVO, DVD MYNDR OG MARGT FLEIRA!

Coca-Cola

Fjöldi á baráttutónleikum

Fjöldi fólks lét sjá sig á baráttutónleikum fyrir framtíð Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar á dögunum. Þar var starfsemin kynnt og félagsmenn stígu á svið.

Tónlistarþróunarmiðstöðin hefur átt við fjárhagsöruggleika að stríða. Hefur mikil óvissa ríkt varðandi framtíð hennar, m.a. hvort sá fjöldi listamanna sem þar starfar þarf að leita sér að nýju húsnæði.

Tónleikarnir voru haldnir frá klukkan 17 til 22 og á meðal þeirra sem komu fram voru Lay Low, My Summer as a Salvation Soldier, Benny Crespo's Gang, I Adapt og Changer.



ROKKAÐ AF KRAFTI Fjölmargar hljómsveitir stígu á svið á baráttutónleikumum og rokkðu flestar af krafti fyrir gestina.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Í GÓÐUM GÍR Þessir tveir félagar voru í góðum gír á tónleikumum.

PITT BLANCHETT GARCÍA BERNAL YAKUSHO

EF ÞÚ VILT FÁ SKILNING ... ÞARFTU AÐ HLUSTA

BABEL

GOLDE GLOBE
BESTA MYND ARSINS

★★★★★

FBI

TOPPS.IS

★★★★★

PANAMAJS

1000 KR. MID/ERD

FRÁ ÞEIM SÖMU OG GERÐU VERÐLAUNA MYNDINA BÖRN

FORELDRAR

BYKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

AÐALLEIKARARNIR FARA Á KOSTUM

SAMBIÓN

HUGH JACKMAN CHRISTIAN BALE SCARLETT JOHANSSON MICHAEL CAINE

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA

FRÁ LEIKSTJÓRA BATMAN BEGINS OG MEMENTO

THE PRESTIGE

MÖGNUM OG TÖFRANDI SPENNA SEM HELDUR ÞÉR Í HELJARGREIPUM

Háskólabíó		Háskólabíó	
FORELDRAR	kl. 6 - 8 - 10	THE HOLIDAY	kl. 8
BABEL	kl. 6 - 9 - 10:30	FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:30 - 8
THE PRESTIGE	kl. 5:30 - 8	DÉJÁ VU	kl. 10:30
THE CHILDREN OF MEN	kl. 5:50	THE DEPARTED	kl. 10:30

SAMBÍÓN / ÁLFABAKKA		SAMBÍÓN / KRINGLUNNI		SAMBÍÓN / KEFLAVÍK		SAMBÍÓN / AKUREYRI	
BABEL	kl. 5:30 - 8 - 10:50	THE CHILDREN OF MEN	kl. 8:30 - 10:30	FORELDRAR	kl. 6 - 8:30 - 10:30	NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 8 - 10:15
BABEL VIP	kl. 8 - 10:50	THE CHILDREN... VIP	kl. 5:30	THE PRESTIGE	kl. 6 - 8:15 - 10:40	KÖLD SLÓÐ	kl. 8
FORELDRAR	kl. 4 - 6 - 8 - 10	FRÁIR FÆTUR M-Ísl tal.	kl. 3:20 - 5:40	STRANGER THAN FICTION	kl. 10:30	THE PRESTIGE	kl. 10:15
THE PRESTIGE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	HAPPY FEET M-Ersk tal.	kl. 3:20	FRÁIR FÆTUR M-Ísl tal.	kl. 5:50	THE CHILDREN OF MEN	kl. 10:20
STRANGER THAN FICTION	kl. 5:40 - 8 - 10:30	SKOLAD Í BURTU M-Ísl tal.	kl. 3:20	HAPPY FEET M-Ersk tal.	kl. 8:10	HAPPY FEET m/Ísl tal.	kl. 6
						FLAGS OF OUR FATHERS	kl. 5:40

Skráðu þig á **SAMBIO.IS**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sienna Miller og Josh Hartnett sátust saman á Chateau Marmont hótelinu vinsæla í Hollywood í síðustu viku, en þau eru bæði nýkomin úr samböndum. Miller hætti endanlega með **Jude Law** í nóvember og **Hartnett** og **Scarlett Johansson** slitu sambandi sínu seint á síðasta ári. Þó að talsmenn parsins standi fastir á

því að þau séu ekki annað en vinir, segja vitni að þau hafi verið nokkuð nán í sófanum. Miller sagðist nýlega vera hætt að elta við eldri menn, þar sem þeir héldu hreinlega ekki í við hana. Hún gæti því fengið ósk sína uppfyllta, þar sem Josh Hartnett er sex árum yngri en Jude Law.

Bloom séu nýjasta parið í Hollywood. Þau sátust haldast í hendur í október, en neit-uðu bæði staðfestlega að þau ættu í ástarsambandi. Eftir að þau sátust saman á tónleikum **Justins Timberlake**, og spænska þokkadísinn hjálpaði Bloom að halda upp á afmælið sitt í síðustu viku, lifnaði orðrómurinn þó við að nýju. Bloom ku ekki hafa haft augun af leik-

konunni allt kvöldið, þó að hann væri umkringdur fegurðardísun.

Salma Hayek á hundi sínum mikið að þakka. Leikkonan sagði Us Weekly frá því að tikin Diva hefði bjargað lífi hennar skömmu fyrir Golden Globe verðlaunaafhendinguna. Hayek þjáðist af

höfuðverk og ákvað að leggja fyrir. Hún vissi svo ekki af sér fyrir en að tikin Diva fór hamföllum við að rífa í ermi hennar og reyna að toga leikkonuna út úr húsinu. Þá áttaði Hayek sig á því að skrúfað var frá gasinu í húsi hennar. Væri það ekki fyrir hundinn hefði getað farið illa og Hayek aldrei komist á Golden Globe, þar sem hún tók við verðlaunum fyrir þáttaröðina Ugly Betty, sem hún framleiðir.

Miklar vangaveltur eru nú uppi um hvort **Penelope Cruz** og **Orlando**

Útsala

Allt að

50%

afsláttur af skóm

HJÁ FLEXOR FÆRÐU:

- Göngugreiningu
- Hitahlífar
- Íþróttaskó
- Ráðgjöf
- Stuðningshlífar
- Gönguskó
- Innlegg
- Armstafi
- Barnaskó

NÆSTA SKREF

Suðurlandsbraut 34 · Hafnarstræti, Akureyri · Sími 517 3900

GOTT FÓLK MÓÐAN

> Eitt Íslandsmet féll

Eitt Íslandsmet féll á Reykjavíkurléikunum sem haldnir voru í frjálsþrótt höllinni í Laugardal í gær. Kári Steinn Karlsson bætti 26 ára gamalt met Jóns Friðrikssonar í 3000 metra hlaupi um eina sekúndu. Þá féllu nokkur unglíngamet, meðal annarra hjá Einari Daða Lárussyni og Stefaníu Hákonardóttur í 400 m hlaupi karla og kvenna. Bæði eru þau á sautjándra aldursári. Þá var Sveinn Elías Eliasson fimm hundradshluta úr sekúndu frá eigin Íslandsmeti í 200 m hlaupi.

sport
sport@frettabladid.is



ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR: FYRIRLIÐINN ÁN/EGÐUR MEÐ JAFNAR DAGPENINGAGREIÐSLUR KSÍ

Miklar gleðifréttir fyrir landsliðskonur

Á stjórnarfundum Knattspyrnusambands Íslands um síðustu helgi var ákveðið að jafna dagpeningagreiðslur til landsliðsmanna karla- og kvennaliðsins. Leikmenn fá nú fimm þúsund krónur fyrir hvern dag sem þeir eru í landsliðsverkefni. Er það umtalsverð hækkun fyrir landsliðskonur.

Þá var einnig ákveðið að heita kvennaliðinu tíu milljónum króna ef það kemst í úrslitakeppni Evrópumótsins sem verður leikin í Finnlandi árið 2009. Fyrsti leikur liðsins í undankeppninni verður gegn Grikklandi í vor. Fjárhæðin skiptist jafnt á milli þeirra leikmanna sem taka þátt í undankeppninni.

„Þetta er auðvitað frábært,“ sagði Ásthildur Helgadóttir landsliðsfyrirliði þegar Fréttablaðið innti eftir viðbrögðum hennar við tilkynningunni. „Mér finnst þetta mjög

gott og ánægjulegt að þeir skuli gera þetta. Mér finnst þetta í raun vera sjálfsagður hlutur án þess að ég vilji hljóma vanþakklát. Með fullri virðingu fyrir því sem við höfum fengið í okkar hlut hingað til er þessi breyting miklar gleðifréttir.“

Fréttablaðið vakti máls á þessu í haust og í kjölfarið varð mikil umræða í þjóðfélaginu um þennan ójafnuð sem ríkti milli landsliðsmanna karla- og kvennaliðsins.

„Það er erfitt að segja af hverju það var ákveðið að gera þetta nú. Þetta mál hefur verið mikið í umræðunni og kannski að það hafði einhver áhrif. Stjórn KSÍ vill þó eflaust breyta rétt til og hún er að gera það rétta í málinu.“

Hún segir að landsliðskonur hafi áður þrýst á forráðamenn KSÍ um ýmis málafni, ekki einungis dagpeningagreiðslur. „Við

höfum látið óánægju okkar í ljós með ýmislegt, ekki bara þetta. Þó ekki með látum eða leiðindum. Þessir hlutir vilja gerast hægt og það er því oft spurning um hvaða leið maður vill fara til að ná sínu fram.“



ÓLAFUR INGI Fer til Suður-Afríku í æfingaferð með sænska liðinu Helsingborg. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ólafur Ingi Skúlason: Fer með til Suður-Afríku

FÓTBOLTI Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Ólafs Inga Skúlasonar, leikmanns Brentford á Englandi, staðfesti við Fréttablaðið í gær að Ólafur Ingi færi með Helsingborg í æfingaferð til Suður-Afríku á föstudaginn. Hann æfði með liðinu í Svíþjóð í síðustu viku og er mikill áhugi hjá félaginu fyrir því að fá Ólaf Inga.

Það má því líklegt telja að ef hann stendur undir væntingum í Suður-Afríku sé lítið því til fyrirstöðu að hann gangi til liðs við félagið. - esá

GAIS í Svíþjóð:

Lagði fram tilboð í Eyjólf

FÓTBOLTI Sænska úrvalsdeildarfélagið GAIS hefur gert tilboð í Eyjólf Héðinsson, leikmann Fylkis. Hann æfði með liðinu fyrir skömmu og heillaði forráðamenn liðsins. Með því leikur Keflvíkingurinn Jóhann B. Guðmundsson. Eyjólfur mun sjálfur vera spenntur fyrir GAIS sem á nú í viðræðum við forráðamenn Fylkis.

„Það voru einhverjar tölur nefndar en málið er enn á viðræðustigi,“ sagði Hörður Antonsson, formaður meistaraflokksráðs Fylkis. - esá

Spænski fótboltinn:

Fjögur rauð

FÓTBOLTI Fjórir leikmenn Osasuna fengu að líta rauða spjalðið á laugardag þegar liðið tapaði 1-0 fyrir Atletico Madrid í spænska boltanum. Osasuna er fyrsta liðið í spænsku deildinni sem fær það mörg rauð spjöld í einum leik í tíu ár. Snemma leiks varð kamerúnski sóknarmaðurinn hjá Osasuna, Pierre Webo, fyrir barðinu á kynþáttanói stuðningsmanna Atletico.

Tólf mínútum fyrir leikslok fór fyrsta rauða spjalðið á loft. Dæmd var vítaspýrna á Carlos Cuellar en Fernando Torres skaut í stöng. Á 84. mínútu skoraði Ze Castro eina mark leiksins og eftir það varð allt vitlaust á vellinum. Nokkrum sekúndum fyrir lokaflautið varð Raúl García fjórði leikmaður Osasuna til að fá rauða spjalðið. - egm

Frábær sigur íslenska landsliðsins

Íslenska landsliðið í badminton vann frækinn sigur í Evrópukeppni B-þjóða en mótinu lauk í Laugardalshöllinni í gær. Ísland vann lið Írlands í úrslitaviðureigninni þar sem úrslitin réðust í síðasta leiknum.

BADMINTON Það kom í hlut Rögnu Ingólfssdóttur og Tinnu Helgadóttur að há hreinan úrslitaleik um gullið á Evrópumóti B-þjóða í badminton sem fór fram í Laugardalshöll um helgina. Staðan í viðureigninni var þá 2-2 og því ljóst að úrslitin myndu ráðast í tvíliðaleik kvenna.

Ragna og Tinna unnu fremur auðveldan sigur, 21-16 og 21-16. Ísland stóð því uppi sem sigurvegari mótsins en fyrir úrslitaviðureignina hafði Ísland tryggt sér eitt af efstu þremur sætum mótsins sem tryggir þátttökurétt í A-deild Evrópukeppninnar.

Ísland vann allar sínar viðureignir á mótinu. Ragna Ingólfssdóttir, einn sterkasti keppandi mótsins, tapaði aðeins einni viðureign allt mótið og var vitaskuld hæstánægð með árangurinn.

„Þetta var ótrúlegt. Það gekk allt upp. Við náðum afskaplega vel saman og áhorfendur studdu okkur vel allan tímann,“ sagði Ragna.

Hún segir að fyrirfram hafi Ísland átt þriðja sterkasta liðið í sínum riðli og því hafi árangurinn komið nokkuð á óvart, ekki síst þeim sjálfum.

„Okkar leikaðferð var að taka bara eina viðureign fyrir í einu. Það kom okkur þó alltaf örliðið á óvart hversu vel okkur gekk. Ísland vann þessa keppni árið 1999 og vildum við vissulega leika það eftir, sérstaklega á heimavelli. En okkur datt aldrei í hug að okkur myndi takast að klára þetta mót með svona miklum stæl. Ég trúir þessu varla ennþá,“ sagði hún.

Mótið var vel sótt af áhorfendum og eins og Ragna segir var vel stutt við bak íslenska landsliðsins. „Það var búið að skipuleggja mikið



SÆTUM SIGRI FAGNAÐ Ragna Ingólfssdóttir þakkar áhorfendum fyrir stuðninginn á meðan félagar hennar fagna frábærum sigri á Írlandi í úrslitaviðureigninni. MYND/FRÍMANN ARI FERDINANDSSON

og gott klapplið sem var búið að æfa alls kyns lög. Það var klappað eftir hvern einasta bolta og maður gat aldrei leyft sér að slaka neitt á. Við vorum einfaldlega barin áfram. Badminton er einstaklingsfrótt en okkur leið eins og við værum í hópþrótt og er það í fyrsta sinn sem ég upplifa það. Það mætti kannski helst líkja þessu við stemninguna sem ríkir á leik með landsliðinu í handbolta.“

Sem fyrr segir tapaði Ragna aðeins einni viðureign á mótinu en vann alla sína leiki í einliðaleik.

„Ég þekki allar þessar stelpur frá öðrum mótum og hef oftast unnið þær áður. Ég taldi mig því eiga góðan möguleika í einliðaleiknum. Svo gekk mjög vel í tvíliðaleiknum. Fyrstu tvo leikina spilaði ég með Katrínu (Atladóttur) sem ég þekki afar vel og svo með Tinnu. Og við náðum einnig

mjög vel saman þó við höfum aldrei spilað saman áður í tvíliðaleik.“

Ísland verður á meðal keppnisþjóða þegar keppni í A-deild verður háð í Danmörku á næsta ári. „Ég vona að okkur muni ganga vel þar. Þetta er allavega mikil og góð reynsla sem við öðlumst við að keppa við þá bestu í Evrópu.“

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Manchester United mistókst að auka forskot sitt í ensku úrvalsdeildinni:

Sigurmark Henry í uppbótartíma

FÓTBOLTI Arsenal átti frábæra endurkomu í stórleik gær dagsins í enska boltanum þegar liðið vann 2-1 sigur á toppliði Manchester United. Eftir markalausan fyrri hálfleik skoraði Wayne Rooney með skalla þegar átta mínútur voru liðnar af þeim síðari. Robin van Persie náði að jafna á 83. mínútu og í viðbótartíma var það Thierry Henry sem skoraði dramatiskt sigurmark með skalla.

Hvorugt liðið náði að sýna bestu spilamennsku sína í gær en Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, nagar sig væntanlega í handarbökin yfir því að liðið missti af þremur dýrmætum stigum á nokkrum mínútum. Mark Rooneys var aðeins hans annað í fjórtán leikjum. Jose Mourinho hlýtur að hafa brosað þegar Henry skoraði en forysta United helst í sex stigum eftir leiki helgarnnar. Arsenal er í fjórða sætinu, stigi á eftir Liverpool sem er fimm stigum á eftir Chelsea. - egm

„Það er ekki á hverjum degi sem maður skorar með skalla og frábært að koma svona til baka gegn Manchester United eftir að hafa lent undir. Við vorum óákveðnir í byrjun og United stjórnaði leiknum. Við byrjuðum síðari hálfleikinn betur en fáum síðan þessa blautu tusku í andlitið þegar þeir skorðu,“ sagði Henry. Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var einnig í skýjunum eftir leikinn.

„Ég er með nokkur ljón í mínu liði sem verða sterkari með hverjum leiknum. Það er alltaf gaman að ná að sigra United en þessi sigur var sérstaklega sætur. Þegar þeir komust yfir ætluðu þeir bara að reyna að halda þeirri stöðu en það virkaði ekki,“ sagði Wenger. Sir Alex Ferguson, stjóri United, sagðist vona að sínir menn myndu læra að þessum mistökum. Þá hrósaði hann Michael Carrick fyrir hans frammistöðu í leiknum. - egm



SIGURMARKIÐ Henry skallar hér í mark United þegar um þrjár mínútur voru komnar fram yfir venjulegan leiktíma. - egm



ANDY JOHNSON Fór sárþjáður af velli vegna ókklameiðsla. NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska úrvalsdeildin:

Sjöunda tap Wigan í röð

FÓTBOLTI Wigan tapaði sínum sjöunda deildarleik í röð þegar liðið beið lægri hlut 0-2 fyrir Everton á heimavelli sínum í gær. Mikel Arteta kom Everton yfir úr vítaspýrna á 65. mínútu en fram að því hafði leikurinn verið einstaklega bragðdaufur. Arteta skoraði síðan aftur í uppbótartíma eftir sendingu frá Phil Neville sem fagnaði þrífugsafmæli sínu í gær.

Wigan er aðeins tveimur stigum frá fallsæti en fyrir neðan er lið West Ham. Everton heldur hins vegar áfram að sigla lygnan sjó um miðja deild. - egm



DAVÍÐ GEORSSON Lætur finna fyrir sér í leik gegn Haukum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Meiðsli í herbúðum ÍR:

Ligg bara í leti og horfi á HM

HANDBOLTI Davíð Georgsson, handboltamaðurinn efnilegi úr ÍR, hefur gengist undir aðgerð vegna meiðsla á hné. Davíð er aðeins nítján ára en hefur leikið lykilhlutverk með ÍR í DHL-deildinni og skorað mikið. „Þessi meiðsli hafa verið að hrjá mig í allan vetur en hnéð gaf sig síðan bara á æfingu. Ég fór í segulómun og þar kom í ljós að liðþófinn var rifinn og ég þurfti í aðgerð,“ sagði Davíð eftir aðgerðina en hún heppnaðist vel.

Leikmenn ÍR fóru í vikunni til Kanaríeyja en Davíð komst ekki með vegna meiðslanna. „Það voru vonbrigði að komast ekki út með strákunum en þetta var það eina í stöðunni. Ég verð frá í tvær til þrjár vikur og býst við að verða klár þegar mótið byrjar. Maður verður bara rólegur heima í sófanum og fylgist með HM,“ sagði Davíð Georgsson. - egm



LARSSON Hefur fundið sig vel á Old Trafford. NORDIC PHOTOS/GETTY

Henrik Larsson:

Vill klára tíma-bilið hjá United

FÓTBOLTI Sænski sóknarmaðurinn Henrik Larsson hefur lýst því yfir að hann vilji klára tímabilið á Old Trafford. Lánssamningur hans við Manchester United rennur út 12. mars og þá á hann að snúa aftur til Helsingjaborgar. Sir Alex Ferguson vill halda Larsson eins lengi og mögulegt er en sænska félagið gaf það út í síðustu viku að lánssamningurinn yrði ekki lengdur. - egm

Kolbeinn Sigþórsson:

Stendur sig vel hjá Álasundi

FÓTBOLTI Nokkur félög í Evópu hafa áhuga á hinum sextán ára Kolbeini Sigþórssyni. Hann hefur verið til reynslu hjá norska úrvalsdeildarfélaginu Álasundi síðustu daga og spilaði á laugardag æfingaleik gegn Hødd. Hann varð þó að fara af velli vegna meiðsla snemma leiks. „Okkur lýst mjög vel á þennan leikmann. Hann er ótrúlega góður miðað við að vera þetta ungur,“ sagði Sturla Voll, aðstoðarþjálfari Álasunds, við Sunnmørsposten og greinilegt að Álasund vill semja við Kolbein.

Samkvæmt blaðinu hafa hollenska liðið PSV Eindhoven og enska úrvalsdeildarfélagið Blackburn einnig mikinn áhuga á Kolbeini. Hann er uppallinn hjá Víkingi en spilaði með HK síðasta sumar, samningur hans er nú runninn út. - egm

Jóhannes Karl Guðjónsson fór í gær til Burnley og fer í lækni skoðun í dag:

Jóhannes Karl semur við Burnley í dag

FÓTBOLTI „Ef ekkert óvænt kemur upp á í dag eða á morgun verð ég væntanlega orðinn leikmaður Burnley á morgun,“ sagði Jóhannes Karl Guðjónsson þegar Fréttablaðið náði tali af honum í gær. Þá var hann nýlentur í Manchester á leið til fundar við forráðamenn Burnley sem leikur í ensku 1. deildinni.

Í sumar gekk hann til liðs við hollenska úrvalsdeildarliðið AZ Alkmaar frá Leicester City. Louis van Gaal, þjálfari liðsins, hafði þó greinilega lítil not fyrir Jóhannes Karl. Í kjölfarið sagði hann í samtali við Fréttablaðið í upphafi árs að hann vildi losna frá félaginu og komast aftur til Englands.

Fljótlega kom Burnley í myndina en Steve Cotterill, stjóri liðsins, hefur miklar mætur á Jóhannesi Karli og lagði ríka áherslu á að fá hann til liðs við sig. Honum var þó sýndur áhugi af fjöldamörgum liðum, meðal annarra FC Kaupmannahöfn.

Um helgina náðu Burnley og AZ Alkmaar samkomulagi um kaupverð og útlit fyrir að hann semji við fyrrnefnda félagið til þriggja og hálfis árs.

„Mér líst vel á þetta. Ég mun núna fara sjálfur í samningaviðræður og á víst að fara í lækni-skoðun á morgun. Eftir hana verður þetta allt saman orðið klappað og klárt.“

Hann segist ekki þekkja mikið til félagsins en hefur þó mætt því áður á heimavelli þess, Turf Moor. „Ég kannast við knattspyrnustjórnann og þekki hann bara af góðu. Hann vildi fá mig og það er gott að vita að hann hefur trú á mér,“ sagði Jóhannes Karl en Burnley er rétt norðan við Manchester.


Burnley er í 13. sæti deildarinnar með 38 stig, átta stigum á eftir Cardiff sem er í sjötta sæti. Liðið á hins vegar tvo leiki til góða á flest lið í deildinni.

- esá

AFTUR TIL ENGLANDS
Jóhannes Karl er hér í leik með Leicester gegn QPR í janúar í fyrra.
NORDIC PHOTOS/GETTY



SVAFST ÞÚ VEL Í NÓTT?



ÚTSALA

ALLT AÐ

50%

AFSLÁTTUR



Opið virka daga: 10–18 og laugardaga: 11–16

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500

Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504

Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954



DAMIANO FERRONETTI Leikmaður Parma. NORDIC PHOTOS/GETTY

Ítalski boltinn í gær:
Draumabyrjun Rossi hjá Parma

FÓTBOLTI Giuseppe Rossi lék sinn fyrsta leik fyrir Parma í gær þegar liðið vann Torino 1-0 í ítalska boltanum. Rossi var lánaður frá Manchester United til Parma eftir misheppnaða dvöl hjá Newcastle þar sem hann var á lánssamningi fyrir áramót. Hann var besti maður vallarins í gær og skoraði eina mark leiksins á 75. mínútu.

Ítalíumeistarar Inter hafa ellefu stiga forskot í deildinni en liðið vann sinn þrettánda leik í röð í gær þegar það lagði Fiorentina 3-1. Luca Toni kom gestunum yfir en Dejan Stankovic, Adriano og Zlatan Ibrahimovic svöruðu. - egm

Dakar rallinu lokið:
Franskur sigur

RALL Frakkinn Stehane Peterhansel hrósaði um helgina sigri í Dakar-rallinu í níunda sinn. Hann sigraði í bílaflokki á Mitsubishi bíl sínum. Landi hans, Luc Alphand, sigurvegarinn frá því í fyrra, varð annar. Frakkinn Cyril Despres vann öruggan sigur í bifhjólaflokki. - egm



GÍGJA VANN Gígja Guðbrandsdóttir vann í opnum flokki kvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Afmælistmót JSÍ:
Þorvaldur vann

JÚDÓ Keppt var á afmælistmóti Júdosambands Íslands á laugar-daginn. Þar fagnaði Þorvaldur Blöndal sigri í opnum flokki karla en hann vann einnig í +90 kg flokki. Gígja Guðbrandsdóttir vann keppni í opnum flokki kvenna. - esá

Grand Prix í borðtennis:
Guðmundur og Guðrún unnu

BORÐTENNIS Fyrsta mótið í Grand Prix-mótaröðinni í borðtennis var haldið um helgina. Guðmundur Stephensen, sem leikur með sænska liðinu Elvös en keppti nú fyrir hönd Víkings, vann öruggan sigur í opnum flokki karla. Hann mætti bróður sínum, Matthíasi, í úrslitum.

Guðrún Björnsdóttir, KR, vann opinn flokk kvenna. Hún vann Magneu Ólafs, Víkingi, í úrslitum, 4-1. - esá

HM Í PÝSKALANDI



VONBRIGÐIN MIKIL Guðjón Valur Sigurðsson getur ekki leynt vonbrigðum sínum frekar en aðrir leikmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Við frömdum sjálfsmorð

Alfred Gíslason landsliðsþjálfari steig þung spor eftir leik Íslands gegn Úkraínu í gær. Hann segir að íslenska landsliðið hafi framið sjálfsmorð í leiknum.

HANDBOLTI Hún var eðlilega þung brúnin á Alfred Gíslasyni landsliðsþjálfara eftir leikinn. „Við frömdum sjálfsmorð í þessum leik. Ég held að teknísku feilarnir hafi verið 18 í leiknum. Við fengum lítið af mörkum úti á vellinum í leiknum en teknísku feilarnir felldu okkur. Við vorum oft að vinna boltann í vörninni en í einhverju æði sendum við fíranlegar sendingar fram völlum sem enduðu oftast í lúkunum á Úkraínu sem þakkaði fyrir með að skora. Þetta var alveg hrikalegt,“ sagði Alfred sem var sammála því að leikmenn virtust hreinlega hafa verið yfirspenntir.

„Ég held að það sé mikið til í því. Menntu yfirspenntir og eflaust búinir að hugsa mikið um leikinn síðustu vikur. Staðan var engu að síður sú að menn vissu hver staðan væri og í dag höndluðum við einfaldlega ekki verkefnið,“ sagði Alfred.

Það verður verðugt verkefni fyrir Alfred að koma liðinu aftur á fætur eftir þetta rothögg en miði er möguleika sagði einhver góður maður og sigur gegn Frökkum kemur liðinu áfram í milliriðil með tvö stig í farteskinnu. Hvernig ætlar Alfred að koma strákunum aftur í gang?

„Það kemur í ljós en við erum vel undirbúinir fyrir þann leik en það verður erfitt að koma mönnum í girinn. Útlitið er ekki gott fyrir Frakkaleikinn miðað við spilamennsku þessara þjóða á mótinu. Engu að síður munum við



BRÚNAPUNGUR ÞJÁLFARI Alfred Gíslason hefur oft séð sína menn standa sig betur en gegn Úkraínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

koma í leikinn á fullu og reyna að bæta úr stöðunni. Við höfum engu að tapa lengur,“ sagði Alfred. - hbq

Birkir Ívar Guðmundsson:
Ekki eðlilegt

HANDBOLTI „Við vorum ekki nógu góðir og þá sérstaklega í sókninni þar sem mér fannst við vera háflamaðir allan leikinn. Þeir fá einföld mörk og við erum allt of passifir í vörninni í síðari hálfleik en vörnin var fín í fyrri hálfleik,“ sagði markvörðurinn Birkir Ívar Guðmundsson sem náði sér ekki á strik frekar en flestir féлага hans.

„Ég veit ekki hvort menn hafi ekki verið tilbúnir og ég get ekki svarað fyrir aðra en ég var ekki stressaður fyrir leikinn. Þetta var samt ekki eðlilegur leikur af okkar hálfu,“ sagði Birkir Ívar. - hbq

Möguleikar Íslands:
Verða að vinna Frakka

HANDBOLTI Eftir tapið gegn Úkraínu í gær er ljóst að Ísland verður að vinna Frakka í kvöld til þess að komast áfram í milliriðil. Ef það tekst ekki fer liðið í Forsetabikarinn og mun mæta þar þjóðum á borð við Kúveit, Grænlandi, Brasilíu og Argentínu.

Ef Ísland, Úkraína og Frakkland ljúka öll keppni í riðlinum með 2 stig þá er gripið til innbyrðisviðureigna þessara þriggja þjóða og markatalan ræður hverjir fara áfram.

Úkraína tapaði stórt fyrir Frökkum og ef Ísland vinnur Frakkland fara Ísland og Frakkland áfram í milliriðilinn og Ísland með tvö stig en Frakkarnir ekki neitt. Það er því allt undir í leik þjóðanna í kvöld. - hbq

LEIKIR DAGSINS

A-RIÐILL	
KÚVEIT - GRÆNLAND	17.00
TÚNIS - SLÓVENÍA	19.00
B-RIÐILL	
ÚKRAÍNA - ÁSTRALÍA	17.00
FRAKKLAND - ÍSLAND	19.00
C-RIÐILL	
PÝSKALAND - PÓLLAND	16.00
BRASILÍA - ARGENTÍNA	18.30
D-RIÐILL	
EGYPTALAND - KATAR	17.00
SPÁNN - TÉKKLAND	19.00
E-RIÐILL	
UNGVERJALAND - ANGÓLA	17.15
DANMÖRK - NOREGUR	19.15
F-RIÐILL	
MAROKKÓ - S-KÓREA	17.00
KRÓATÍA - RÚSSLAND	19.00



SÉRFRÆÐINGURINN GEIR SVEINSSON FJALLAR UM HM Í HANDBOLTA

Vonbrigði en vonin lifir enn

Eftirvæntingin fyrir leik Íslands og Úkraínu var mikil enda mikið í húfi fyrir bæði lið. Í raun var lengi vitað að þessi leikur væri lykilleikur um hvort liðið myndi fylgja (mjög líklega) Frökkum upp úr riðlinum.

Úkraína sýndi á sér allt aðra og betri hlið en gegn Frökkum í fyrradag og alveg ljóst að þeir ætluðu að selja sig dýrt í þessum leik. Því miður er ekki hægt að segja það sama um íslenska liðsins.

Liðið virtist þjakað af spennu og var því miður engan veginn að höndla mikilvægi þessa leiks.

Það er í raun alveg sama hvar niður er komið, fátt gladdi augað og flest allir leikmenn voru að spila

langt undir getu. Liðsuppstilling liðsins var sú sama og gegn Ástralíu nema að Roland stóð vaktina í markinu í stað Birkis Ívars. Hann stóð sig vel í fyrri hálfleik og varði tíu skot. Það sama er ekki hægt að segja um frammistöðu varnarinnar sem var slök og þá einkum miðja hennar. Sökum þess bar lítið á helsta styrkleika liðsins, hraðaupp-hlaupunum. Einungis þrjú mörk komu úr slíkum söknum í fyrri hálfleik, samanborið við sautján í fyrri hálfleiknum gegn Ástralíu.

Hafi varnarleikur íslenska liðsins verið slakur í fyrri hálfleik má segja að hann hafi verið hreinasta hörmung í þeim síðari. Ekki stóð steinn yfir steini og niðurstaðan sú

á íslenska liði fékk 20 mörk á sig í síðari hálfleiknum.

Sóknarleikur liðsins var lítið skárri allan leikinn og leikmenn gerði sig seka um klaufaleg mistök. Það verður að segjast eins og er að skynsemi margra leikmanna var ekki mikil. Það verður að viðurkennast að lykilmenn liðsins náðu sér engan veginn á strik í þessum leik. Helst að Alexander hafi náð eitthvað að sýna sitt rétta andlit en aðrir voru langt frá sínu besta. Alla leikstjórnun og yfirveg-un vantaði í vörn og sókn íslenska liðsins og klárlega vantaði að einhver tæki af skarið og kæmi liðinu inn á rétta braut.

Vissulega eru úrslit leiksins

mikil vonbrigði. Sérstaklega í ljósi þess að ef liðið hefði spilað af eðlilegum styrk hefði sigurinn verið okkar.

Öll nótt er þó ekki úti enn og þó vonin sé veik er hún vissulega enn til staðar. Það vita leikmenn og þjálfarar íslenska liðsins manna best. Það er því gríðarlega mikilvægt að þeir leggist allir á eitt til að leggja Frakka af velli. Það verður langt í frá auðvelt en engu að síður mögulegt. Það þarf þá allt að ganga upp því Frakkar hafa nú þegar sýnt að þeir eru með gríðarlega sterkt lið.

Mikilvægt er að leikmenn hafi trú á að hægt sé að vinna Frakka. Þá trú hef ég að minnsta kosti enn.

ÚRSPLIT LEIKJA Í GÆR

HM í handbolta

A-RÍÐILL

GRÆNLAND-TÚNIS	20-36
KÚVEIT-SLÓVENÍA	23-33

STADAN

TÚNIS	2	2	0	0	70-43	4
SLÓVENÍA	2	2	0	0	68-44	4
KÚVÆT	2	0	0	2	46-67	0
GRÆNLAND	2	0	0	2	41-71	0

B-RÍÐILL

ÁSTRALÍA-FRAKKLAND	10-47
ÚKRAÍNA-ÍSLAND	32-29

STADAN

FRAKKLAND	2	2	0	0	79-31	4
ÍSLAND	2	1	0	1	74-52	2
ÚKRAÍNA	2	1	0	1	53-61	2
ÁSTRALÍA	2	0	0	2	30-92	0

C-RÍÐILL

BRASILÍA-PÓLLAND	23-31
KÚVEIT-SLÓVENÍA	20-32

STADAN

PÓLLAND	2	2	0	0	60-38	4
PÝSKALAND	2	2	0	0	59-42	4
BRASILÍA	2	0	0	2	45-58	0
ARGENTÍNA	2	0	0	2	35-61	0

D-RÍÐILL

KATAR-SPÁNN	18-41
EGYPTALAND-TÉKKLAND	30-31

STADAN

SPÁNN	2	2	0	0	74-47	4
TÉKKLAND	2	2	0	0	68-53	4
EGYPTALAND	2	0	0	2	59-64	0
KATAR	2	0	0	2	41-78	0

E-RÍÐILL

ANGÓLA-DANMÖRK	20-39
UNGVERJALAND-NOREGUR	25-22

STADAN

UNGVERJALAND	2	2	0	0	55-51	4
NOREGUR	2	1	0	1	63-38	2
DANMÖRK	2	1	0	1	68-50	2
ANGÓLA	2	0	0	2	33-80	0

F-RÍÐILL

MAROKKÓ-RÚSSLAND	19-35
SÚÐUR-KÓREA-KRÓATÍA	23-41

STADAN

KRÓATÍA	2	2	0	0	76-45	4
RÚSSLAND	2	1	1	0	67-51	3
S-KÓREA	2	0	1	1	55-73	1
MAROKKÓ	2	0	0	2	41-70	0

Iceland Express deild karla

SKALLAGRÍMUR-KR	93-84
GRINDAVÍK-PÓR ÞORLÁKSHÖFN	98-97
Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 38, Þorleifur Ólafsson 20 (5 stolnir, 4 stoðs.), Calvin Clemmons 13 (17 frák.), Adam Darboe 10 (8 stoðs.), Páll Kristinsson 6, Ármann Örn Vilbergsson 3, Björn Steinar Brynjólfsson 3, Davíð Páll Hermannsson 2.	
Stig Þórs: David Aliu 24, Damon Bailey 22 (10 frák., 8 stoðs.), Robert Hudson 22, Jason Harden 13 (8 stoðs.), Óskar Þórðarson 10, Ágúst Dearborn 6, Birgir Pétursson 4, Sigurður Tómasson 2.	
HAMAR/SELFOSS-NJARÐVÍK	69-75
KEFLAVÍK-FJÖLNIR	102-90
Stig Keflavíkur: Ismail Muhammad 25, Magnús Gunnarsson 23, Gunnar Einarsson 16, Sebastian Hermenier 12 (12 frák.), Sigurður Þorsteinsson 9, Arnar F. Jónsson 7 (10 frák., 9 stoðs.).	
Stig Fjölnis: Nemanja Sović 22 (11 frák.), Hörður Axel Vilhjálmsson 20, Kareem Johnson 15 (20 frák.), Niels Dungal 13, Árni Ragnarsson 11, Þorsteinn Sverrisson 7, Hjalti Vilhjálmsson 2.	

Iceland Express deild kv.

HAUKAR-HAMAR	107-54
Stig Hauka: Ifeoma Okwonko 25 (6 stolnir), Helena Sverrisdóttir 23 (14 stoðs., 10 stolnir), Sigrún Amundadóttir 17, Unnur Tara Jónsdóttir 10, Kristrún Sigurjónsdóttir 8, Pálína Gunnlaugsdóttir 7 (7 frák., 6 stoðs.), Bára Fanney Hálfánardóttir 6, Svanhvit Skjaldardóttir 4, Guðrún Amundadóttir 3, Sara Pálmarsdóttir 2, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 2.	
Stig Hamars: Latreece Bagley 22 (20 frák., 5 varin), Jóhanna Björk Sveinsdóttir 10 (6 frák.), Sóley Guðgeirsdóttir 9, Hafnir Hálfánardóttir 3, Dúa Dröfn Ásbjörnsdóttir 3, Álfhildur Þorsteinsdóttir 3, Ragna Hjartardóttir 2, Ragnheiður Magnúsdóttir 2.	

Enska úrvalsdeildin

WIGAN-EVERTON	0-2
0-1 Arteta, víti (65.), 0-2 Arteta (91.).	
ARSENAL-MANCHESTER UNITED	2-1
0-1 Rooney (53.), 1-1 Van Persie (83.), 2-1 Henry (93.).	

Spænska úrvalsdeildin

BARCELONA-GIMNASTIC	3-0
1-0 Javier Saviola (18.), 2-0 Ludovic Giuly (68.), 3-0 Andres Iniesta (81.).	
Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður á 67. mínútu fyrir Javier Saviola.	



HM í PÝSKALANDI



Í STRANGRI GÆSLU Róbert Gunnarsson hafði lítið í Úkraínumenn að gera í gær rétt eins og aðrir leikmenn íslenska liðsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Martröð í Magdeburg

Íslenska handboltalandsliðið er í vondum málum á HM eftir þriggja marka tap gegn Úkraínu, 29-32. Leikur Íslands var í molum og liðið verður að leggja Frakka í dag ætli það sér í milliriðil. Síðari hálfleikurinn var hrein martröð.

HANDBOLTI Stærsta heimsmeistararmót í handbolta hingað til, sem íslenska landsliðið er búit að dreyma um í hálf tveggja mánaða martröð í Magdeburg í gær. Liðið spilaði einn sinn slakasta leik í mörg ár gegn miðlungsliði Úkraínu og tapaði, 29-32. Það gekk nákvæmlega ekki neitt upp hjá liðinu og í stað þess að ganga frá leiknum í fyrri hálfleik hélt íslenska liðið áfram að bjóða Úkraínumönnum að taka þátt í leiknum. Þeir báðu boðið með þökkum og gengu á lagið á meðan tauga-veiklaðir leikmenn Íslands brotnuðu saman fyrir framan 7.400 áhorfendur sem studdu liðið dyggilega.

Fyrri hálfleikur var ekki góður hjá íslenska liðinu í gær. Alfréð Þorsteinsson var einn besti leikmaðurinn og sá til markna í 13-12. Þrátt fyrir þennan slaka leik leiddi liðið með einu marki í leikhli, 13-12, en liðin héldust í hendur nánast allan fyrri hálfleikinn.

Síðari hálfleikur leiksins hjá Íslandi var ein martröð frá upphafi til enda þar sem nákvæmlega ekkert gekk upp og lykilleikmenn brugðust sem og flestir hinna en Guðjón Valur og Alexander voru einu mennirnir sem gátu eitthvað

urum leiksins komust þeir upp með að láta boltann ganga heillengi án þess að ógna íslenska markinu að nokkru ráði. Íslenska vörnin var slök lengstum og Úkraína fékk mörg ódýr mörk. Þar sem vörnin var ekki að standa sína plikt fékk Ísland fá hraðaupphlaup en aðeins tvö íslensk mörk komu úr hraðaupphlaupum í fyrri hálfleik.

Ólafur Stefánsson komst aldrei í gang og liðið tapaði boltanum á klaufalegan hátt hvað eftir annað í hálfleiknum. Svo lét liðið úkraínska markvörðinn verja ein tólf skot frá sér í hálfleiknum. Roland Eradze var bestur í íslenska liðinu í hálfleiknum en hann varði tíu skot og mörg hver úr dauðafærum.

Þrátt fyrir þennan slaka leik leiddi liðið með einu marki í leikhli, 13-12, en liðin héldust í hendur nánast allan fyrri hálfleikinn.

Síðari hálfleikur leiksins hjá Íslandi var ein martröð frá upphafi til enda þar sem nákvæmlega ekkert gekk upp og lykilleikmenn brugðust sem og flestir hinna en Guðjón Valur og Alexander voru einu mennirnir sem gátu eitthvað

í hálfleiknum. Markvarslan var engin en Roland og Birkir Ívar vörðu tvo bolta samanlagt í síðari hálfleiknum. Í öðru skotinu var dæmt víti sem skorað var úr.

Úkraína tók yfirhöndina í leiknum í upphafi síðari hálfleiks og náði fljótt fjögurra marka forystu, 15-19. Þann mun náði Ísland aldrei að brúa og breytti engu hvaða breytingar Alfréð gerði á liðinu, það gekk ekkert upp og var átakanlegt að horfa á þetta góða landslið sem við eigum hreinlega kasta frá sér leiknum.

Niðurstaðan er gríðarleg vonbrigði og leikmenn verða að líta í eigin barm og spyrja sig að því hvað fór úrskeiðis. Liðið á enn von um að komast áfram. Þá verður það að leggja Frakkland í dag en það verður að teljast mjög ólíklegt miðað við þá frammistöðu sem boðið var upp á gegn Úkraínu í gær.



HM Í PÝSKALANDI

HENRY BIRGIR GUNNARSSON
skrifað frá Magdeburg
henry@frettabladid.is

Róbert Gunnarsson:

Klikkuðum sem lið

HANDBOLTI „Það er lítið hægt að segja eftir þennan leik en við verðum að finna út úr því af hverju leikur okkar gekk svona illa í síðari hálfleik,“ sagði niðurdreginn línumaður Íslands, Róbert Gunnarsson.

„Fyrri hálfleikur var svo sem allt í lagi en við gerum samt mikið af mistökum. Hefðum við nýtt okkar tækifæri betur þar þá hefðum við getað verið um 5-6 mörkum yfir í leikhli og þá hefði leikurinn unnist. Byrjunin í síðari hálfleik var skelfileg og eftir það fóru menn á taugum og við spiluðum verr eftir því sem á leið. Af hverju hef ég ekki hugmynd um en við klikkuðum sem lið,“ sagði Róbert.

- hbg

Keppni í E-riðli:

Ungverjaland vann Noreg

HANDBOLTI Ungverjaland tryggði sér í gær sæti í milliriðli þegar það vann Noreg með 25 mörkum gegn 22. Það verða því Noregur og Danmörk sem há hreina úrslitaviðreisni um hvort liðið fylgi fyrstnefnda liðinu áfram upp úr riðlinum en liðin mætast í dag.

Ungverjar hafa komið á óvart á mótinu með því að leggja bæði Dani og Norðmenn að velli.

Danir unnu lið Angóla í gær örugglega, 39-20, þar sem Lars Rasmussen var markahæstur með fjórtán mörk. Sören Stryger skoraði fimm.

Önnur úrslit gærdagsins voru eftir bókinni. Túnis, Slóvenía, Frakkland, Pólland, Pýskaland, Spánn, Tékkland, Ungverjaland og Króatía hafa þegar tryggt sér sæti í milliriðlunum.

- esá

ÍSLAND-ÚKRAÍNA 29-32

Mörk Íslands (skot): Alexander Pettersson 7 (10), Snorri Steinn Guðjónsson 6/5 (11/6), Guðjón Valur Sigurðsson 5 (8), Logi Geirsson 4 (11), Ólafur Stefánsson 4/3 (8/4), Vignir Svavarsson 1 (1), Sigfús Sigurðsson 1 (1), Arnór Atlason 1 (2).
Varin skot: Roland Valur Eradze 11/1, Birkir Ívar Guðmundsson 1.
Hraðaupphlaup: 6 (Guðjón 4, Sigfús, Ólafur).
Fiskud víti: 10 (Róbert 3, Snorri 2, Guðjón 2, Ólafur 2, Ásgeir Örn).
Útan vallar: 8 mínútur.
Mörk Úkraínu: Yuriy Kostetskiy 10/6, Yuriy Petrenko 8, Sergiy Shelmenko 4, Andriy Abramov 4, Vitaliy Nat 3, Sergiy Bilik 3, Volodymyr Kisil 1.
Varin skot: Sergiy Bilik 20/2.
Hraðaupphlaup: 7.
Útan vallar: 16 mínútur.

Guðjón Valur Sigurðsson var reiður í leikslok:

Helvítis aumingjaskapur

HANDBOLTI „Þetta var helvítis aumingjaskapur og ekkert annað. Ég á engin orð yfir þessa frammistöðu því við vorum einfaldlega lélegir,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson hundfúll skömmu eftir leik í Bördeland-halle.

„Vörnin var léleg, markverðirnir voru lélegir. Sóknin var ömurleg og mér fannst þetta hreint út sagt ömurlegt,“ sagði Guðjón, en voru menn yfirspenntir? „Það sást í fyrri hálfleik þegar markvörðurinn varði nokkur skot og við fórum þá að haga okkur eins og aumingjar og urðum skítstressaðir. Við vorum ragir og í sókninni vorum við ekki að vinna maður á mann og þeir stöðvuðu okkur eins og þeir vildu. Við spiluðum ekki eins og við ætluðum okkur að gera og við gerðum í raun allt þveröfugt við það,“ sagði Guðjón, en getur liðið rífið sig upp eftir þetta tap? „Það verðum við að gera. Ef við lítum á úrslit leiks Frakk-



GUÐJÓN VALUR Stöðvaður af úkraínsku varnarmönnum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

lands og Úkraínu þá eigum við ekki möguleika en við gefumst ekki upp á meðan við eigum möguleika. Möguleikinn liggur í því að vinna Frakkana og það er eins gott að það takist.“

- hbg



ÓLI FANN SIG EKKI Ólafur Stefánsson fyrirliði íslenska landsliðsins hefur oft leikið betur en í gær en hann hefur verið plagaður af meiðslum í öxl undanfarið. Hér er Volodymyr Kisil, leikmaður Stjórnummar í DHL-deild karla, honum til varnar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

> GENE HACKMAN

Fæddur 30. janúar 1930. Fór að heiman sextán ára og vann mörg ólík störf áður en hann lærði blaðamennsku og sjónvarpsþáttagerð í háskólanum í Illinois. Hackman var kominn yfir þrjú þegar hann ákvað að reyna fyrir sér sem leikari. Hann byrjaði á sviði en fór þaðan yfir í kvikmyndir. Síðan þá hefur hann sópað til sín ýmsum verðlaunum. Hann lék m.a. í Mississippi Burning sem sýnd er á Stöð 2 Bío í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ **SVAVAR HÁVARÐSSON** SKRIFAR SIG FRÁ ÞUNGLYNDISKASTI

Sá yðar sem syndlaus er

Ég skrifaði þennan pistil í gær. Klukkan var 14.44 þegar ég byrjaði. Ástæðan fyrir því að ég byrjaði snemma var sú að dagskrá sjónvarpsstöðvanna var með svo miklum ágætum að ég vildi vera kominn að kassanum ekki seinna en 16.00. Man U og Arsenal lofar góðu. Í hálfleik þarf ég svo að bera sjónvarpið í svefnherberginu inn í stofu til að horfa á landsleik Íslendinga við Úkraínu um leið og seinni hálfleikinn í enska fótboltanum. Um sjö byrjar Kompás, enginn heilvita maður missir af þeim þætti. Svo eru Pink Floyd tónleikar á Sirkus klukkan átta og ég þarf að semja við kærustuna og son minn 11 ára hvað skal gera. Hún vill horfa á Cold Case en hann vill horfa á barnamyndina Cars í fjórða sinn á DVD. Á eftir að mæla hvernig það kemur út að horfa á Pink Floyd en Cold Case á Stöð 2+, eftir að ég er búinn að kenna syni mínum á gamlan tölvuleik svo hann gleymi Cars. Síðan er fyrsti þátturinn af 24 á dagskrá. Langri bið lokið og skrifantar um

allan heim lofa þáttinn í hástert. Svo er Weeds á Sirkus... Hver er þræll? Ég? Viltu gjöra svo vel að rökstyðja þessar hugsanir þínar! Sá yðar sem syndlaus er, kasti fyrstu fjarstýringunni.

Ef allt fer eins og reynslan hefur kennt mér þá mun morgundagurinn líta svona út. Fótboltaleikurinn var steindautt 0-0 jafntefli. Ísland tapar fyrir Úkraínu. Kompás gerir mann skelfingu lostinn með 11 ára gamalt barn í húsinu. Pink Floyd tónleikar minna mig á að ég er að verða gamall. 24 lætur mann gleyma raunveruleikanum í smá stund en Weeds lætur mann hugsa um Pink Floyd tónleikana, og þá er maður orðinn gamall aftur.

Ætli ég horfi ekki bara á Cars með syni mínum eftir allt saman og láti það duga.



CARS Ekki bara skemmtileg mynd heldur er hún líka sálhjúlpatriði.

EKKI MISSA AF



► 19.40 Jamie Oliver Stöð 2



► 20.00 The OC Skjár einn



► 20.30 Janice Dickinson Sirkus



► 21.00 Tekinn Sirkus



► 21.15 Spænsku mörkin

✿ SJÓNVARPIÐ

11.30 HM í handbolta Leikur Íslendinga og Ástralía á laugardag endursýndur.

13.00 HM í handbolta Leikur Íslendinga og Úkraínanna í gær endursýndur.

14.30 Helgarsportíð (e)

14.55 Ensku mörkin

15.50 HM í handbolta Bein útsending frá leik Þjóðverja og Pólverja í Halle.

17.30 HM-stofan Fjallað um HM í handbolta með góðum gestum.

17.50 Táknmálsfréttir

18.00 HM-stofan

18.20 Fréttir

18.45 Veður

18.50 HM í handbolta Bein útsending frá leik Íslendinga og Frakkna í Magdeburg.

20.55 Maó (3.4) (Mao - A Life) Franskur heimildamyndaflokkur í fjórum þáttum um Maó Zedong, fyrirverandi formann kínverska kommúnistaflokksins, og sögu Kína á 20. öld.

22.00 Tíufréttir

22.30 Örprifarád (3.3) (Last Rights) Bresk framhaldsmynd í þremur þáttum. Sagan gerist í náninni framtíð þegar skýtingarleysi almennings um stjórnmál hefur náð hættulegu stigi og þeir sem völdin hafa vilja binda endi á lýðræðið. Leikstjóri er Bill Anderson og meðal leikenda eru Charles Dance, Ashley Walters, Sonnel Dadral, Philip Glenister og Keira Malik. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.15 Ensku mörkin

00.10 Spaugstofan (e)

00.35 Dagskrárlök

✿ BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Two Family Hous

08.00 Nicholas Nickelby

10.10 Virginia's Run (Hestastelpan)

12.00 The Curse of the Pink Panther

14.00 Two Family House

16.00 Nicholas Nickelby

18.10 Virginia's Run (Hestastelpan)

20.00 The Curse of the Pink Panther (Bölvun Bleika pardusins) Frábær gamanmynd frá 1983. Leyfð öllum aldurshópum.

22.00 Mississippi Burning (Í ljósum logum) Stranglega bönnuð börnum.

00.05 Elektra Bönnuð börnum.

02.00 Children of the Corn 6

04.00 Mississippi Burning



SIRKUS TV

18.00 Insider (e)

18.30 Fréttir, íþróttir og veður

19.00 Ísland í dag

19.30 Seinfeld (15.24) Þegar Kramer flytur til Flórída gefur Jerry pabba sínum fokdyrt tæki sem er eins konar minnisbók í tölvu. George þykist flytja úr borginni á sumrin til að forðast að hitta fyrirverandi tengdaforældra sína.

20.00 Entertainment Tonight

► 20.30 Janice Dickinson Modeling Agency Janice Dickinson ætlar sér að opna flottustu umboðsskrifstofu Los Angeles og til þess má hún ekki slaka á. Hún lætur því allt flakka fyrir framan myndavélarmarkað fyrir að á köflum komi hún ekkert allt of vel út með hegðun sinni. Frábærir þættir sem að aðdáendur America's Next Top Model mega ekki missa af.

20.55 Leiðin að Hlustendaverðlaunum (8.10) Upphitun fyrir Hlustendaverðlaun FM 957 sem fram fara 23.janúar.

► 21.00 Tekinn (e) Rock Star stjórnmennar Toby og Storm Large eru hrekktar af Audda sem fékk þau Ragnhildi Steinunni og Sveppa til liðs við sig.

21.30 Star Stories Frábær ádeila á fræga fólkíð og slúðrið í kringum líf þeirra.

22.00 Trading Spouses Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Er líf þeirra ekki nógu gott eða eru þau vanþakklát? Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur. Í hverri viku mun einn húsráðandi skipta um hlutverk við annan húsráðanda.

22.50 Insider

23.15 Weeds (12.12) (e) Önnur serían um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturfyljasalinn í úthverfum Los Angeles borgar.

23.45 Twenty Four (9.24) (e) (24 - 2)

00.30 Twenty Four (10.24) (e)

01.20 Seinfeld (15.24) (e)

01.45 Entertainment Tonight (e)

02.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORDURLANDS

Fréttabútturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

Ω OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

🕒 SKJÁREINN

07.15 Beverly Hills 90210 (e)

08.00 Rachael Ray (e)

08.55 Vörutorg

09.55 Venni Páer - Lokabáttur (e)

10.25 Melrose Place (e)

11.10 Östöðvandi tónlist

14.40 Vörutorg

15.40 What I Like About You (e)

16.05 Game tívi (e)

16.35 Beverly Hills 90210

17.20 Rachael Ray

18.15 Melrose Place

19.00 Everybody Loves Raymond (e)

19.30 Just Deal Bandarísk unglingserían um þrjú ólíka vini.

► 20.00 The O.C. - NÝTT Bandarísk unglingserían. Síðasta þáttaröð endaði með miklum harmleik og nú er komið að skuldadögum. Fimm mánuðir eru liðnir síðan Marissa dó og vinir og vandamenn reyna að vinna sig í gegnum sorgina. Miklar breytingar eru í vændum og ýmislegt á eftir að koma á óvart.

21.00 Heroes Hiro reynir að sannfæra Ado um að orlög hans séu að bjarga heiminum. Klappstýran Claire lendir í vandræðum með íþróttahætu skólans og lögreglu-maðurinn Matt er grunaður um aðild að morðum.

22.00 C.S.I.

23.30 Jay Leno

00.20 Boston Legal (e)

01.20 Beverly Hills 90210 (e)

02.05 Vörutorg

03.05 Melrose Place (e)

03.50 Östöðvandi tónlist

🕒 SKJÁR SPORT

14.00 Wigan - Everton (frá 21.jan)

16.00 Aston Villa - Watford (frá 20.jan)

18.00 Prumuskot

19.00 Ítölsku mörkin

20.00 Arsenal - Man. Utd. (frá 21.jan)

22.00 Að leikslokum Snorri Már Skúlason fer með stækkunargler á leiki helgarinnar með sparkfræðingum.

23.00 Ítölsku mörkin (e)

00.00 Reading - Sheff. Utd. (frá 20.jan)

02.00 Dagskrárlök



THE

Í KVÖLD KL. 20
Á SKJÁEINUM

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.55

American Idol

Leitin að næstu söngstjörnu Bandaríkjanna er hafin í fimmta sinn í þessum vinsælasta raunveruleikastöðvarpshætti heims. Þau eru aftur mætt til leiks Simon, Randy og Paula og hafa lofað því að keppnin að þessu sinni verði full af óvæntum uppákomum og nýjum leikreglum sem eigi eftir að koma öllum í opna skjöldu. Meðal nýjunga má nefna að samhliða hinni hefðbundnu leit af næstu söngstjörnu verður leitað að næsta stórsmellinu; fyrsta laginu sem sigurvegarinn í Idol mun gefa út. Hver fetar í fótspor Kelly Clarkson, Rubens Studdard, Fantasi Barone, Carrie Underwood og Taylors Hicks?



VIÐ MÆLUM MED MAÓ Á RÚV 20.55

Franskur heimildamyndaflokkur um Maó Zedong, fyrrverandi formann kínverska kommúnistaflokksins. Myndaflokkurinn er byggður á nýlegri bók eftir Philip Short um ævi Maós. Kínversk yfirvöld heimiluðu frönsku sjónvarpsstöðinni Arte aðgang að myndasöfnum sínum og er það í fyrsta sinn sem vestrænum sjónvarpsstöðvum gefst kostur á að nýta efni þaðan. Meðal annars eru sýndar myndir úr skæruliðabaráttunni á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar, stríðinu við Japan, borgarastríðinu gegn Tsjang Kai-shek, frá stofnun Alþýðulýðveldisins, Kóreustríðinu, Stóra stökkinu, menningarbyltingunni, sögulegum fundi Maós og Nixons og af banalegu formannsins.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.45 Veðurfregnrir 06.50 Bæn Séra Bryndís Malla Elíddóttir. 07.00 Fréttir 07.05 Morgunvaktin 08.00 Fréttir 09.00 Fréttir 09.05 Laufskálinn 09.45 Morgunleikfimi með Halldóru 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnrir 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregnrir 12.50 Dánarfregnrir og auglýsingar 13.00 Viðt og breitt 14.03 Útvarpsagan: Slóð fiðildanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. (15:23) 14.30 Miðdegistónar 15.03 Krossgötur 16.00 Fréttir 16.10 Veðurfregnrir 16.13 Hlaupanótan 17.03 Víðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 18.50 Dánarfregnrir og auglýsingar 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.10 Söngvamáll 21.00 Aðeins vextina 21.55 Orð kvöldins 22.00 Fréttir 22.15 Úr tónlistarlífinu - Hljóðritun frá tónleikum kammersveitarinnar Ísafoldar 00.00 Fréttir

SYN

- 15.35 Spænski boltinn (Mallorca - Real Madrid) Útsending frá spænska boltanum. 17.15 Ameríski fótboltinn (Chicago - New Orleans) 19.15 Ameríski fótboltinn (Indianapolis - New England) Útsending frá leik í ameríska fótboltanum.

21.15 Spænsku mörkin Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum.

22.00 Coca Cola mörkin Hér er farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félagaanna í deildinni eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrífum þeirra í hverri einustu umferð.

23.30 Football Icon Enskur raunveruleikabáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea. Sjó þúsund samningslausir knattspyrnumenn á aldrinum 16-18 ára skráðu sig til leiks og fjórtán eru valdir til þess að taka þátt í þessum vikulegu þáttnum. Einn dettur út í hverjum þætti þar til þrír eru eftir í lokabættinum. Þá velja Jose Mourinho og starfsmenn hans sigurvegarann sem fær leikmannasamning hjá Chelsea að launum.

23.25 World Poker Tour Ladies Night

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

- 20.00 Nýjar eignir - nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar 21.00 Einbýlishús - Ertu að leita að einbýlishúsi - þú finnur það hér! 22.00 Fjölbýli og hæðir - Litlar og meðalstórar eignir sýndar 23.00 Nýjar eignir e. 0.00 SMS eignir - veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

- 6.00 Den lille prinsesse 6.10 Skráll 6.30 Anton - min hemmelige ven 7.00 Gurli Gris 7.05 Alfons Åberg 7.15 Charlie & Lola 7.30 OBS 7.35 Vandkalvens verden 8.00 Kaptajn og besætning byder velkommen 8.30 Anne Sofie von Otter 9.00 DR-Filad: Skrot-design 9.30 Kend dit hus 10.00 Familiejagten 10.30 Jobhop 11.00 TV Avisen 11.10 21 Søndag 11.50 DR1 Dokumentaren - En kultiveret rappenskralde 12.50 Aftenshowet 13.20 Desperate boligræmme 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawson's Creek 15.00 Hjerteflimmer 15.30 Snurre Snup og bønnestagen 15.35 Monster allergi 16.00 Troldspejlet 16.30 Den lille brandskole 16.55 Gurli Gris 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 17.55 Aftenshowet med Vejret 18.30 Genbrugsguld 19.00 Kløvedal i Kina 20.00 TV Avisen 20.25 Horisont 20.50 SportNyt 21.00 Hercule Poirot 22.35 OBS 22.40 Supervulkanen 23.30 Hjerteflimmer

NRK1

- 8.30 Har vi råd, mor? 9.00 Siste nytt 9.05 Med hjertet på rette staden 10.00 Siste nytt 10.05 Ut i naturen 10.30 Migrapolis 11.00 Siste nytt 11.05 En kongelig familie 12.00 Siste nytt 12.05 Schrødingers katt 12.30 Bokbussen 13.00 Siste nytt 13.05 Norge rundt 13.30 Åpen himmel 14.00 Siste nytt 14.05 Drakejegerane 14.30 Den blå sandens hemmelighet 15.00 Siste nytt 15.03 Energikampen 2006 15.30 Totalt genialt! 16.00 Siste nytt 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Tid for tegn 16.40 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Mikkes klubbhus 17.25 Sauer 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Pula 18.55 Faktor: Siste sommer på Hekkingen 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Forbytelsen 21.35 Kos og kaos 22.05 Kveldestrytt 22.20 Store Studio 23.00 Dalziel og Pascoe

SVT 1

- 11.00 Rapport 11.05 Agenda 12.00 Nära djuren 13.25 Söder om landsvägen 15.00 Rapport 15.10 Gomorrön Sverige 16.00 Under stjärnorna 16.30 Krokodill 17.00 Charlie och Lola 17.10 Räkna med skägg 17.25 Dagens ramna 17.30 Orkesteren och barn som komponerar 17.40 KatjaKaj och BenteBent 17.45 Dr Dagg 18.00 Lilla sportspeglén 18.30 Rapport 19.00 Guldbaggegalan 2007 21.00 Supernatural 21.45 Ridsport: Världscupen 22.45 Rapport 22.55 Kulturmytterna 23.05 Bingo Royale 23.50 Sopranos 0.45 Sändningar från SVT24

FYRSTA HJÁLP - við kvefi! Image of a doctor with a stethoscope.

OTRIVIN NEFÚÐI Fyrir börn og fullorðna. Image of Otrivin nasal spray bottles.

STREPSILS HÁLSTÖFLUR 4 bragðtegundir, fæst einnig sykurlaust. Image of Strepsils lozenges.

VECTAVIR FRUNSUKREM Verkar á öllum stigum frunsunnar. Image of Vectavir cream tubes.

VOLTAREN DOLO Fljótvirkt verkjalyf, verkjastillandi og hitalækkandi. Image of Voltaren Dolo tablets.

LYFJA - Lífið heil. Website: www.lyfja.is. Includes contact information and product descriptions for Vectavir, Strepsils, and Voltaren Dolo.



... fá þeir Sigurður Fjeldsted og Högni Snær Hauksson í fiskbúðinni Hafberg sem bjóða upp á súr hrogn og fleiri nýjungar á þorranum.

Mugison semur tónlist fyrir Walter Salles

„Þetta er allt á frumstigi en það eru allar líkur á að það verði af þessu,“ segir tónlistarmaðurinn Örn Elías Guðmundsson, Mugison, sem brasilíska leikstjórinn Walter Salles hefur ráðið til að semja



WALTER SALLES Margverðlaunaður leikstjóri sem á að baki myndir á borð við Mót-örhjóladaðag-bækurnar, sem byggir á endurminningum Che Guevara.

tónlist við kvikmyndina Á vegum úti, sem byggir á samnefndri bók bít-skáldsins Jack Kerouac.

Salles kom til Íslands fyrir tveimur árum þegar hin margverðlaunaða kvikmynd Mótörhjóladaðagbækurnar var sýnd á kvikmyndahátíð hér á landi en það var Ísleifur B. Þórhallsson hjá Græna ljósinu sem kynnti leikstjórnann fyrir tónlist Mugisons. „Walter líkaði þetta greinilega vel og af sinni alkunnu högværð spurði hann hvort Mugison hefði mögulega áhuga á að gera tónlistina fyrir næstu mynd sína,“ segir Ísleifur sem leiddi tvímenn-ingana saman í kjölfarið. Örn Elías segist strax hafa litist vel á hugmyndina. „Ég hef

lengi verið hrifinn af bít-skáldun-um. Þegar ég var í Smugunni fyrir nokkrum árum var eina myndin um borð Naked Lunch eftir samnefndri bók William S. Burroughs. Eftir að hafa horft á hana nokkrum sinnum í sjóveikis-pilluvímu er ég ábyggilega aðeins nær um hvernig þessir kallar hugsuðu.“

Örn á eftir að fá send fyrstu myndskreiðin áður en hann byrjar að semja tónlistina en hann leggur allt kapp á að leggja lokahönd á nýja plötu áður en hann ræðst í þetta verkefni. „Það þýðir ekkert fyrir mig að spá hvenær hún kemur út, ég er búinn að lofa að klára hana svo oft. En það verður vonandi fyrir en síðar.“



MUGISON Walter Salles heyrði tónlist hans þegar hann var staddur á kvikmyndahátíð hér á landi.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 land 6 tveir eins 8 segi upp 9 andlit 11 guð 12 viðburður 14 haldast 16 hvað 17 fæðu 18 kærleikur 20 holskrúfa 21 viðlag.

LÓÐRÉTT 1 hljóta arf 3 klukka 4 sjúkdómur 5 keyra 7 verða beinn 10 síðan 13 angan 15 frumeind 16 rámur 19 drykkur.

BOLLI DAVÍÐSSON: FRÍMERKI HAGA MIKIÐ GILDI FYRIR LANDKYNNINGU

Mikil gróska hjá félagi frímerkjasafnara

„Magni var farinn úr bænum og Vilhjálmur Sigurðsson hjá Póstinum var ekki á landinu þannig að hann hrökklaðist bara hingað inn, blautur og kaldur,“ segir frímerkjasalinn Bolli Davíðsson en um hann er fjallað í hinu virta breska frímerkjablaði Gibbons Stamp Monthly. „Ég lenti því bara í þessu fyrir tilviljun,“ bætir Bolli við og vill sem minnst um viðtalið ræða. „Þetta var nú ekki stórt viðtal,“ segir hann. „Og þessi umfjöllun gerir nú ekki mikið fyrir okkur á Íslandi því Bretar kaupa ákaflega lítið af frímerkjum frá okkur,“ bætir hann við. „Annars erum við frímerkjasafnara ekkert mikið fyrir sviðljósið og ekki miklar félagsverur,“ segir Bolli og hlær.



BOLLI DAVÍÐSSON Búðin hans var til umfjöllunar hjá virtu bresku frímerkjablaði.

Bolli selur mest af sínum frímerkjum hér innanlands og telur að frímerki hafi ákaflega mikið gildi fyrir landkyppingu út á við. „Ég man eftir einum áttæðum


Bandaríkjamanni sem kom hingað fyrir skömmu en hann var tíu ára þegar hann frétti fyrst af Íslandi og það var þá út af frímerki sem hann sá,“ segir Bolli. „Þannig læra mörg ungmenni um fjarlæg lönd, af frímerkjum,“ bætir Bolli við.

Elsta frímerkið sem hann hefur undir höndunum er frá árinu 1873 en það sýnir mynd af skildingsmerkinu. „Kristján IX var síðan fyrsti maðurinn hér á landi til að fá mynd af sér á frímerki,“ útskýrir Bolli og segir mikla samkeppni ríkja nú milli landa um að gefa út flottustu frímerkin

úðustu viku var haldið mjög stórt uppboð og segir Brynjólfur Sigurjónsson, formaður félagsins, að í kringum tvö hundruð hlutir hafi verið boðnir upp. Þar hafi mesta spennan ríkt um umslag frá árinu 1902 sem póstlagt var í Hafnarfirði, hafði viðkomu í hafnarbænum Methyl á Bretlandi og komst loks á réttan stað í Kaupmannahöfn. „Það var verðlagt á áttatíu þúsund en seldist því miður ekki,“ segir Brynjólfur en flestir hlutirnir sem voru á uppboðinu voru seldir hæstþjóðanda.



BRYNJÓLFUR SIGURJÓNSSON Félag frímerkjasafnara hélt glæsilegt uppboð á fimmtudaginn sem var vel sótt.



MEIÐ Á ÁTTATÍU ÞÚSUND Umslag frá árinu 1902 var til sölu en seldist ekki.

LAUSN
 atóm, 16 há, 19 te.
 5 aka, 7 réttast, 10 svo, 13 ilm, 15
LÓÐRÉTT 1 : erfa, 3 úr, 4 berkjar, 18 ást, 20 ró, 21 stéf.
 ra, 12 atvilk, 14 tolla, 16 ha, 17 ma.
LÁRÉTT 2 kuba, 6 rr, 8 rek, 9 fes, 11

VEISTU SVARID

- Svör við spurningum á bls. 8
1. Að móðga þjóðarsál Tyrkja.
 2. Afmælisveislu Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa.
 3. Frá fæðingu Sveinbjörns Sveinbjörnssonar, höfundar þjóðsöngsins.

allt atvinna
 Alla sunnudaga

JANÚARTILBOÐ
 Á vetrar og heilsársdekkjum fyrir fólksbíla!

TOYO TIRES

Bestu dekkinn átta ár í röð!*

TOYO

Bíla- og Benna
 Vagnhófa 23 - S: 590 2000

NESDEKK
 Salubrúnað 4
 Sími 561 4110

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsáhorfendur eiga margir hverjir eftir að reka upp stór augu í kvöld þegar ný auglýsing frá Reiknistofu bankanna verður frumsýnd. Þar mun sjálfur **Björgvin Halldórsson** stíga sín fyrstu skref í auglýsingabransanum og leika sjálfan sig. Auglýsingin snýst um auðkennislykil sem á að koma í veg fyrir stuld úr heimabönkunum á netinu. Hefur því verið fleygt fram að fyrst Kaupþing notaði **John Cleese** væri ekki hægt að fá einhverja minni stjörnu og reyndist Bó sá eini sem gat hugsanlega staðið jafnfætis bresku stórstjörnunni.

Fimmtugsafmælisveisla **Ólafs Ólafssonar**, stjórnarformanns Samskipa, var einstaklega glæsileg. Aðalnumerið var að sjálf sögðu **Sir Elton John** sem skemmti gestum í klukkustund og söng afmælisönginn fyrir Ólaf. Þegar gestir komu til veisluunnar lék **Björn Thoroddsen** fyrir gesti og síðan söng Karlaökur Reykjavíkur. Börn Ólafs og systkini voru því næst með skemmtiatriði og dóttir afmælisbarnsins söng lag sem var afmælisgjöf til hans. Ólafur dansaði svo við eigin konu sína, **Ingibjörgu Kristjánsdóttur**, uppi á sviði áður en Björgvin Halldórsson og **Bubbi Morthens** skemmtu með stórsveit.

Matur og vínföng voru að sjálf sögðu með glæsilegasta hætti í veislu Ólafs. Maturinn var til að mynda frá fjölmörgum löndum og voru það kokkar frá viðkomandi löndum sem sáu til þess að allt væri rétt borið fram. Þá vakti sérstaka athygli hversu vel var búið að kvenkyns gestum á salernum. Þar inni var boðið upp á ilmvatn og sokkabuxur ef ske kynni að hressa þyrfti upp á útlitið þegar leið á kvöldið. - fgg/hdm

Skrifast á við vörubílstjóra

10. bekkur S.D. í Njarðvíkurskóla tekur þátt í bréfaskeiðverkefni samtakanna Trucker Buddy, og er í bréfasambandi við vörubílstjórann Bruce Brandon í Bandaríkjunum. Þetta er eini bekkurinn utan enskumælandi landa sem tekur þátt í verkefninu. „Brandon sendir krökkunum bréf eða póstkort í hverjum mánuði, sem fara öll í gegnum mig,“ útskýrði enskukennarinn Sigríður Dúa Goldsworthy, sem á frumkvæðið að þátttökunni. „Krakkarnir mínir skrifa svo til hans í tíma hjá mér. Þau fá bæði æfingu í að skrifa og tjá sig á ensku og fá heilmikið menningarlega út úr þessu. Hann skrifar til dæmis um landafræði, menningu og staðhætti á mismunandi stöðum,“ sagði Sigríður.

Sigríður veit af hálf-íslenskum vörubílstjóra í Bandaríkjunum sem vill ólmur komast í bréfaskeiði við íslenskan bekk. „Kennarar sem



BEKKURINN MEÐ BÍLSTJÓRANUM SÍNUM Bruce Brandon heimsótti pennanvini sína í fyrravor á leið sinni til Írlands.

hafa áhuga á því mega endilega setja sig í samband við mig. Ég mæli virkilega með þessu,“ sagði hún.

Vörubílstjórinn Brandon heimsótti bekk Sigríðar á leið sinni til Írlands í fyrravor, og var í kjölfarið valinn Trucker Buddy desembermánaðar. „Við vorum búin að skrifa

honum heilan helling um Ísland, sem var ástæðan fyrir því að hann langaði að koma við. Við erum náttúrulega eins og aðrir Íslendingar og lýsum landinu eins og besta stað í heimi,“ sagði hún. „Hann er að hugsa um að heimsækja okkur aftur í mars þegar hann fer aftur til Írlands,“ bætti hún við.

ÚTSALA! ÚTSALA! ÚTSALA!



20-90% AFSLÁTTUR!

VERÐDÆMI 1:

70%AFSLÁTTUR!

Rúmgaflasett 140*200 með tveimur náttborðum,
mjög vandað, með góðri kiropraktor heilsudýnu
verð áður kr. 273.900

verð nú **kr. 136.500**

VERÐDÆMI 2:

50%AFSLÁTTUR!

Viscocomfort þrýstijöfnunardýnan með mjög góðri yfirdýnu
stærð 160*200cm
verð áður kr. 409.550

verð nú **kr. 122.865**

DRAUMARÚM | Bæjarlind 4, Kópavogi
Sími: 534 5200

www.draumarum.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EDA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Verðskrá fyrir milljarðamæringa

Ókeypis dansiball og frí máltíð í Laugardalshöll; enskt úrvalsdeildarlið í fallbaráttu; aurasálin John Cleese í auglýsingu; og 70 millur handa ellismellinum Elton John fyrir að spila í afmælisveislu – uss, þetta eru bara smáaurar miðað við þá fjármuni sem alvöru-audkýningar eyða til að láta sjálfum sér og öðrum líða vel.

Á síðustu tveimur árum hefur Íslandsvinurinn Roman Abramovitsj eytt um 49 milljörðum í skemmtileg leikföng handa sér, svo sem Chelsea knattspyrnufélagið og hina 375-feta löngu snekkju Pelorus (með áföstum þylupalli) og alvöru Boeing 767 þotu fyrir 7 milljarða fyrir utan kostnað við að breyta 350 manna farþegarymi vélarinnar í 30 manna borðsal.

Í FYRRA borgaði stálkóngurinn Lakshmi Mittal 7 milljarða fyrir 12 svefnherbergja húsnæði í Lundúnum mitt á milli Kensington-hallar sem tilheyrir Bretadrottningu og heimilis soldánsins af Brúnei. Meðal annars hleypti það húsnæðisverðinu upp að bílskúr fyrir 20 bíla fylgdi með í kaupunum.

Í DESEMBER borgaði fjölmiðlamógúllinn Rupert Murdoch þrjá milljarða fyrir íbúð við Fimmta stræti á Manhattan, seljandi var Lárus Rockefeller.

Í MAÍ keypti E. Stanley Kroenke (eigandi íshokkflíðs sem heitir Kólórado-snjóflóði) 70 þúsund hektara jörð í Bresku Kólumbíu fyrir verð sem toppar það sem tíðkast á gullströndinni í Skagafirði eða um 5 milljarða króna.

UPPLÝSINGARNAR hér að framan fékk ég á heimasíðu Forbes.com, en það er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að stúdera milljarðamæringa. Upplýsingarnar birta ég til þess að Reykvikingar (og borgarstjórnin okkar) hafi einhverja verðviðmiðun nú þegar búið er að auglýsa Fríkirkjuveg 11 til sölu. Sennilega er til of mikils mælst að við Reykvikingar fáum 7 milljarða fyrir slotið því að bílskúr fyrir 20 bíla er ekki innifalinn. En allt undir milljarði væri ekki milljarðamæringi sambodid samkvæmt verðskrá Forbes handa milljarðamæringum.

Beint flug vikulega frá 20. maí og til loka september



Lanzarote, stjörnum prýddur draumastaður á skínandi góðu verði.



Sumarferðir halda áfram að gera frábæra samninga við hótél á Lanzarote. Að þessu sinni býðst þér hið glæsilega Princesa Yaiza hótél og einnig Playa Flamingo íbúðahótelið á enn betra verði en áður. Sláðu til og innsiglaðu sumaríð með draumaferð til Lanzarote með Sumarferðum.



Princesa Yaiza * * * * *

Yaiza er stórkostlegt 5 stjörnu lúxushótél við Playa Flamingo ströndina á Playa Blanca. Hótelið er eitt það glæsilegasta sem stendur ferðamönnum til boða á Kanarieyjaklasanum. Á hótelinu er fjöldi framúrskarandi veitingastaða og verslana, business center, heilsulind og glæsilegur sundlaugargarður. Hótelið er á fallegum stað við ströndina, skammt frá fjölmörgum veitingastöðum meðfram standlengjunni og í hjarta bæjarins.



Verðdæmi: 62.548,- á mann m.v. 2 með 2 börn í svítu í viku frá 20. maí. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 74.321,-

Upplýsingar um aðstöðu	
Fjöldi herbergja	400
Fjöldi hæða	4
Gestamóttaka	Já
Lýftur	Já
Bar	Já
Barnadagskrá	Já
Barnalaug	Já
Fjarl. frá strönd	60 m
Fundaraðstaða	Já
Garður	Já
Handklæði við sundlaug	Já
Heilsurækt	Já
Leiksvæði fyrir börn	Já
Skemmtidagskrá	Já
Sólbekkir	Já
Sundlaug	Já
Tennisvöllur	Já
Veitingastaður	Já/5
Hárþurka	Já
Ísskápur	Já
Löftkæling	Já
Sími í herbergi	Já
Sjónvarp í herbergi	Já
Öryggishólf	Já

(Sjá frekari upplýsingar um hótelið á www.sumarferdir.is)



Playa Flamingo * * *

Flamingo er íbúðahótél við Playa Flamingo ströndina á Playa Blanca. Við hótelið eru tvær sundlaugar og við aðra þeirra er sérstök barnalaug. Á hótelinu er matvöruverslun. Fjölbreytt skemmtidagskrá er á Flamingo á daginn og fram á kvöld. Nóg er af leiktækjum fyrir börn og fullorðna, köfunarskóli á staðnum og skemmtisýningar á kvöldin. Íbúðirnar eru rúmgóðar og vel búnar með einu svefnherbergi og útsýni yfir garðinn, sjóinn eða hvortveggja.

Verðdæmi: 47.729,- á mann m.v. 2 með 2 börn í íbúð í 2 vikur 19. ágúst.–2. sept. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: 62.047,-

Upplýsingar um aðstöðu	
Fjöldi herbergja	200
Fjöldi hæða	2
Bar	Já
Barnadagskrá	Já
Barnalaug	Já
Fjarlægð frá strönd	50 m
Garður	Já
Leiksvæði fyrir börn	Já
Matvöruverslun	Já
Sólbekkir	Já
Sundlaug	Já
Svalir/Verönd	Já

(Sjá frekari upplýsingar um hótelið á www.sumarferdir.is)



Mundu eftir MasterCard ferðaávisuninni www.kreditkort.is

Allar frekari upplýsingar eru á www.sumarferdir.is Sími 575 1515 – Laugavegur 26 (gengið inn Grettisgötumegin)

www.sumarferdir.is Sími 575 1515

SUMAR FERÐIR – ERU BETRI EN AÐRAR!

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða simleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

... það er allt að verða vitlaust!



NÝ SENDING AF Wii ER KOMIN Í HÚS

ORMSSON

Sjá nánar á: www.wii.is SÍÐUMÚLA 9 · Sími 530 2800 | SMÁRALIND · Sími 530 2900 | AKUREYRI · Sími 461 5000 | KEFLAVÍK · Sími 421 1535